








FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
4. mars 2005 – 61. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

**FÖSTUDAGUR**



**SETTI HEIMSMET** Auðkýfingurinn Steve Fossett setti heimsmet í gærkvöld þegar hann varð fyrsti maðurinn til að fljúga hnattflug einsamall og án millilendingar. **Sjá síðu 2**

**1.500 HERMENN LÁTNIR** Mannfall í Írak vex dag frá degi en fimmtánhundraðasti bandaríski hermaðurinn týndi þar lífi í gær. Tífalt fleiri óbreyttir borgarar hafa dáið. **Sjá síðu 4**

**MÖRG BÖRN MEÐ VÍRUS** Á þriðja þúsund ungbörn hafa komið á bráðamóttöku Barnaspítalans frá því um áramót. Flest börnin hafa verið lögð inn vegna svokallaðrar RS-vírussýkingar. **Sjá síðu 6**

**RÁÐHERRA LÍST ILLA Á LEGU VEGAR** Samgönguráðherra líst illa á þær hugmyndir að leggja nýjan hálendisveg milli Reykjavíkur og Akureyrar eins og hugmyndir hafa komið fram um. **Sjá síðu 8**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**DÁLÍTIL SÚLD VESTAN TIL** Skýjað með köflum austan til og þurrt. Hægt hlýnandi veður. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**VALUR MÆTIR ÞÓR** Einn leikur fer fram í DHL-deild karla í handbolta. Valur tekur á móti liði Þórs frá Akureyri klukkan 19.15.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 30 | Myndlist | 32 |
| Tónlist | 32 | Íþróttir | 26 |
| Leikhús | 32 | Sjónvarp | 36 |


**Dagblaðalestur á föstudögum***




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, nóv. 2004.

# Gæslan siglir framhjá sköttunum

**Landhelgisgæslan keypti alla sína skipagasolíu í Færeyjum í fyrra og losnaði með því við greiðslu opinberra gjalda innanlands. Tollstjórinn í Reykjavík segir að þetta sé í lagi meðan olían sé ekki flutt milli skipa. Forstjórinn segir að olía hafi verið flutt milli skipa.**

**VIÐSKIPTI** Landhelgisgæslan keypti 1.335 þúsund lítra af skipagasolíu á varðskipin í fyrra og var öll sú olía keypt í Færeyjum. Með þessum viðskiptum sparaði Landhelgisgæslan 14 milljónir króna vegna þess að hún þarf hvorki að borga virðisaukaskatt né flutningsjöfnunargjald, hvorki í Færeyjum né á Íslandi.

Tollstjórinn í Reykjavík, Snorri Olsen, segir að sú hefð hafi skapast að ekki þurfi að greiða 24,5 prósenta virðisaukaskatt og flutningsjöfnunargjald upp á 15 aura kílóið af olíu sem keypt er erlendis meðan olían er ekki flutt milli skipa eða í land. Þessi hefð hafi skapast af praktískum ástæðum.

Erlendar útgerðir þurfa ekki að greiða opinber gjöld hér á landi þar sem um útflutningsviðskipti er að ræða. Sama gildir væntanlega þegar Íslendingar kaupa olíu í Færeyjum.

Landhelgisgæslan sparar sér því skatta og skyldur á olíuviðskiptum við Færeyinga auk þess sem olíuverðið er hugsanlega lægra. Heildareldsneytisviðskipti Landhelgisgæslunnar námu um 70-100 milljónum í fyrra og er því ljóst að þjóðarbúið og Flutningsjöfnunarsjóður hafa farið á mis við stórar fjárhæðir.

Georg Kr. Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir að olía hafi stundum verið flutt milli skipa ef ekki hafi verið til fyrir olíu hjá stofnuninni en olía hafi ekki verið flutt beint heim frá Færeyjum til að dæla á önnur skip, til dæmis varaskipið Óðin sem alltaf liggur til taks í Reykjavíkurhöfn.

Georg ætlar ekki að sætta sig við hátt olíuverð hér á landi og hyggst beina olíuviðskiptum stofnunarinnar til Færeyja meðan olíuverð er hátt innanlands. Hann ætlar þó ekki í stríð við olíufélögin.

**ghs@frettabladid.is**
**Sjá síðu 4**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**LÖGREGLUMENN Í REYKJAVÍKURHÖFN** Lögregluskólinn stóð fyrir æfingu í Reykjavíkurhöfn í gær. Lögreglumenn æfðu meðal annars björgun úr sjó.

Íslenska sendinefndin heldur blaðamannafund í Japan:

# Fischer er í einangrun

**FISCHER-MÁLIÐ** Hvorki Sæmundur Pálsson né Miyoko Watai, unnusta Bobby Fischer, fengu að hitta skákmeistarann í gær. Fischer er í einangrun og fær hvorki heimsóknir né að taka við símtölum.

Engin ástæða hefur verið gefin fyrir einangrun Fischers en fréttastofa Bylgjunnar sagði frá því í gær að Watai, unnusta Fischers, hefði kært til japanska dómsmálaráðuneytisins þá ákvörðun að hún fái ekki að hitta hann.

Guðmundur G. Þórarinsson, Einar S. Einarsson og Garðar Sverrisson komu til Tókýó í gærmorgun og munu þeir, ásamt Sæmundi og öðrum stuðningsmönnum Fischers, halda blaðamannafund í Japan í dag. Það verður útskýrt á hvaða forsendum sendinefndin hefur ferðast hálfan hring í kringum hnöttinn.

Verið er að kanna hvort hægt sé að afhenda lögfræðingi Fischers íslenska vegabréfið, og er reiknað með einhverjum svörum frá Þórði Ægi Óskarssyni, sendiherra Íslands í Japan, á morgun.

**- ss**



**FÆR EKKI AÐ HITTA FISCHER** Sæmundur Pálsson, góðvinur Bobby Fischer, fékk ekki að hitta Fischer í gær. Sæmundur er í Japan með íslenskri sendinefnd.



**EITT SKIPA GEEST** Velta Samskipa eftir kaupin á hollenska fyrirtækinu því sem næst tvöfaldast frá því sem nú er.

Samskip:

# Kaupa Geest

**VIÐSKIPTI** Tilkynnt var um kaup Samskipa á hollenska flutningafyrirtækinu Geest North Sea Line í gær en við kaupin verða Samskip eitt stærsta gámaflutningafyrirtæki í Evrópu og um 60 prósent af veltu félagsins verða vegna starfsemi þess erlendis.

Kaupverð er ekki gefið upp en það verður annars vegar fjármagnað með hlutafjáraukningu og hins vegar með lántökum. Nýr stjórnarformaður félagsins, Ásbjörn Gíslason, segir að nýr og spennandi kafli sé nú að hefjast hjá fyrirtækinu og sóknarfærin mörg.

**-aöe**
**Sjá síðu 2**

Verðkönnun Fréttablaðsins:

# Bónus lægri en Krónan

**MATVARA** Verðstríð er í algleymingi á matvörumarkaði og sést það glögglega á verðkönnun sem Fréttablaðið gerði í tíu matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu í gær. Keyptar voru inn algengar heimilisvörur og reyndist Bónus í öllum tilvikum vera með lægsta verðið. Krónan fylgir fast á eftir og er með næstlægsta verðið í öllum tilvikum nema tveimur.

Verðmunur á einstökum vörutegundum er mikill. Til dæmis nemur verðmunurinn á nýmjólk 181 prósenti og 364 prósentum á rauðum eplum.

**- aþ**
**Sjá síðu 6**





## SPURNING DAGSINS

*Ína, vildu náttúrufræðingar ekki bara sjá hvað ríkið væri að bjóða hinum?*

**Nei, við höfum alltaf farið þær leiðir sem okkur hugnast best óháð því hvað aðrir gera.**

Ína B. Hjálmarsdóttir er formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga. Félagið stóð eitt utan heildarsamnings Bandalags háskólamanna því það taldi að meiri tíma þyrfti til að hanna nýtt launakerfi fyrir þau öll.

Auðkýfingnum Steve Fossett tókst ætlunarverk sitt:

# Fór í kringum hnöttinn

**BANDARÍKIN, AP** Auðkýfingurinn Steve Fossett setti heimsmet í gærkvöld þegar hann varð fyrsti maðurinn til að fljúga hnattflug einsamall, viðstöðulaust og án millilendingar eða eldsneytisáfyllingar. Richard Branson, stofnandi Virgin-samsteypunnar og félagi Fossetts í ævintýramennskunni, fjármagnaði flugið.

Fossett lenti flugvél sinni, GlobalFlyer, á flugvellinum í Salinas í Kansas rétt fyrir klukkan átta. Þá hafði hann verið 67 klukkustundir á flugi og flogið alls 37 þúsund kílómetra.

„Þetta var eitthvað sem mig hafði langað að gera lengi,“ sagði Fossett eftir að hann steig út úr flugvélinni. Branson var einnig hæstánægður með félaga sinn. Hann opnaði kampavínsflösku og lét gusuna vaða yfir Fossett, svipað og kappakstursökumenn gera eftir að hafa unnið keppni. Um tíma leit út fyrir að Fossett tækist ekki ætlunarverk sitt því í fyrrakvöld lenti hann í miklum vandræðum þar sem eldsneytisbirgðir vélarinnar virtust mun minni en hann hélt.

Fossett, sem er sextugur, á einnig annað heimsmet því fyrir fáeinum árum fór hann einsamall hringinn í kringum jörðina í loftbelg án þess að millilenda. Það tók Fossett hins vegar fimm tilraunir að setja það heimsmet. ■



**GLAÐBEITTUR HEIMSMETAHAFI**
Steve Fossett stígur út úr vél sinni í Salinas í Kansas í gærkvöld.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Tilefnislausar líkamsárásir

**DÓMSMÁL** Þrír ungir menn voru í gær dæmdir til fangelsisvistar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hafa tvívegis sömu nóttina framið tilefnislausar líkamsárásir í miðbæ Reykjavíkur.

Þótti sannað að þeir hefðu gengið í skrokk á tveimur vegfarendum með hnefahöggum svo báðir hlutu talsverð meiðsl af og var litið til þess við ákvörðun refsinga að báðar árásirnar reyndust tilefnislausar samkvæmt vitnum í málinu. Refsingu allra var þó frestað til næstu þriggja ára svo lengi sem þeir halda skilorð en þeim var gert að greiða skaðabætur og málskostnað eða rúmlega 300 þúsund krónur. -aöe

Forstjóri Sjóbjörgunarstöðvarinnar:

# Leystur frá störfum

**SLYS** Forstjóri Sjóbjörgunarstöðvarinnar í Færeyjum var í gær leystur frá störfum eftir mikla gagnrýni frá þingmönnum færeyska þjóðþingsins vegna þess seinagangs er varð þegar sent var neyðarkall frá Jökulfelli. Þá liðu tæpar þrjár klukkustundir frá því að neyðarkallið barst þangað til björgunarþyrla stöðvarinnar var send af stað.

Var viðkvæðið það að ónógar upplýsingar hefðu borist til að réttlæta að senda þyrluna af stað en ekki var loku heldur skotið fyrir að mistök hefðu átt sér stað. Fimm manns björguðust þegar skipið fórst en sex skipverjar létu lífið. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**STÓRSKEMMDUR BÍLL**
Ungur maður skapaði stórhættu við fjölfarna götu á Akureyri þegar hann missti stjórn á bílnum sem hér sést.

Ungur ökumaður:

# Skapaði stórhættu

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður um tvítugt sem var undir áhrifum áfengis og vímuefna missti stjórn á bíl sínum á Glerárgötu á Akureyri í hádeginu í gær.

Ökumaðurinn stórskemmdi bíl eftir að hafa ekið niður tvö umferðarmerki og skilti. Hann ók upp á umferðareyju og yfir gatnamót og á aðra eyju þar til bifreiðin stöðvaðist á öfugum vegarhelmingi. Lögreglan handtók manninn og yfirheyrði. Honum var sleppt eftir að tekið hafði verið blóðsýni. - gag



**EITT SKIPA HINS NÝJA FÉLAGS SAMSKIPA** Eftir kaupin eru Samskip með 24 skip í föstum áætlunarsiglingum og 15 skip í öðrum sérverkefnum auk fjölda leiguskipa í tímabundnum verkefnum.

# Samskip í hóp þeirra stærstu

**Með kaupum sínum á hollenska flutningafyrirtækinu Geest North Sea Line eru Samskip orðin þriðja stærsta gámaflutningafélag í Evrópu og það stærsta á Íslandi. Nýr stjórnarformaður segir margvísleg tækifæri fram undan.**

**VIÐSKIPTI** „Þetta er vissulega afar stórt skref fyrir Samskip og stór biti að kyngja fjárhagslega en við erum fullir bjartsýni og teljum okkur hafa gert góð kaup,“ segir Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa erlendis, eftir að tilkynnt var að félagið hefði keypt hollenska gámafyrirtækið Geest North Sea Line. Með kaupunum verður sameinað fyrirtæki Samskipa og Geest eitt stærsta gámaflutningafyrirtæki í Evrópu og eru Samskip þar með orðin stærri en Eimskip.

Mun rekstur Samskipa erlendis verða sameinaður rekstri Geest og segir Ásbjörn, sem verður stjórnarformaður hins nýja fyrirtækis, að tækifærin samfara kaupunum séu mörg.

„Geest er mjög virt fyrirtæki í flutningageiranum og ég hef þegar fengið mikil jákvæð viðbrögð hvaðanæva að í Evrópu vegna þessara kaupa okkar. Fyrir það fyrsta féll flutninganet Geest afar vel að okkar kerfi og má segja að það hafi smellpassað. Þeir eru afar sterkir á Englandi og Írlandi og við höfum verið að leita hófanna um hríð með viðskipti þar. Við sjáum fyrir okkur aukin sóknarfæri þar og enn víðar og ég tel víst að kaupin opni ýmsar dyr sem ekki stóðu okkur opnar áður. Þess utan er fyrirtækið framarlega á tæknisviðinu og hefur til að mynda verið frumkvöðull í flutningi á 45 feta gámum til að ná sem bestri samkeppnisstöðu gagnvart flutningabílum.“

Allur gámarekstur Samskipa að undanskildum Íslandsflutningum verður undir hatti Geest en það verður engu að síður dótturfyrirtæki Samskipa. Áætlanir gera ráð fyrir að velta sameinaðs félags verði um 45 milljarðar króna með starfsemi í 19 þjóðlöndum auk umboðsmanna víðar.

Eimskip var um tíma einnig í viðræðum um kaup á þessu hollenska fyrirtæki sem nú tilheyrir Samskipum en að sögn Baldurs Guðnasonar, forstjóra Eimskips, var fallið frá kaupum þar sem verðhugmyndir Hollendinganna þóttu of háar. „Þarna er að ýmsu leyti um gott og framsækið fyrirtæki að ræða en þeir fóru fram á rúma 3,5 milljarða króna og það þótti okkur ekki fýsilegt. Á móti kemur að áherslur okkar liggja ekki á sama stað og hjá Samskipum.“ albert@frettabladid.is

Fyrrverandi framkvæmdastjóri Framsýnar:

# Dómur var staðfestur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir Karli Benediktssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins Framsýnar. Karl er dæmdur í tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa misnotað aðstöðu sína og stefnt fé sjóðsins í stórfellda hættu.

Karl er sakfelldur fyrir að hafa farið út fyrir umboð sitt til fjárfestinga þegar hann keypti fyrir hönd sjóðsins skuldabréf fyrir 51 milljón króna af syni sínum. Karl lét sjóðinn einnig kaupa sex milljóna króna skuldabréf af sjálfum sér og lána fyrirtæki sonar síns 34 milljónir. - th

Sílspikaðar löggur:

# Kleinuhringir út í kuldann

**STOKKHÓLMUR, AP** Á dögunum voru settar upp nýjar öryggisdyr í höfuðstöðvum sænsku lögreglunnar í Stokkhólmi. Það væri ekki í frásögur færandi ef þéttvaxnir laganna verðir væru ekki í mestu vandræðum með að komast þangað inn.

Öryggisdyrnar eru útbúnar á þann hátt að aðeins einn maður getur farið þar í gegn í einu og er umferðin metin með vigt. Reyni einhver sem er yfir 105 kíló að troðast í gegnum dyrnar segir tölva að aðeins einn komist í gegn í einu. Það er því ljóst að sænskir lögreglumenn verða að grenna sig vilji þeir komast inn á stöð. ■

## VATÍKANIÐ

**PÁFINN ALLUR AÐ HRESSAST** Embættismenn í Vatíkaninu greindu frá því í gær að líðan Jóhannesar Páls II páfa tæki stöðugum framförum eftir hálsaðgerðina sem hann undirgekkst í síðustu viku. Þeir búast jafnvel við að hinn 84 ára gamli páfi verði kominn til starfa um páskana.


SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur
Verð áður 2.790.000
Verð nú 2.590.000

=200.000
króna gengishagnaður
LEGACY

Verð á mán 29.956,-*

Í samstarfi við SP-FJÁRMÖGNUN HF

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði


Mjöll Frigg uppfyllir skilyrði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra:

# Viðbragðsáætlanir og verklagsreglur í vinnslu

**IÐNAÐUR** Klórverksmiðja Mjallar Friggjar á Akureyri uppfyllir í grunnatriðum kröfur og skilyrði sem sett eru, segir Alfreð Schiöth, sviðstjóri mengunarvarnasviðs Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Verksmiðjan hefur verið flutt frá Kópavogi, þar sem ekki fékkst starfsleyfi, til Akureyrar.

„Verksmiðjan er gangsert byggð fyrir efnagerð. Eldhólfun er til staðar í húsinu og meginkröfur Vinnueftirlitsins hafa verið uppfylltar. Síðan eru viðræður milli fyrirtækisins og slökkviliðsins um að fínpússa viðbragðsáætlanir og verklagsreglur,“ segir Alfreð.

Alfreð segir klórframleiðsluna koma snöggt upp á en slík framleiðsla hafi ekki verið í húsinu síðan 1994: „Lögregla og slökkvilið þurfa að setja sig inn í nýjar aðstæður fljótt og vel. Það er kannski meira en að segja það, en menn hafa verið duglegir og að mínu mati hefur það gengið vel.“

Alfreð segir Heilbrigðiseftirlitið hafa óskað eftir að bíll fylgi flutningi klórgassins norður landleiðina til öryggis. Því hafi verið fylgt. - gag



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**MJÖLL FRIGG Á AKUREYRI**
Sjafnarhúsið hafði ekki verið notað til klórframleiðslu síðan árið 1994. Við framleiðsluna er klórgas nýtt. Það er lyktarsterkt og því fer ekki á milli mála sleppi það í andrúmsloftið, samkvæmt heilbrigðiseftirlitinu.




### *Faglegasti bankinn*

Kannanir sýna að Íslandsbanka er best treyst og þykir hafa áreiðanlegustu vinnubrögðin af íslenskum bönkum. Þetta góða álit byggir á áherslu okkar á faglega þjónustu. Við erum stolt af þessari niðurstöðu og höfum sett markið á 100% fagmennsku.

ÍSLANDSBANKI | 100%

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 03.03.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,68 | 60,96 |
| Sterlingspund | GBP | 115,92 | 116,48 |
| Evra | EUR | 79,79 | 80,23 |
| Dönsk króna | DKK | 10,72 | 10,78 |
| Norsk króna | NOK | 9,71 | 9,76 |
| Sænsk króna | SEK | 8,81 | 8,86 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,58 |
| SDR | XDR | 92,51 | 93,07 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**109,54 -0,00%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Forstjóri Landhelgisgæslunnar:

# Ekki í stríð við olíufélögin

**OLÍUVIÐSKIPTI** Landhelgisgæslan á að kaupa eldsneyti af Skeljungi og getur gert það í Reykjavík, á Austfjörðum og í Færeyjum. Þetta er í samræmi við rammasamning um eldsneytiskaup Landhelgisgæslunnar, Hafrannsóknastofnunarinnar og Flugmálastjórnar sem tók gildi 1. nóvember.

Georg Kr. Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir að Gæslan muni kaupa skipagasolíu í Færeyjum meðan olíuverð er jafn hátt hér og raun ber vitni. Hann kveðst þó ekki vera að fara í stríð við innlendu olíufélögin.

Landhelgisgæslan getur keypt skipagasolíuna sem útflutningsvöru í Færeyjum og þarf ekki að standa skil á skatti vegna kaupanna hér á landi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa útgerðir stundað það lengi að kaupa olíu erlendis og sparað sér þannig virðisaukaskatt og flutningsjöfnunargjald.

Landhelgisgæslan keypti alla sína olíu í Færeyjum í fyrra. Fram til 1. nóvember var olían keypt af lægstbjóðanda á hverjum tíma.

Gæslan undirbýr mál á hendur olíufélögunum vegna verðsamráðs þeirra um árabil. **- ghs**



**GERT Í SPARNAÐARSKYNI**
Landhelgisgæslan kaupir alla sína skipagasolíu í Færeyjum til að spara peninga. Olíuverð þar er lægra, að sögn Georgs Kr. Lárussonar forstjóra Landhelgisgæslunnar.

Vélaborg:

# Stefnt af KB banka

**DÓMSMÁL** KB banki hefur höfðað einkamál á hendur Vélaborg ehf. Er það vegna búvéla sem bankinn telur að fyrirtækið hafi keypt á of lágu verði af Vélum og þjónustu hf. örfáum dögum fyrir gjaldþrot þess í september. Eigendur Vélaborgar áttu Vélar og þjónustu hf.

Verð búvélanna nam um þrjátíu milljónum króna. Samkvæmt upplýsingum bankans er það kostnaðarverð vélanna. Stefna KB banka byggir á því að eigendurnir hafi selt stóran hluta af veðsettum lager fyrirtækisins fyrir gjaldþrotið eftir að greiðsluáskorun hafi verið birt. Það sé ekki leyfilegt. **- gag**

Borgarráð:

# Lóðir fyrir námsmenn

**BORGARMÁL** Samþykkt var á fundi borgarráðs í gær að úthluta Byggingafélagi námsmanna lóðir undir allt að 200 námsmannaíbúðir við Klausturstíg og Kapellustíg í Grafarholti. Úthlutun þessi er í samræmi við loforð Reykjavíkurborgar frá síðasta sumri.

Framkvæmdir við íbúðirnar munu hefjast fljótlega. Deiluskipulag svæðisins var staðfest 17. febrúar. **-ss**



**MAREK BELKA**
Forsætisráðherrann fer fyrir minnihlutastjórn vinstrimanna.

Forsætisráðherra Póllands:

# Vill flýta kosningum

**VARSJÁ, AP.** Marek Belka, forsætisráðherra Póllands, lýsti því yfir í gær að hann hygðist segja af sér embætti eftir tvo mánuði. Hann hvatti pólska þingið til að samþykkja þingrof svo að hægt væri að boða til kosninga í júní, nokkrum mánuðum fyrr en ella.

Belka, sem fer fyrir minnihlutastjórn vinstrimanna sem nýtur mjög lítils fylgis, sagði að hann myndi ekki gegna forsætisráðherraembættinu lengur en til 5. maí, en þá vill hann að þingið greiði atkvæði um að rjúfa þing. ■

# 1.500 bandarískir hermenn fallnir

**Mannfall í Írak vex dag frá degi en fimmtánhundraðasti bandaríski hermaðurinn týndi þar lífi í gær. Tífalt fleiri óbreyttir borgarar hafa þó dáið frá því að innrásin var gerð á sínum tíma.**

**ÍRAK** Meira en fimmtánhundruð bandarískir hermenn hafa nú týnt lífi í Írak en mannfall óbreyttra borgara er í það minnsta tífalt meira. Tvær bílsprengjur sprungu í landinu í gær og fórust þrír í tilræðunum. Neyðarlög munu ríkja áfram í landinu.

Þrír bandarískir hermenn dóu í gær í átökum við uppreisnarmenn í Írak. Þar með hafa meira en 1.500 bandarískir hermenn farist í landinu síðan innrásin var gerð fyrir tæpum tveimur árum. Síðan Bush Bandaríkjaforseti lýsti því yfir 1. maí 2003 að stríðinu væri lokið hafa 1.364 dáið, þar af 1.030 í átökum.

Búast má við að þrýstingur á stjórnina muni vaxa ennþá meira enda er nú allt kapp lagt á að þjálfa íraskar öryggissveitir svo þær geti tekið við löggæslu í landinu. Enn eru yfir 120.000 bandarískir hermenn í Írak.

Engar nákvæmar tölur eru til yfir mannfall óbreyttra borgara síðan innrásin var gerð. Í haust áætlaði læknaritið Lancet að í það minnsta 100.000 manns hefðu farist en aðrar áætlanir gera ráð fyrir mun minna mannfalli. Breska stofnunin Iraqi Body Count telur að 16.000-18.000 óbreyttir borgarar hafi týnt lífi síðustu tvö árin.

Tvær bílsprengjur sprungu fyrir utan innanríkisráðuneytið í Bagdad í gær og fórust að minnsta kosti tveir lögreglumenn og fimmtán særðust. Þá var gerð bílsprengjuárás á lögreglumenn í Baqouba, sextíu kílómetra norður af höfuðborginni, og fórust tveir. Þar af var einn lögreglumaður.

Uppreisnarmenn beina spjótum sínum í æ ríkari mæli að íröskum lögreglumönnum og er skemmst að minnast tilræðisins í Hillah á mánudaginn en þá dóu 127 manns sem hugðust sækja um starf í öryggissveitunum.

Iyad Allawi, forsætisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar, tilkynnti í gær að neyðarlög myndu gilda í landinu í einn mánuð í viðbót svo að tryggja mætti öryggi borgaranna. Þau heimila stjórninni að setja á útgöngubann og fangelsa fólk án dóms og laga.

**sveinng@frettabladid.is**




**BRÓÐURMISSIR HARMAÐUR**
Íraskur maður grætur beiskum tárum yfir bróður sínum sem dó í bílsprengjuárás í Bagdad í gær. Í það minnsta 16.000 óbreyttir borgarar hafa dáið vegna átaka síðan ráðist var inn í landið í mars 2003.




Heimild: AP

Tollstjórinn í Reykjavík:

# Látið óáreitt

**VIÐSKIPTI** Tollstjórinn í Reykjavík, Snorri Olsen, segir að það verði látið óáreitt að stjórnendur fyrirtækja og opinberra stofnana eigi olíuviðskipti erlendis án þess að borga opinber gjöld meðan olíunni er ekki dælt milli skipa eða í land. Verði mikil tilhneiging til kaupa á skipagasolíu erlendis geti komið til endurskoðunar.

„Það getur auðvitað gerst að menn telji nauðsynlegt að breyta reglunum og setja skýrar reglur. Það getur verið að menn verði líka að skoða hvort þetta sé í lagi út frá samkeppnissjónarmiðum," segir hann. **- ghs**



**ZIPPO**
Nú er bannað að ferðast með frægustu kveikjara heims í bandarískum flugvélum.

Zippo-kveikjarar:

# Bannaðir í flugvélum

**PITTSBURGH, AP** Bandarísk flugmálayfirvöld hafa tilkynnt að framvegis verði bannað að ferðast með bensín, rafmagns- og gaskveikjara. Slíkur varningur hefur verið bannaður í almennum farangri en af öryggisástæðum eru kveikjararnir nú jafnframt ólöglegir í handfarangri.

Þetta þýðir að Zippo-kveikjararnir bandarísku hafa nú verið gerðir útlægir úr bandarískum flugvélum og þykir þá mörgum fokið í flest skjól. Talsmenn Zippo-fyrirtækisins búast við að sala á kveikjurunum muni dragast saman um þrjátíu prósent því þeir eru seldir ferðamönnum um allan heim. ■




## Veðrið

**HARÐUR VETUR??**
Hér á Íslandi finnst mörgum vera vor í lofti þó það sé helst til snemmt að búast við slíku í upphafi mars. En víða í Evrópu er og hefur verið harður vetur miðað við það sem telst venjulegt. Þannig hefur verið skítakuldi víðast við Miðjarðarhafið í alllangan tíma, sem og á sjálfum Kanaríeyjum. Er að frétta af fólki sem kemur kalt og kvefað þaðan, jafnvel með lungnabólgu. Og í sjálfri Kaupmannahöfn er og hefur verið snjókoma og í raun hörkuvetur. En svona er Evrópa í dag!!



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi í dag




### Á morgun




Strekkingur fyrir norðan, annars hægari. Súld eða rigning vestan til.

### Sunnudagur




Víðast fremur hægur vindur. Hætt við dálítilli súld vestan til.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | -1°C léttskýjað | París | 2°C skýjað | Torrevieja | 9°C skýjað |
| Osló | -1°C él | Prag | -4°C skýjað | Róm | 10°C skúrir |
| Stokkhólmur | -3°C skýjað | Amsterdam | -1°C skýjað | New York | 1°C skýjað |
| London | 5°C slydda | Varsjá | -1°C skýjað | Miami | 24°C skúrir |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Velkomin á danska daga

**40% afsláttur**



**799 kr/kg**
Verð áður 1.398,-

**Hamburgerryg** med ben



**399 kr/kg**
Verð áður 495,-

**Ribbensteg**



Magasin
**Kaffe**



Nyheder på danske dage

**Göl HOT DOG** pølser



Nyheder på danske dage

**Tulip** kylling



Direkte fra Danmark

**Grovhakket** leverpostej



Direkte fra Danmark

**Jensen´s** spareribs



Nyheder på danske dage

**De Danske Vægtkonsulenter**



Nyheder på danske dage

**Makrel** & røget **ålfilet**



Direkte fra Danmark

**Daloon** æbleskiver



Nyheder på danske dage

**Wienerbrødstjerne**

Gildir til 8. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Hleypa japönsk yfirvöld Bobby Fischer til Íslands?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 28% |
| Nei | 72% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefurðu farið á skíði í vetur?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

RS-veiran enn í fullum gangi:

# Versta sýkingin í níu ár

**HEILBRIGÐISMÁL** Á þriðja þúsund ungbörn hafa komið á bráðamóttöku Barnaspítalans frá því um áramót. Það er um 20 prósentum meira en á sama tíma í fyrra og stafar aukningin að stærstum hluta af RS-vírussýkingu sem hefur gengið undanfarnar vikur. Hún er sögð sú versta sem læknar hafa séð í ein níu ár hér á landi, þar sem hún leggst óvenjuþungt á börn.

„Janúar var þungur og febrúar ennþá þyngri," sagði Ingileif Sigfúsdóttir, deildarstjóri á spítalanum. Hún segir ekki vitað hvort faraldurinn sé á niðurleið.

Frá áramótum til loka febrúar hafa komið samtals 2.213 börn á bráðamóttöku spítalans. Ekkert barn hefur látist af veirunni, en sum þeirra hafa þurft að fara í öndunarvél. Á tímabili þurfti að opna svokallaða hágæslu í tengslum við vökudeildina. Þar lágu þau börn sem veiktust mest. Nú er mesta álagið á legudeildum spítalans.

Ingileif sagði að RS-vírusinn kæmi hingað til lands á hverjum vetri, en væri misjafnlega slæmur. Börn sem fengju hann mynduðu lítið mótefni og gætu því veikst oftar en einu sinni. En það væru yngstu börnin sem veiktust mest, því þau hefðu ekki myndað neitt mótefni.

- jss



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**INNLAGNIR**
Ung börn hafa þurft að leggjast inn á spítala af völdum RS-veirunnar. Á myndinni er Hrefna Jónsdóttir með litlu stúlkuna sína sem þurfti að leggjast inn á Barnaspítalann.

## EVRÓPA

**ERDOGAN HÖRUNDSÁR** Recep Erdogan, forsætisráðherra Tyrkja, sætir talsverðri gagnrýni í heimalandi sínu en hann lögsækir nú skopteiknara fyrir að teikna sig í kattarlíki á mynd. Erdogan sat á sínum tíma í fangelsi fyrir ljóðaupplestur og því þykir lögsóknin skjóta skökku við.



**LOTTÓDEILUR Í LITHÁEN** Óþekktur en óánægður lottóspilari í Litháen hringdi í fyrirtækið sem rekur lottóið þar í landi og hótaði að sprengja upp myndverið þaðan sem drátturinn er sendur út ef breytingar yrðu ekki gerðar á fyrirkomulaginu. Hann kvaðst þreyttur á slæmu gengi í happdrættinu.

Indónesískur eldklerkur:

# Dæmdur fyrir árásir á Balí

**JAKARTA, AP** Dómstóll í Indónesíu dæmdi í gær múslimaklerkinn Abu Bakar Bashir í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir aðild hans að sprengjuárásinni á Balí haustið 2002. Bashir var hins vegar sýknaður af alvarlegri ákærum, til dæmis að hafa fyrirskipað árásirnar.



**ABU BAKAR BASHIR**

202 týndu lífi í árásunum, flestir erlendir ferðamenn. Bandarísk og áströlsk stjórnvöld hafa gagnrýnt dóminn yfir Bashir harðlega, þar sem þau telja hann of vægan. Þau hafa haldið því fram að Bashir sé leiðtogi Jemaah Islamiyah-hryðjuverkasamtakanna en þau eru sögð tengjast al-Kaída. ■

Fulltrúi Kínverja:

# Hefur boðað afsögn sína

**HONG KONG** Tung Chee-hwa, æðsti fulltrúi kínverskra stjórnvalda í Hong Kong, tilkynnti í gær að hann hygðist segja af sér embætti vegna heilsubrests. Flestir telja þó að ástæða afsagnarinnar sé trúnaðarbrestur við ráðamenn í Beijing.



**TUNG CHEE-HWA**

Tung hefur stýrt Hong Kong frá árinu 1997 þegar borgin komst í hendur Kínverja á ný. Hann hefur alltaf verið óvinsæll hjá borgarbúum, sem telja að hann hafi ekki staðið við gefin loforð um lýðræðisumbætur. Hann þótti standa sig illa þegar bráðalungnabólgan geisaði vorið 2003 með tilheyrandi efnahagskreppu. ■

# Þrefaldur verðmunur á mjólk

**Í verðkönnun Fréttablaðsins reyndist verðið í Bónus vera lægst í öllum tilvikum. Krónan fylgir þó fast á hæla þeim í lágu verði og Nettó og Fjarðarkaup blanda sér einnig í baráttuna um lægsta verðið.**

**NEYTENDAMÁL** Verðstríðið er í algleymingi á matvörumarkaði. Það sést greinilega á verðkönnun sem Fréttablaðið gerði í gær í tíu stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu. Sumir eru þó virkari í stríðinu en aðrir. Bónus er í öllum tilvikum með lægsta verðið en Krónan fylgir fast á hæla þeim og er með næstlægsta verðið í öllum tilvikum nema tveimur. Aðrir sem blanda sér í baráttuna um lægsta verðið eru verslanirnar Nettó og Fjarðarkaup. Nettó er í tveimur tilvikum með næstlægsta verðið. Í öllum þessum fjórum verslunum er að finna verð sem augljóslega er undir innkaupsverði.

Verðmunur á einstökum vörutegundum er mikill, til dæmis er verð á rauðum eplum 364 prósentum hærra í 11/11 en í Bónus. Rétt er að taka fram að bæði í Bónus og Nettó var tilboð á Jonagold eplum. Kílóið kostaði 7 krónur í Nettó og 8 krónur í Krónunni. Mesti verðmunur á mjólk er 181 prósent og er hún einnig dýrust í 11/11. Egils Kristall er 72 prósentum dýrari í 10/11 og 11/11 en í Bónus. Minnstur er munurinn á verði á súrmjólk sem er 35 prósentum dýrari í 11/11 en í Bónus og verð á Rúbín kaffi er 35 prósentum hærra í Nóatúni en í Bónus.

Framkvæmd könnunarinnar var með þeim hætti að blaðamenn fóru í allar verslanirnar tíu á sama tíma. Farið var með vörurnar á kassa þar sem verðið var skannað inn. Þá gaf blaðamaður sig fram. Í flestum tilvikum fékk hann að skila vörunum en halda strimlinum, á tveimur stöðum var blaðamönnum gert að greiða fyrir vörurnar. Á listanum sem keypt var eftir var 21 vörutegund en tólf standa eftir. Ástæðan fyrir því eru misstórar og þar af leiðandi ósambærilegar pakkningar, til dæmis á kornflögum og þvottaefni, ófullnægjandi upplýsingar um magn á strimli, til dæmis á osti. Einnig var verðlagning á mismunandi forsendum, stykkjaverð/kílóaverð, til dæmis á agúrkum.

Rétt er að taka fram að verðkönnun sem þessi mælir eingöngu verð vöru en ekki þá þjónustu sem veitt er í verslununum.

steinunn@frettabladid.is

### Verðkönnun Fréttablaðsins 3. mars 2005

○ = Lægsta verð ○ = Hæsta verð

| Vörur | Bónus Kringlunni | Krónan Lágholtsv. | Samkaup Hafnarf. | Spar Bæjarlind | Nettó Mjódd | Fjarðark. Hafnarf. | Hagkaup Kringlunni | Nóatún Austurveri | 10/11 Barónsstíg | 11/11 Skipholti | Meðalverð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ali gróf lifrarkæfa | 178 | Ekki til | 209 | 206 | Ekki til | 206 | 198 | 198 | 200 | Ekki til | 199 |
| Nýmjólk 1 l. | 32 | 35 | 59 | 79 | 34 | 39 | 88 | 89 | 89 | 90 | 63 |
| Létt og laggott | 109 | 115 | 169 | 148 | 119 | 119 | 150 | 149 | 193 | 194 | 147 |
| Súrmjólk 1 l | 94 | 96 | 122 | 119 | 97 | 99 | 122 | 123 | 126 | 127 | 113 |
| Appelsínur | 45 | 49 | 99 | 159 | 51 | 59 | 104 | 158 | 195 | 179 | 110 |
| Rauð epli | 45 | Ekki til | 99 | 179 | 51 | 59 | 99 | 194 | 205 | 209 | 127 |
| Sveppir í lausu | 559 | 616 | 695 | 678 | 639 | 698 | 695 | 696 | 940 | 956 | 717 |
| Hvítkál | 75 | 92 | 146 | 138 | 93 | 119 | 127 | 148 | 159 | 149 | 125 |
| Svali (3 í pakka) | 69 | 71 | 129 | 129 | 79 | 109 | 126 | 99 | 159 | 155 | 113 |
| Egils Kristall 2 l | 133 | 189 | 203 | 204 | 139 | 148 | 203 | 205 | 229 | 229 | 235 |
| Rúbín kaffi | 329 | 369 | 439 | 398 | 339 | 348 | 439 | 449 | Ekki til | 448 | 395 |
| Eldhúsrúllur (4 stk.) | 129 | 199 | 190 | 325 | 389 | 258 | 189 | 199 | 199 | 289 | 237 |

Uppbygging miðbæjarins á Akureyri:

# Á annað hundrað hugmyndir bárust

**AKUREYRI** Skilafrestur alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni um uppbyggingu miðbæjarins á Akureyri rann út á þriðjudaginn. Alls bárust 140 hugmyndir víðs vegar að úr heiminum og segir Ragnar Sverrisson, talsmaður verkefnisins, að aldrei hafi fleiri hugmyndir borist í samkeppni af þessu tagi á Íslandi.

Verkefnið ber heitið Akureyri í öndvegi en það er fjármagnað af 13 fjársterkum fyrirtækjum með starfsemi á Akureyri. Ragnar segir kostnaðinn kominn í um 40 milljónir króna en þar af er verðlaunafé í hugmyndasamkeppninni um átta milljónir króna.

„Ein helsta ástæða þess að svo margir sendu inn hugmyndir í keppnina er að ráðgjafarfyrirtækið Alta kom að verkefninu strax í upphafi og því hefur verið staðið faglega að málum allan tímann. Við vorum að vonast eftir um 30 hugmyndum en áhuginn fór fram úr vonum bjartsýnustu manna,"segir Ragnar.



**RAGNAR SVERRISSON**
Frumkvöðull og helsti hvatamaður að Akureyri í öndvegi.

Úrslit í keppninni verða kunngerð 14. apríl og viku síðar fer fram verðlaunaafhending. Í kjölfarið verður haldin á Akureyri sýning á öllum hugmyndunum 140.

- kk


Fellihýsi, tjaldvagnar og húsbílar

SJÁÐU ÞAÐ NÝJASTA!

OPIÐ LAUGARDAG 12-16





Einstakt tækifæri!
Rýmingarsala á eldri árgerðum af fellihýsum og tjaldvögnum þessa helgi.
Frábært verð!

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR
Verslaðu við traustan aðila!

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is

STÓR HUMAR og risarækjur

Opið laugardag 10-14

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

- alltaf ódýrastir -

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70




**Finnbjörn Finnbjörnsson** og ferðafélaginn.

# Hjá TM er nóg að tryggja bílinn til að fá TM-Öryggi – *einfalt!*

Það er nóg að hafa skyldu- og kaskótryggingu á bílnum til að njóta afsláttar TM-Öryggis. Þegar unga fólkið eignast íbúð og fjölskyldu er hægt að bæta inn í TM-Öryggi þeim tryggingum sem þarf, allt eftir hentugleika.

**Gerðu þér greiða – kynntu þér bílatryggingar TM.**

TM

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN – *þegar mest á reynir!*** · SÍMI 515 2000 · tm@tmhf.is · www.tmhf.is

**BÍLAR**






Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og Baugur:

# Hjálpa börnum í Gíneu-Bissá

**BARNAHJÁLP** Baugur Group hefur undanfarið ár styrkt verkefni Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) í Gíneu-Bissá. Styrkurinn nemur 20 milljónum króna og er það hæsti styrkur sem íslenskt fyrirtæki hefur veitt til eins þróunarverkefnis.

Megintilgangur verkefnisins er að draga úr ungbarnadauða í landinu en þriðja hvert barn þar nær ekki fimm ára aldri. Um 440 börn njóta góðs af verkefninu og miða forsvarsmenn þess að því að bæta heilsugæslu barnanna, veita þeim næringu og félagslegan stuðning og vernda þau gegn misnotkun.



Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, er nýkominn frá Gíneu-Bissá en hann segir verkefnið hafa mjög mikla þýðingu í landinu því það er sárafátækt. „Þar fyrir utan styðja fá lönd við bakið á Bissáum og því hafði okkar heimsókn mikla þýðingu fyrir landið enda var vel tekið á móti okkur.“

Verkefnið mun standa yfir í eitt ár í viðbót.

**- shg**

**BÖRNIN FAGNA HJÁLPINNI**
Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, fór til Gíneu-Bissá ásamt fríðu föruneyti og var vel tekið á móti þeim.



**ÞJÓÐARGERSEMIN ÞINGVELLIR**
Til að ná fram þeirri tæplega klukkutíma styttingu milli Reykjavíkur og Akureyrar sem er grundvöllurinn fyrir nýjum hálendisvegi þarf að fara gegnum Þingvelli. Ekki er margir hrifnir af þeirri hugmynd.

# Líst illa á legu hálendisvegar

**Samgönguráðherra líst illa á þær hugmyndir að leggja nýjan hálendisveg milli Reykjavíkur og Akureyrar eins og hugmyndir hafa komið fram um. Hann telur fráleitt að slíkur vegur fari gegnum Þingvelli eins og áætlanir gera ráð fyrir.**

**SAMGÖNGUR** „Ég held að það sé alveg ljóst að slíkur vegur með tilheyrandi umferð og þungaflutningum færi aldrei gegnum Þingvelli,“ segir Sturla Böðvarsson samgönguráðherra um þá hugmynd að leggja nýjan hálendisveg milli Akureyrar og Reykjavíkur. Slíkur vegur mun stytta vegalengdina milli höfuðstaðanna um 80 kílómetra en aðeins ef farið er gegnum Þingvelli.

Hugmyndin um hálendisveg af þessu tagi er ekki ný en með vaxandi áhuga norðan heiða hefur málið komist á rekspöl og stutt er síðan stofnað var einkahlutafélagið Norðurvegur sem hefur það markmið að láta fara fram frumathuganir á hagkvæmni og kostnaði við lagninguna. Nokkrir stórir aðilar koma að verkefninu og hefur Andri Teitsson, framkvæmdastjóri Kaupfélags Eyfirðinga, eins stærsta hluthafa félagsins, látið hafa eftir sér að slíkur vegur sé nauðsyn eigi Akureyri að mynda almennilegt mótvægi við höfuðborgarsvæðið í framtíðinni. Samgönguráðherra segir vænlegra að sínu viti að reyna að stytta núverandi þjóðveg en leggja nýjan sem á kafla myndi liggja hátt í 800 metra hæð.

Ein meginröksemdin fyrir Norðurvegi er sá tímasparnaður sem næðist en tæplega klukkustundar stytting yrði milli Reykjavíkur og Akureyrar ef af yrði. Það er þó háð því að leyfi fáist til að fara um Þingvelli en samgönguráðherra er ekki sá eini sem líst illa á þá tilhögun. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra og formaður Þingvallanefndar, segir málið ekki hafa verið kynnt nefndinni og hún því enga afstöðu tekið en hann bendir á að Þingvellir séu friðlýstur helgistaður og þjóðgarður en ekki vegarstæði.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, formaður Landverndar, segir sömuleiðis að samtökin hafi ekki ályktað vegna þessara hugmynda um hálendisveg en segir skjóta skökku við að ætla að byggja upp hraðbraut gegnum þjóðarperluna. „Það er á skjön við þær hugmyndir að Þingvellir eigi að vera griðastaður og verndaður sem slíkur og mér dettur í hug að ef þetta verður raunin hafi umsóknin um að komast á Heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna verið byggð á röngum forsendum.“

**albert@frettabladid.is**



**STURLA BÖÐVARSSON**
Samgönguráðherra vill ekki hálendisveg um þjóðgarðinn.

Réttað yfir barnaníðingum:

# Misnotuðu nokkurra mánaða gömul börn

**FRAKKLAND, AP** Réttarhöld hófust í gær í Angers í Frakklandi yfir 66 manns sem eru grunaðir um að hafa misnotað 45 börn og þvingað þau til vændis.

Dómsmálið er hið stærsta sinnar tegundar í franskri réttarsögu en brotin stóðu yfir á árunum 1999-2002. Saksóknarar segja að foreldrar barnanna hafi nauðgað þeim og boðið vinum sínum að gera slíkt hið sama. Elstu börnin voru fjórtán ára gömul þegar brotin komust upp en þau yngstu voru aðeins sex mánaða. Fórnarlömbin þurfa ekki að bera vitni í dómssal því saga þeirra var tekin upp á myndband. Lýsingarnar sem þar koma fram eru svo hroðalegar að dómararnir hafa þegið áfallahjálp eftir að hafa hlýtt á vitnisburð barnanna. Einni stúlkunni var að sögn nauðgað í 45 skipti.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Á LEIÐ INN Í RÉTTARSALINN**
66 manns eru ákærðir fyrir að misnota 45 börn ítrekað.

Margir sakborninganna koma úr fátækrahverfi Angers og sumir þeirra segjast sjálfir hafa verið misnotaðir í æsku. Einhverjir þeirra kunna ekki að lesa og skilja ekki hvað þeim er gefið að sök. Verjendur sakborninganna kenna félagsmálayfirvöldum um að hafa ekki orðið misnotkunarinnar vör.

Allt að þrjátíu ára fangelsisvist bíður fólksins verði sekt þess sönnuð. ■

# Opið um helgina.
# Okkur væri sönn  að sjá þig.

ASKJA er nýtt bílaumboð fyrir Mercedes-Benz á Íslandi. Í tilefni þess að við opnum nú glæsilegan sýningarsal, ásamt aðstöðu til framúrskarandi viðhalds- og viðgerðarþjónustu fyrir Mercedes-Benz við Laugaveg 170, verður opið hjá okkur um helgina. Okkur væri sönn ánægja að sjá þig.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MÓTMÆLA BANDARÍKJAHER**
Vinstrisinnaðir mótmælendur sýna skrautleg mótmælaspjöld sín á útifundi í grennd við forsetahöllina í Manila, höfuðborg Filippseyja, í gær. Mótmælin beinast gegn sameiginlegri heræfingu bandarískra og filippseyskra hersveita. Mótmælendur líta á æfinguna sem ögrun við heimamenn.

Samgöngur við Viðey:

# Siglt frá miðborginni

**VIÐEY** Siglt verður frá gömlu höfninni í miðborginni út í Viðey í sumar, í stað þess að sigla frá Sundahöfn. Þetta kom fram í svari meirihluta borgarstjórnar við fyrirspurn sjálfstæðismanna á fundi borgarráðs í gær.

Siglingarleiðin verður fimmfalt lengri. Hún lengist úr einum kílómetra í fimm. Bæði kemur breytingin til vegna framkvæmda við Sundahöfn og vonar um að nálægð við aðrar siglingar, eins og hvalasiglingar, muni auka umferð út í Viðey. Árið 2007 er áætlað að ný hafnaraðstaða við Skarfagarð í Sundahöfn fyrir siglingar til Viðeyjar verði tekin í notkun. Samningur við Viðeyjarferjuna ehf. rann út um áramót, en var framlengdur til 30. apríl. Stefnt er að því að útboð á samgöngum við Viðey verði auglýst á sunnudag og nýr samningur taki gildi frá og með 1. maí.

Þá er einnig stefnt að því að útboð á veitingarekstri í Viðeyjarstofu verði auglýst á sunnudag og taki gildi frá og með 1. júní þegar samningur við Goðatorg ehf. rennur út.

**- ss**



**SÉÐ TIL VIÐEYJAR**
Siglt verður frá miðborg Reykjavíkur til Viðeyjar nú í sumar, en ekki frá Sundahöfn eins og verið hefur.


www.volkswagen.is




GOTT FÓLK McCANN

**Nú gefst þér tækifæri að gera bílinn þinn enn glæsilegri því við bjóðum upp á einstök aukahlutatilboð:** 15“ álfelgur á heilsársdekkjum á 78.000 kr. eða 16“ álfelgur á heilsársdekkjum á 95.000 kr. (meðan birgðir endast).

Frábært tilboð á Golf 1.6 Trendline: beinskiptur á 1.890.000 kr. og sjálfskiptur á 2.050.000 kr. Komdu og prófaðu nýjan Golf. Þú kynnist einstökum akstursesiginleikum um leið og þú ekur af stað í nýjum og ríkulega búnum Golf.




Álfelgur á mynd eru ekki innifaldar í verði.


Eitraður tréspíri:

# Sex manns á sjúkrahús

**NOREGUR** Sex manns voru flutt á sjúkrahús í Fredrikstad í vikunni eftir að hafa drukkið tréspíra. Einn maðurinn er orðinn blindur og fjórir liggja alvarlega veikir á sjúkrahúsi. Enginn er í lífshættu.

Trond Eide læknir undrast þetta mjög því nú standa yfir réttarhöld yfir bruggaranum Erik Fallo. Honum er gefið að sök að hafa síðastliðin þrjátíu ár bruggað eitraðan landa sem hefur dregið í það minnsta sjö manns til dauða. ■

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær var fjallað um málaferli á hendur fyrrverandi framkvæmdastjóra Japís. Átt var við þann sem gegndi starfinu frá 9. nóvember 2000 til 31. júlí 2002.

Dragnótaveiðum í Eyjafirði er lokið:

# Veitt var í þrjá daga

**FISKVEIÐAR** Dragnótaveiðum Sólborgar á veiðisvæðinu milli Hríseyjarvita og Hjalteyrar í Eyjafirði er lokið, þrátt fyrir að enn sé einn og hálfur mánuður þar til leyfi sjávarútvegsráðuneytis til fyrirtækisins rennur út. Þetta kom fram á fundi sjávarútvegsnefndar í gærmorgun, þar sem fulltrúar Kletts, félags smábátaeigenda á Norðurlandi eystra, fulltrúi Landssambands smábátaeigenda og fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins funduðu með nefndarmönnum.

Þetta er þriðja árið sem Brim hf. hefur fengið leyfi til veiða á þorski til áframeldis á svæðinu. Á þessu ári hafa um 15 tonn verið veidd í Eyjafirði öllum og þar af hafa um 13 tonn náðst lifandi. Að sögn Óttars Más Ingvasonar, framkvæmdastjóra Brims fiskeldis, var að þessu sinni veitt í þrjá daga innan leyfissvæðisins, en leyfið náði til 52 daga.

Pétur Sigurðsson, formaður Kletts, segir að því sé fagnað að veiðunum skuli vera hætt og að nú sé einungis veitt utan Hríseyjarvita. Á fundinum í gærmorgun hafi verið farið yfir leyfisveitinguna, sem smábátaeigendur í Eyjafirði hafa mótmælt. „Við erum ánægðir með þau svör sem við fengum og við vorum fullvissaðir um að svona ákvörðun yrði ekki tekin aftur. Að minnsta kosti myndi hún fara í allt annan farveg.“

**- ss**

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN



**FISKUR SETTUR Í KVÍAR**
Sólborg ÞH 270 veiðir ekki meira innan Hríseyjarvita þetta fiskveiðiár. Fundað var um málið í sjávarútvegsnefnd í gær.

Kostnaðaraukning um 30 milljónir króna:

# Birgðir af blóðstrimlum uppi í skáp

**HEILBRIGÐISMÁL** Þess hafa verið dæmi að einstaklingar ættu margra mánaða birgðir af blóðstrimlum uppi í skápum hjá sér áður en Tryggingastofnun breytti reglugerð um hjálpartæki 1. desember, að sögn Þuríðar Björnsdóttur, formanns Samtaka sykursjúkra.

Eins og fram kom í blaðinu í gær jókst kostnaður stofnunarinnar vegna blóðstrimla um 50 milljónir króna á tíu mánaða tímabili milli áranna 2003 og 2004.

Þuríður sagði að eldri reglugerð Tryggingastofnunar hefði verið gölluð og í raun boðið upp á ofnotkun af þessu tagi. Þessi tæki væru ekki ókeypis frekar en annað og það væru skattborgararnir sem borguðu brúsann þegar upp væri staðið. Ýmsir vankantar væru á gildandi reglugerð, þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar hefðu verið á henni. Væri unnið að því að sníða þá af.

Þuríður sagði að þeir sem greinst hefðu með sykursýki en væru í mataræðismeðferð þyrftu ekki að mæla sig. Í breyttri reglugerð hefði TR lækkað endurgreiðslur vegna strimlanna um 15 prósent til að stemma stigu við ofnotkuninni. Það þýddi aftur á móti að sá sykursjúki væri farinn að greiða 1.100 krónum meira en áður fyrir þriggja mánaða birgðir. Til viðbótar kæmi svo annar kostnaður vegna þessa flókna og erfiða sjúkdóms. **- jss**



**DÝR STRIMILL**
Samtals eru 50 strimlar í hverjum pakka. Strimillinn kostar tæpar 90 krónur.




**BROSAÐ MEÐAL ANDFÆTLINGA**
María krónprinsessa af Danaveldi þakkar áströlsku stúlkunni Alexöndru Seville fyrir blómvönd sem henni var afhentur í móttöku á vegum áströlsku geðheilsusamtakanna á hóteli í Sydney í gær. María er í fyrstu opinberu heimsókn sinni í heimalandi sínu frá því að hún giftist Friðriki krónprinsi í fyrra.





30 ára þróun. **Nýr Golf.**

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is


Gyðingahatari:

# Harðneitar helförinni

**FRANKFURT, AP** Réttarhöld fara nú fram yfir Kanadamanni af þýsku bergi brotnu en hann hefur þráfaldlega neitað því að helförin gegn Gyðingum hafi átt sér stað á sínum tíma. Slíkt er bannað í Þýskalandi og því situr hann nú í gæsluvarðhaldi í Mannheim á meðan málflutningur stendur yfir.

Ernst Zundel bjó í Kanada í rúma fjóra áratugi en var nýlega framseldur til Þýskalands. Hann hefur síðan á áttunda áratugnum gefið út áróðursrit til stuðnings nasistum þar sem helförinni er afneitað. Hægt er að nálgast heimasíðu ritsins í Þýskalandi og því óskuðu þarlend yfirvöld eftir framsali. ■



**ERNST ZUNDEL**
Það er lögbrot að afneita helförinni í Þýskalandi.

Könnun á verðlagi í borgum heims:

# Dýrast að búa í Ósló og Kaupmannahöfn

**SVISS** Ósló og Kaupmannahöfn eru þær borgir heims þar sem dýrast er að búa, að frátalinni húsnæðisleigu. Þetta er meðal niðurstaðna könnunar svissneska bankans UBS á verðlagi í 71 borg í öllum heimsálfum. Sé leigukostnaður íbúðarhúsnæðis talinn með færist London efst á listann. Reykjavík er ekki með í könnuninni.

Fall Bandaríkjadals hefur valdið því að bandarískar borgir færast talsvert niður á listanum frá því UBS-bankinn í Zürich gerði síðast slíka könnun fyrir tveimur árum. Að jafnaði er verðlag nú 10 prósent lægra í bandarískum en vestur-evrópskum borgum.

Til grundvallar útreikningnum liggja upplýsingar um verð á 115 tegundum vöru og þjónustu og 104 viðmiðunartölur um laun, launatengd gjöld og unnar vinnustundir í 13 atvinnugreinum.

Þær borgir þar sem ódýrast er að búa eru eftir sem áður indverska risaborgin Mumbai (Bombay), Karachi í Pakistan, argentínska höfuðborgin Buenos Aires og Austur-Evrópuborgirnar Kiev, Búkarest og Sofía. ■

**DÝRUSTU BORGIR HEIMS**

| Borg | Stuðull |
|---|---|
| Ósló | 115,5 |
| Kaupmannahöfn | 105,1 |
| Tókýó | 101,3 |
| Zürich | 100 |
| London | 99 |
| Stokkhólmur | 98,3 |
| Basel | 97,5 |
| París | 96,1 |
| Genf | 95,6 |
| Helsinki | 93,4 |
| New York | 91,8 |
| Dublin | 90,7 |
| Vín | 89,7 |
| Hong Kong | 89,1 |

Stuðullinn er reiknaður út frá verði á þjónustu, vörum og launum. Húsnæðiskostnaður er ekki inni í tölunum.

Viltu læra að nýta þér internetið betur?

Lærðu um:
- Grunnatriðin
- Tölvupóst
- Upplýsingaleit
- Leitarvélar
- Netverslanir
- Netsíma



Stutt, skemmtilegt og gagnlegt námskeið fyrir byrjendur og alla þá sem vilja nýta sér internetið betur!

Upplýsingar í síma 517-1944

Verð: kr. 11.900,-
möguleiki á 50% niðurgreiðslu frá stéttarfélögum

netvistun
www.netvistun.is

Ólöglegir starfsmenn verktaka:

# Gætu haft danskt atvinnuleyfi

**VINNUMARKAÐURINN** Tvö mál eru til meðferðar hjá lögreglunni í Reykjavík og Reykjanesbæ á ráðningu Eysteins Gunnars Guðmundssonar verktaka á Litháum sem taldir eru hafa starfað ólöglega hér á landi.

Í Reykjanesbæ hefur Eysteinn Gunnar verið ákærður fyrir brot gegn lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Hann er talinn hafa ráðið til starfa, fyrir hönd SK smáverka ehf. og Perlunnar ehf., sex Litháa í byggingarvinnu á vegum Húsaness þó að enginn þeirra væri með atvinnuleyfi hér á landi.

Málið var þingfest í janúar og mætti Eysteinn Gunnar fyrir dóm í vikunni en málinu hefur verið frestað nokkrum sinnum. Ljóst er að einn mannanna hafði atvinnuleyfi í Danmörku og er beðið upplýsinga frá danska Útlendingaeftirlitinu en vísbendingar eru um að hinir mennirnir hafi haft það líka.

Þá hefur lögreglan í Reykjavík verið að rannsaka ráðningu nokkurra Litháa til Perlunnar í haust, meðal annars samkvæmt ábendingu stéttarfélagsins Eflingar. Vonast er til að það mál skýrist eftir nokkrar vikur.

- ghs



**RÉÐ LITHÁA Í BYGGINGARVINNU** Eysteinn Gunnar Guðmundsson er talinn hafa ráðið Litháa til starfa án þess að þeir hefðu atvinnuleyfi hér á landi. Beðið er upplýsingar um atvinnuleyfi Litháa í Danmörku í máli gegn honum í Reykjanesbæ.

# Má klæðast múslimabúningi í skólanum

**16 ára gamalli breskri stúlku var í vikunni dæmdur rétturinn til að klæðast íslömskum búningi í skólanum. Þar með virðast Bretar ætla að fara aðra leið en Frakkar í þessum efnum.**

**BRETLAND.** Áfrýjunardómstóll í Bretlandi hefur úrskurðað að skólayfirvöldum í Luton hafi verið óheimilt að banna unglingsstúlku að klæðast íslömskum búningi í skólanum. Dómurinn þykir mikill sigur fyrir múslima sem telja sig víða eiga undir högg að sækja eftir að stríðið gegn hryðjuverkum hófst.

Shabina Begum, sextán ára, hefur í tvö ár barist fyrir að mega klæðast svonefndum jilbab-búningi í skólanum en slíkur fatnaður hylur allan líkamann, að höndum og andliti undanskildum.

Áttatíu prósent nemenda í Denbigh-skólanum í Luton eru múslimar. Auk hefðbundinna skólabúninga hefur stjórn skólans fram til þessa leyft stúlkum að klæðast shalwar kameez-búningi sem samanstendur af buxum og hnésíðri skyrtu.

Árið 2002 ákvað Begum að slíkur fatnaður samræmdist ekki trú sinni og því ákvað hún að taka upp jilbab-búninginn. Skólastjórinn bar því hins vegar við að með því væri gert lítið úr þeim sem notuðu shalwar kameez-klæðin og því væri ekki hægt að leyfa henni þetta. Hún fór í annan skóla þar sem aðrar reglur giltu en höfðaði jafnframt mál gegn sínum gamla skóla. Hæstiréttur úrskurðaði skólanum í vil í fyrra þar sem Begum gat ekki sýnt fram á að brotið hefði verið á rétti hennar til náms en nú hefur áfrýjunardómstóll komist að annarri niðurstöðu.

Í viðtali við Guardian sagðist Begum fagna niðurstöðunni mjög. „Dómurinn er sigur fyrir alla múslima sem vilja varðveita sérkenni sín þrátt fyrir fordóma og hræsni samfélagsins.“ Hún bætti því við að ákvörðun skólans endurspeglaði það andrúmsloft sem ríkir nú á Vesturlöndum eftir að stríðið gegn hryðjuverkum hófst eftir árásirnar 11. september 2001.

Í fyrra bönnuðu frönsk yfirvöld öll trúarleg tákn í skólum og vakti bannið mikla reiði múslima. Nú virðast Bretar hafa farið aðra leið því dómurinn hefur þau áhrif að skólar um gervallt Bretland verða að breyta reglum sínum í þessum efnum.

sveinng@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SHABINA BEGUM**
„Ég hef með þessu gefið múslimskum konum von og styrk,“ sagði hún í yfirlýsingu eftir að dómurinn var kveðinn upp.

DV

Heilbrigðisráðherra ætlar að bjarga gamla fólkinu á Sólvangi



– Segir ástandið alls ekki nógu gott
– Elliheimili sögð stytta líf fólks

DV – hefur þú séð DV í dag?

Útsalan hefst í dag

Ef þú ert mikill aðdáandi hreingerninga þá biðjumst við velvirðingar á því að valda þér vonbrigðum.
Með Pergo gólfefni verður þú að finna þér eitthvað annað að gera í frítímanum þínum.



Slitvörn
Rispuvörn
Höggvörn
Hljóðeinangrun
Rakavörn
Vörn gegn óhreinindum
Auðvelt að leggja

PERGO

Rými ehf
Háteigsvegi 7
Reykjavík
Sími 511 1100
Bréfsími 511 1110
RÝMI

Norsk hjón í klemmu:

# Lentu undir skriðdreka

**NOREGUR, AP.** Hjónin Knut og Elise Okkenhaug prísuðu sig sæl að komast heil frá því er skriðdreka var ekið yfir bíl þeirra á miðvikudagskvöld. Þau voru á leið heim af skíðasvæði í Norður-Þrændalögum þegar þau urðu þess var að Leopard-skriðdreki norska hersins kom brunandi á móti þeim. Knut stýrði bíl þeirra hjóna eins langt út í kant og hægt var, alveg upp að háum snjóruðningnum. En það dugði ekki. „Þá skreið skriðdrekinn yfir vinstri hlið húddsins, svo yfir framrúðuna og þakið, um hálfan metra inn á bílinn. Sá sem stýrði skriðdrekanum sá okkur greinilega ekki,“ hafði Aftenposten eftir bílstjóranum, sem komst hjá því að kremjast undir með því að halla sér eins og hann gat yfir í farþegahliðina.

Eftir að skriðdrekinn var farinn hjá sátu hjónin föst í flakinu uns rúta full af hælisleitendum ók hjá. Þeir drógu flakið upp á veg og losuðu hjónin úr því.

Skriðdrekinn var á fjölþjóðlegri heræfingu sem nú stendur yfir á svæðinu. ■



**LEOPARD-SKRIÐDREKI**
Áhöfn norsks skriðdreka sást ekki fyrir á heræfingu og ók yfir bíl Okkenhaug-hjónanna.



**SNJÓR Í FLÓRENS**
Vegfarendur um miðborgartorg Flórens, Piazza della Signoria, skýla sér með regnhlífum fyrir snjókomunni þar í gær. Óvenjukalt vetrarveður hefur gengið yfir meginland Evrópu undanfarna daga og hefur það meðal annars klætt alla Norður-Ítalíu hvítri ábreiðu, sem er mjög sjaldgæft þegar komið er fram í mars.



**WESTERN ENDEAVOUR**
Skipið lagðist að bryggju á Fáskrúðsfirði í rjómablíðu.

Kolmunni:

## Fyrsta löndun ársins

**BRÆÐSLA** Fyrsti kolmunnafarmurinn sem berst til Íslands á þessu ári kom til Fáskrúðsfjarðar á miðvikudag þegar írska skipið Western Endeavour landaði 2.100 tonnum hjá Loðnuvinnslunni. Aflinn veiddist vestur af Írlandi og var skipið tvo og hálfan sólarhring að sigla til Fáskrúðsfjarðar. Fremur sjaldgæft er að kolmunna sé landað á Íslandi á meðan loðnuvertíð stendur sem hæst. **- kk**



FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI MÁR GYLFASON

**INGIBJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR**
Ánægð með að Bryndís Hlöðversdóttir muni taka við af henni sem deildarforseti lagadeildar við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir:

## Ánægð með arftakann

**BIFRÖST** „Ég er mjög ánægð með þetta val. Bryndís hefur töluverða forystuhæfileika og í ljósi þess að margt er fram undan held ég að það sé gríðarlega gott að fá jafn reynslumikla manneskju og Bryndísi,“ segir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, fráfarandi deildarforseti lagadeildar Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Ingibjörg er að fara til annarra starfa við Viðskiptaháskólann. „Ég mun starfa við það sem mér líkar best við; kennslu og rannsóknir. Skólinn er alltaf að fara í gegnum róttækar breytingar og ekkert lát er á uppbyggingu,“ segir hún. **- amg**

### ASÍA

**NÁMUSPRENGING Í KÍNA** Í það minnsta ellefu manns fórust í sprengingu í námabæ í Kína í gær, þar af voru tvö skólabörn. Atvikið henti á heimili forstjóra námunnar en hann geymdi umtalsvert magn sprengiefna í húsi sínu. Árlega deyja mörg hundruð manns í Kína í sprengingum sem tengjast námum.





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ERAN/Landlist
Skynsemin velur
Gerið verðsamanburð
18 TÖFLUR
49 KR.
Colgate
18 tannhreinsityggjótöflur
4 MAC3 RAKBLÖÐ
459 KR.
Gillette MACH3
4 MACH3 rakblöð
EINN LÍTRI
43 KR.
EPLA SAFI
Bónusbrauðið er 1000g
Brauð samkeppnisaðila
eru aðeins 770g
EKKERT BRUDL
EITT KÍLÓ!
59 KR.
1000g
2 kíló
49 KR.
Hveiti
BÓNUS
12 RÚLLUR Í PAKKNINGU
12 wc RÚLLUR
175 KR.
SALERNISRÚLLUR
BÓNUS BLETTAEYÐIR
BÓNUS OXY MAGIC
800 GRÖMM
199 KR.
99 KR.
850g
Jordbær
Pampers
198 KR.
72ja blaða fylling
TÚNFISKUR
29 KR.
185g
B&K
72 einnota þvottaklútar
99 KR.
75 PURRKUR
engangs vaskeklude
Idol kvöldið:
Reyktur lax og grafinn
959 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1599kr.
EKKERT BRUDL
REYKTUR OG GRAFINN LAX
2 lítrar SYKURLAUST COLA
79 KR.
2 lítrar
69 KR.
250g
BÓNUS SNAKK
40% afsláttur við kassann
27 mynda einnota vél
BÓNUS
35mm FLASH Camera
199 KR.
27 mynda vél
SALTHNETUR
Peanuts
99 KR.
250g
M2 Cola
99 KR.
pokinn
Beikon
Allt að 40% lægra
Tilboðin gilda til sunnudags 6. mars eða meðan birgðir endast


Bónus
FERSKAR ALI SVÍNAKÓTELETTUR
779 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1298kr.
Ferskar ALI svínakótelettur
SVÍNAKJÖT
40% afsláttur við kassann
ANANAS I SKIVER
ANANAS – CRUSHED
3 Í KASSA
99 KR.
3 x227g
...fyrir góðan dag!
blandað
EKKERT BRUÐL
sérvalið
Súpukjöt
ÚRVALS SÚPUKJÖT
499 kg KR.
BLANDAÐ SÚPUKJÖT
299 kg KR.
BÓNUSÍS
2 LÍTRAR
159
2 LÍTRAR KR.
Vanillu Is
Súkkulaði Is 2
BÓNUS
Kjúklingur
HOLTA kjúklingavængir
164 kg KR.
45% afsláttur við kassann
Merkt verð 299kr.kg
45% afsláttur við kassann
89
2 lítrar KR.
KOLSÝRT VATN
Sjófryst ýsuflök
ROÐLAUS
BEINLAUS
Ýsa
SJÓFRYST ÝSUFLÖK
489 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 699kr.
EINN LÍTRI
99 KR.
BÓNUS
Borðedik
30% afsláttur við kassann
Ferskir bitar
HOLTA kjúklingalæri/leggir
329 kg KR.
45% afsláttur við kassann
Merkt verð 599kr.kg
SJÓFRYSTING tryggir gæðin
Holta-kjúklingur
Bónus býður betur!
10 BÓNUSPYLSUR
179
450g KR.
EKKERT BRUÐL
49
5 BRAUÐ KR.
BÓNUSBEIKON
599 kg KR.
UNGNAUTA HAMBORGARAR 10 x 115g
BÓNUS
10 x 115g hamborgarar
999 KR.
99
500g KR.
BÓNUS
sætt franskt sinnep
BÓNUS
10 BÓNUS VÍNARPYLSUR
FÍN PYLSUBRAUÐ
BÓNUS
BACON
vöruverð!
BÓNUSBEIKON
BÓNUS

360 gráður

FBL – GREINING: HVAÐ ER RS-VÍRUS?

# Skæð og bráðsmitandi kvefveira

Svokallaður RS-vírus hefur lagst óvenjuþungt á lítil börn á þessum vetri. Örtröð hefur verið á bráðamóttöku Barnaspítala Hringsins vegna þessarar árvissu pestar. Ekki er vitað enn hvort faraldurinn er í rénun, en vissulega er vonast til að svo sé.

**Hvar er RS-vírus?** Hann er kvefveira, sem kemur hingað til lands á ári hverju, leggst á fólk yfir vetrartímann og stendur yfirleitt í 2-3 mánuði. Hjá ungbörnum getur sýkingin valdið öndunarerfiðleikum vegna bólgu sem verður í smærri berkjum lungnanna. Veiran veldur annars kvefeinkennum og mörg börn fá einnig eyrnabólgu með sýkingunni.

**Bæði fullorðnir og börn fá þessa sýkingu.** Samkvæmt upplýsingum Barnaspítalans hefur mikill meirihluti barna fengið RS-sýkingu við tveggja ára aldur. Veiran veldur hins vegar ekki langvarandi ónæmi og þess vegna er algengt að fólk sýkist oftar en einu sinni af henni. Hún berst milli manna með nefslími eða munnvatni, til dæmis við hnerra eða hósta. Mest er smithættan eftir snertingu við smitaðan einstakling.



**Hver eru einkennin?** Langflestir þeirra sem sýkjast fá í byrjun kvef, nefrennsli og svo nefstíflu. Stundum fylgir hiti sýkingunni, einkum hjá litlum börnum. Hún nær yfirleitt hámarki eftir 3-5 daga og langflestir eru orðnir einkennalitlir eftir um það bil viku. Lítil börn og börn sem hafa þekktan asma fá stundum kröftugri einkenni í öndunarfærum, sem eru yfirleitt meira áberandi eftir því sem barnið er yngra.

**Að leita læknis.** Barnaspítalinn ráðleggur foreldrum að leita læknis ef barn fær stutt öndunarstopp vegna kvefsins. Einnig ef það fær asmaöndun. Einkenni byrja þá yfirleitt sem kvef og smávægilegur hósti. Svo kemur surg, píp eða ýl í brjóstið, hröð öndun og jafnvel erfiðleikar við hana. Þá getur RS-veiran valdið lungnabólgu. Þá eru einkennin hiti, hósti og hröð öndun sem getur verið erfið. Einnig ber að leita læknis ef barnið virðist drekka illa og vera að þorna. Þau börn sem eru í sérstakri hættu ef þau smitast af RS eru börn með meðfæddan hjartasjúkdóm, ónæmisbæld börn svo og mjög veik börn, sem hafa verið lengi á sjúkrahúsi.

## SPURT & SVARAÐ

VÍN Í MATVÖRUVERSLANIR



HELGA KRISTÍN AUÐUNSDÓTTIR

### Tímabært skref

Þverpólitískur hópur ungs fólks stofnaði á dögunum félags sem vill stuðla að því að léttvín og bjór verði selt í matvöruverslunum. Helga Kristín Auðunsdóttir, einn stofnandi félagsins segir tímabært að tekið sé næsta skref í átt að bættri vínmenningu.

**En hvers vegna einmitt núna?**
Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um afnám á sölu bjórs og léttvíns. Það eru 72 ár síðan áfengisbann var afnumið á Íslandi. Það var gert með þeim skilyrðum að höft í formi einkasölu yrðu tekin upp. Okkur hjá félaginu finnst að nú hafi nægileg aðlögun átt sér stað á markaðinum til að þjóðin sé tilbúin til að taka við áfengi í matvöruverslanir.

**Er fyrirkomulagið ekki ágætt eins og það er eftir að bjórinn kom og neyslan á sterkum vínum róaðist?**
Alltaf má gott bæta. Í umræðum á Alþingi árið 2002 kom fram að eftir að bjórinn hafði verið leyfður færu landsmenn betur með vín og kófdrykkja hefði vikið fyrir hófdrykkju. Við teljum að um leið og dregið verði úr frekari höftum á sölu, fræðsla aukin og umfjöllun verði gerð opnari, þá verði loks hægt að bæta vínmenninguna með markvissum hætti.

# Þyngstu refsingar krafist

**Réttarhöld hefjast í dag í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli ákæruvaldsins gegn Hákoni Eydal. Honum er gefið að sök að hafa myrt barnsmóður sína og fyrrverandi sambýliskonu, Sri Rahmawati, í júlí í fyrra.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VIÐ LEITINA Á KJALARNESI**
Lögregla og björgunarsveitir eyddu talsverðum tíma í að kemba fjörur og við leit í sjó á þeim stað er Hákon sagðist fyrst hafa hent líki Sri áður en hið sanna kom í ljós við frekari yfirheyrslur.

Í dag hefst fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur aðalmeðferð í máli ríkissaksóknara gegn Hákoni Eydal, banamanni Sri Rahmawati. Ákært er fyrir manndráp af ásetningi og farið fram á þyngstu mögulegu refsingu. Enn fremur verður gerð krafa um 22 milljónir í skaðabætur fyrir þrjú börn Sri.

Þegar liggur fyrir játning Hákonar á morðinu sem átti sér stað á heimili hans hinn fjórða júlí í sumar. Er honum gefið að sök að hafa slegið Sri meðvitundarlausa með kúbeini og ráðið henni bana með því að þrengja að hálsi hennar með belti. Við þingfestingu málsins viðurkenndi Hákon verknaðinn en sagðist ekki muna hversu oft hann hefði slegið kúbeininu í höfuð Sri né heldur hversu oft hann hefði þrengt að hálsi hennar.

Hákon hefur hins vegar lýst yfir óánægju sinni með niðurstöðu geðrannsóknar sem hann var látinn gangast undir. Hann taldi niðurstöðuna bæði ónákvæma og ranga að sumu leyti. Var hann þar fundinn sakhæfur en verjandi Hákonar segir dómstólsins að meta það.

### Gaf sig eftir þrjár vikur

Þrátt fyrir að Hákon hafi frá upphafi legið undir grun lögreglu um að vera ábyrgur fyrir hvarfi og síðar morðinu á barnsmóður sinni og fyrrverandi sambýliskonu, Sri Rahmawati, gengu yfirheyrslur illa. Hann tjáði sig lítið sem ekkert í hartnær þrjár vikur og neitaði staðfastlega sök, jafnvel eftir að staðfest var að blóð sem fannst bæði í íbúð hans og bíl væri örugglega úr Sri.

Var mikil leit gerð að Sri á þessum tíma en án árangurs og ekki komst skriður á rannsókn málsins fyrr en 27. júlí, þegar Hákon játaði að hafa losað sig við lík Sri á Kjalarnesi. Daginn eftir gekkst hann við morðinu. Þá hafði lögregla haft ið mikla leit að líki Sri við Hólsvík á Kjalarnesi en skammt þar frá átti fjölskylda Hákonar sumarbústað. Fljótlega varð lögreglu ljóst að sú staðsetning kom ekki heim og saman við frásögn Hákonar og við frekari yfirheyrslur benti hann að lokum á hraunsprungu í landi Hafnarfjarðar þar sem lík Sri og kúbeinið sem Hákon notaði við morðið fundust hinn þriðja ágúst.

### Farið fram á ævilangt fangelsi

Í 211. grein íslenskra hegningarlaga segir að hver sá sem svipti annan mann lífi skuli sæta fangelsi, ekki skemur en fimm ár, eða ævilangt. Hin almenna skilgreining á ævilöngu fangelsi fyrir íslenskum dómstólum er 16 ára fangelsi en minnst tvisvar hafa harðari dómar fallið vegna manndráps.

**ATBURÐARÁSIN:**
**5. júlí** Fyrst tilkynnt um hvarf Sri Rahmawati.
**6. júlí** Hákon Eydal handtekinn eftir að blóð finnst í íbúð hans.
**16. júlí** Ítarleg leit að Sri ber engan árangur.
**20. júlí** Niðurstöður DNA-prófa sanna að blóð í íbúð Hákonar var úr Sri.
**21. júlí** Gæsluvarðhald framlengt en Hákon neitar enn sök.
**27. júlí** Hákon játar að hafa fleygt líki Sri í sjóinn við Kjalarnes.
**28. júlí** Hákon játar að hafa orðið Sri að bana.
**3. ágúst** Lík Sri finnst í hraunsprungu við Hafnarfjörð.

Ómar Smári Ármannsson, sem hafði umsjón með rannsókn á máli Hákons fyrir hönd lögreglunnar í Reykjavík, vill ekki meina að rannsókn málsins hafi gengið illa og Hákon verið ósamvinnuþýður þrátt fyrir að tjá sig ekkert í þrjár vikur og gefa síðan lögreglu rangar upplýsingar. „Í fyrsta lagi er það hans réttur að segja ekkert og hann verður ekkert dæmdur af því. Hins vegar eru fordæmi fyrir að dómstólar taki tillit til þess ef sakborningur er samvinnuþýður og það er dómsins að meta hvort svo var í þessu tilfelli.“

Engin sérstök refsiákvæði eru í íslenskum lögum við því að afvegaleiða lögreglu eins og Hákon gerði þegar hann sagðist hafa hent líki Sri fram af klettum við Kjalarnes.



**VIÐ ÞINGFESTINGU**
Auk ákæru um manndráp af ásetningi er gerð sú krafa að Hákon greiði börnum Sri 22 milljónir króna í skaðabætur.

Ragnheiður Harðardóttir sem sækir málið fyrir hönd ákæruvaldsins segir ekki farið fram á ákveðna refsingu á hendur Hákoni þrátt fyrir orðalagið í ákæruskjali Ríkissaksóknara þegar málið var þingfest. „Það er ekki sérstaklega farið fram á lágmark eða hámark áður en málið kemur fyrir dómstóla, heldur tekið tillit til þess sem ákæruvaldið telur eðlilega refsiákvörðun.“

Ragnheiður segir ekki algilt að farið sé fram á ævilangt fangelsi fyrir manndrápsmál af þessu tagi. Til þess séu mál of ólík og velti á of mörgum atriðum til að eitt gangi yfir alla.

Verjandi Hákonar, Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður, viðurkennir að á brattann sé að sækja fyrir skjólstæðing sinn. „Það sem hefur ekki komið skýrt fram og hefur mikið með mál hans að gera er að það var mikill aðdragandi að þessu öllu. Fáir vita til dæmis að Sri meinaði honum að sjá og hafa barnið sitt og hann var búinn að ganga í gegnum miklar þrautir vegna þess. Að því leyti á hann skilið að fá vægari dóm en sá sem fremur morð vegna peninga eða þess konar hluta. Hins vegar skemmir fyrir hvernig hann lét eftir handtökuna og það verður mitt hlutverk í þessum réttarhöldum að lágmarka þá refsingu sem dómurinn ákveður.“

albert@frettabladid.is




**HEIMILI HÁKONAR EYDAL**
Hákon viðurkennir að hafa banað Sri Rahmawati í júlí síðastliðnum og að hafa flutt lík hennar til Hafnarfjarðar, þar sem hann faldi það í hraunsprungu.




**Austurver**
Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.–fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24

**JL-húsið**
Mán.-fös. kl. 9–21
Helgar 10–21

**Kringlan 1. hæð**
Mán.-mið. kl. 10–18:30,
fim. 10–21, fös. 10–19,
lau. 10–18, sun. 13–17

**Opið lengur**

Lyf & heilsa



# Raunveruleg **Kaffibylting**

Með nýju Senseo© kaffivélinni frá **Philips** og Senseo kaffinu frá **Merrild** getur þú notið þess að laga ilmandi nýtt kaffi á innan við mínútu.






*Í boði eru fjórar bragðtegundir. Léttristað, milliristað, dökkristað og koffeinlaust.*



Fylltu tankinn af fersku vatni.



Veldu Senseo pakkningu með eftirlætis bragðinu.



Settu einn eða tvo Senseo kaffipúða í vélina fyrir einn eða tvo bolla.



Þrýstu á hnapp eftir því hvort laga á einn eða tvo bolla.



Slakaðu á og njóttu freyðandi Senseo kaffisins.

Senseo
Merrild PHILIPS
www.senseo.com

**KYNNING** föstudag kl. 14-18 og laugardag kl. 12-17

| | |
|---|---|
| Hagkaup Kringlunni | Hagkaup Skeifunni |
| Hagkaup Spönginni | Hagkaup Smáralind |

**KYNNING**
Í DAG

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer **800 6680**
sími **568 2255**
HAGKAUPA

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Þriggja manna ráðherraskipuð stjórn fari með yfirstjórn Samkeppniseftirlitsins.

## Ný lög um samkeppnismál

Í frumvörpum þeim sem Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, lagði fram á Alþingi í vikunni um samkeppnis- og neytendamál felast margs konar nýmæli. Í viðtali við Fréttablaðið í gær segir Valgerður: „Róttækustu breytingarnar í frumvarpinu varða skipulag samkeppnisyfirvalda. Sjálfstæði stofnunarinnar eykst þannig að forstjóri hennar heyrir ekki beint undir ráðherra, eins og fyrirkomulagið er nú með forstjóra Samkeppnisstofnunar. Einnig verður skerpt á neytendamálum.“ Það var löngu orðin þörf á því að endurskoða samkeppnislög eða koma fram með ný frumvörp þar að lútandi. Samkeppnisstofnun hefur mjög verið í sviðsljósinu síðustu misseri, fyrst vegna afskipta sinna af grænmetis- og ávaxtamarkaðnum, þá vegna samráðs olíufélaganna og áður vegna athugunar á tryggingamarkaðnum og ýmissa annarra athugana sem stofnunin hefur gert. Það er mjög mikilvægt að til sé í landinu öflug stofnun sem sinnir samkeppnismálum, og þessi nýju frumvörp sem nú hafa verið lögð fram mega alls ekki draga úr samkeppniseftirliti með verðlagi, hringamyndun á markaði eða öðrum atriðum sem varða neytendur og fyrirtæki.

Það er ljóst af frumvörpunum að núverandi Samkeppnisstofnun verður algjörlega breytt, bæði hvað varðar skipulag og starfshætti, og hætt við að sú festa sem þar hefur náðst í starfseminni færist ekki sjálfkrafa yfir í hinar nýju stofnanir sem eiga að verða til með frumvörpunum.

Viðskiptaráðherra hefur lagt áherslu á breytingar á skipulagi samkeppnismála við kynningu á frumvarpinu, og þá væntanlega meðal annars við þriðja kafla laganna sem fjallað er um stjórnsýslu samkeppnismála. Þar er gert ráð fyrir að þriggja manna ráðherraskipuð stjórn fari með yfirstjórn Samkeppniseftirlitsins. Skulu stjórnarmennirnir skipaðir af ráðherra til fjögurra ára í senn ásamt varamönnum. Þeir skulu allir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og menntun sem nýtist á þessu sviði, segir í lögunum. Þar segir enn fremur: „Meiri háttar ákvarðanir skal bera undir stjórn til samþykktar eða synjunar.“ Þá segir að forstjóri skuli ráðinn af stjórninni, en hann annast síðan daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar.

Hið nýja stjórnskipulag leiðir hugann að þeim verkefnum sem mest hafa verið í sviðsljósinu hjá Samkeppnisstofnun undanfarin misseri. Samkvæmt þessu hefði forstjóri stofnunarinnar þurft að bera það undir pólitískt skipaða stjórn hvort fá ætti dómsúrskurð um það hvort starfsmönnum stofnunarinnar væri heimilt að gera húsleit hjá olíufélögunum og öðrum þeim fyrirtækjum sem tekin hafa verið til rannsóknar á undanförnum árum. Í núgildandi lögum heyrir stofnunin beint undir ráðherra, en ekki pólitískt skipaða stjórn. Það er ekki víst að stjórnin hefði samþykkt að leitað yrði eftir slíkum húsleitarheimildum en þó skal ekkert um það fullyrt. Ef hið nýja skipulag reynist veikja stofnunina er betur heima setið en af stað farið, en þetta á vonandi allt eftir að skýrast í umræðum um frumvörpin á næstu vikum. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Klókur

Engar breytingar er að sjá á hluthafaskrá Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, sem birt er á vef blaðsins þótt 10% eignarhlutur hafi skipt um hendur fyrir nokkrum dögum. Skýringin er ekki sú að gleymst hafi að uppfæra skrána heldur klókindi kaupandans, Kristins Björnssonar. Hann keypti í heilu lagi einkahlutafélagið Johnson sem var eigandi hlutabréfanna þannig að félagið er enn skráð fyrir bréfunum. Með þessu komst Kristinn framhjá reglum Árvakurs sem kveða á um forkaupsrétt annarra eigenda á öllum hlutum sem boðnir eru til sölu í félaginu.



### Ekki félög

Ekki er ólíklegt að ýmsir innan Árvakurs séu súrir yfir þessu en vitað er að fleiri hafa boðið bréf sín til sölu en ekki verið sáttir við kauptilboðin. Meðal þeirra sem sagðir eru hafa boðið hluti sína eru bræðurnir Haraldur og Leifur Sveinssynir, sem samtals eru skráðir fyrir17,7% hlutafjár. Kannski vill Kristinn kaupa þeirra hlut á sama verði og hann galt fyrir bréf Johnson ehf, en vandinn er sá að bræðurnir eru ekki félög og torveldar það viðskiptin.

### Í vondum málum

Á miðvikudaginn vitnuðum við í bloggskrif Össurs Skarphéðinssonar um vinahóp Samfylkingarfólks á Bifröst. Áður en blaðinu var dreift til lesenda hafði Össur breytt pistlinum á vefsíðunni. Reiðir flokksfélagar höfðu hringt í hann og skammað hann fyrir að gefa í skyn að ráðning Bryndísar Hlöðversdóttur að skólanum væri af pólitískum rótum runnin til að koma Ingibjörgu Sólrúnu á þing. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Össur breytir texta á vefsíðu sinni þar sem sneitt hefur verið að flokksfélögum. Á vefsíðunni Málbeinið upplýsir Gísli Baldvinsson að Össur hafi morgun einn í febrúar tekið út pistil sem hann hafði skrifað nóttina áður en þar skammaði hann Ingibjörgu Sólrúnu fyrir að koma ekki í veg fyrir að hugmyndir um einkarekstur grunnskóla yrðu reifaðar á ráðstefnu framtíðarhóps flokksins.

gm@frettabladid.is

## Örlítil leiðsögn í lestri

Davíð Oddsson utanríkisráðherra gaf í fyrradag út staðlað svar til nær allra fjölmiðla um skoðun sína á Evrópusamþykkt framsóknarmanna frá því um síðustu helgi. Svar Davíðs er fyrirboði um að nú muni verða framhald á hnútukasti milli leiðtoga ríkisstjórnarinnar í þessu máli. En eins og menn muna hefur þetta verið eitt af fáum átakamálum milli þeirra Halldórs Ásgrímssonar og Davíðs Oddssonar, þó það hafi legið niðri um nokkurt skeið – raunar lengst af þessu kjörtímabili. Nú hins vegar er ástæða til að ætla að þessi átök milli leiðtoganna geti verð hvatvísari og beinskeittari en áður. Tónninn í hinu staðlaða svari, sem Davíð gaf út og birtist m.a. í Morgunblaðinu í gær, er enda með slíkum undirtón í garð forsætisráðherra. Mogginn hefur svarið eftir svona: „Ef þessi texti liggur til grundvallar þá er engin breyting – ekki ef ég er læs – þá er það ekki.“ Ekki þarf að taka fram að þarna er utanríkisráðherra í raun að svara þeirri yfirlýsingu forsætisráðherra að þessi samþykkt marki tímamót hjá Framsóknarflokknum.

Almennt er ekki ástæða til að efast um læsi utanríkisráðherrans, en fyrst hann bryddar upp á efasemdum sjálfur – í það minnsta þegar um ályktanir Framsóknar er að ræða – er ekki í vegi að skoða hvað stendur í umræddri ályktun og bera það saman við hver stefnan var hjá Framsóknarflokknum fyrir samþykkt hennar.

Fyrst er þá að skoða hvað var samþykkt á flokksþinginu um síðustu helgi. Ályktunin um Evrópumál er vissulega ekki mjög skýr og fær falleinkunn fyrir málfræði og stíl. Davíð, og raunar fleirum, er því einhver vorkunn. En svona nokkuð getur vitaskuld gerst þegar átök eru um orðalag og lítill tími til stefnu. Það sem um ræðir hljóðar svona: „Á vettvangi Framsóknarflokksins skal halda áfram upplýsingaöflun og vinnu við mótun samningsmarkmiða og hugsanlegs undirbúnings aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Niðurstöðu þeirrar vinnu skal bera undir næsta flokksþing – til kynningar. Komi til aðildarviðræðna við ESB skulu niðurstöður slíkra viðræðna bornar undir þjóðaratkvæði.“

Það sem í þessu felst er, að auk sjálfsagðrar upplýsingaöflunar ætlar flokkurinn að vinna að: a) mótun samningsmarkmiða og b) hugsanlegum undirbúningi aðildarviðræðna.

Í DAG
DAVÍÐ OG EVRÓPUSTEFNA FRAMSÓKNAR



BIRGIR GUÐMUNDSSON

Til þess að komast að því hvað er nýtt við þetta, í hverju tímamótin sem Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra talar um felast, þarf að skoða hver staðan var fyrir þessa samþykkt. Í því sambandi er gagnlegt að skoða hvaða samþykktir voru gerðar á flokksþingi 2003 og hvað kosningastefnuskráin sagði. Þar er í báðum tilfellum byggt á skýrslu og niðurstöðu hinnar svokölluðu Evrópustefnunefndar flokksins, sem Jón Sigurðsson núverandi seðlabankastjóri stýrði. Í meginatriðum felur það í sér að byggja átti á EES-samningnum en knýja á um endurbætur á honum eða svokallaða uppfærslu til að tryggja íslenska hagsmuni í tengslum við stækkun ESB og þar með EES. Það ferli er nú um garð gengið og þótt náðst hafi samningar um hluta þeirra mála sem tengdust stækkuninni fékkst ekki sú uppfærsla sem óskað var eftir. Í Evrópustefnuskýrslu flokksins – sem er og var grundvallarstefnuplagg hans – er því síðan haldið opnu að náist ekki uppfærsla EES-samningsins skuli aðildarviðræður eða tvíhliðasamningar ekki útilokaðir. Orðrétt segir í skýrslu Evrópustefnunefndar: „Ef ekki reynist grundvöllur til að byggja á samningnum um evrópska efnahagssvæðið, þannig að hann fullnægi til framtíðar skilyrðum og markmiðum Íslendinga, skal ákvörðun tekin um það hvort *óskað skal viðræðna við Evrópusambandið um fulla aðild Íslendinga að því, m.a. á grundvelli þeirra skilmála og samningsmarkmiða sem Íslendingar setja sér, eða hvort leitað skal annarra valkosta*“ (leturbreyting BG).

Stóru tímamótin sem felast í samþykkt framsóknarmanna um síðustu helgi liggja þess vegna í því að þeir hafa formlega hafið að skilgreina „þá skilmála og þau samningsmarkmið“ sem umsókn eigi að byggja á. Í þeirri ákvörðun felst jafnframt yfirlýsing um að ekki muni hægt að byggja á EES-samningnum til framtíðar. Í samþykktinni felst líka ákvörðun um að aðildarumsókn sé sú leið sem flokkurinn kjósi til að bregðast við vanköntum EES, frekar en að leita tvíhliða viðræðna eða „annarra valkosta“ eins og það er orðað í skýrslunni sjálfri.

Þótt það sé rangt hjá Davíð Oddssyni utanríkisráðherra að ekkert nýtt felist í Evrópuályktun framsóknar um síðustu helgi, þá er ekki þar með sagt að utanríkisráðherrann sé ekki læs. Ályktunin var að sönnu loðin, en þegar verið er að dæma um hvort breytingar hafi orðið, þá er hollt að lesa líka og meta það sem áður hafði verið sett á blað. ■

### Athugasemd frá Bondevik

Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, hefur sent Fréttablaðinu eftirfarandi athugasemd: „Með tilvísun til leiðara Fréttablaðsins 1. mars vil ég taka af öll tvímæli um að starfsbróðir minn og vinur, Halldór Ásgrímsson, hefur ekki blandað mér inn í nein áform sem hann kann að hafa um aðra ríkisstjórn. Ég sagði við Fréttablaðið 28. febrúar að breytingar gætu orðið á afstöðu Íslands til aðildar að Evrópusambandinu ef Framsóknarflokkurinn mundi styðja aðild árið 2007, þar sem slíkt er nú þegar á stefnuskrá Samfylkingarinnar. Aftur á móti talaði ég ekkert um hugsanlegt stjórnarsamstarf þessara tveggja flokka.“




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
VISIR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



AFGREIÐSLUTÍMI:
föstudag.... 9 - 19:30
laugardag.... 10 - 16
tilboðin gilda til laugardagsins 5.mars
eða á meðan birgðir endast
VELKOMIN
698kg-
NAUTAHAKK MAGNPAKKNING
2.5kg.
48kg-
RAUÐ EPLI
49kg-
APPELSÍNUR
Pampers
Baby Dry
898-
PAMPERS BLEYJUR
stór pakki
KAUPAUKI
PAMPERS BLAUTKLÚTAR FYLGJA FRÍTT MEÐ
69kg-
BANANAR
985kg-
LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
94
MYLLU HEIMILISBRAUÐ
770gr.
L&L
109-
LÉTT & LAGGOTT
Smjörvi
115-
SMJÖRVI
219-
MERRILD KAFFI
500gr.
899kg-
FK JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
Nýmjólk
35-
NÝMJÓLK
1l.
35-
LÉTTMJÓLK
1l.
skyr.is
41-
SKYR.IS
200gr.
1dós
779kg-
FK BAYONNES-SKINKA
Cheerios
Kellogg's
CORN FLAKES
275-
KELLOGGS KORNFLÖGUR
1kg.
99
FIS WC PAPPÍR
8 rúllur
335-
CHEERIOS
992gr.
695-
COCA COLA
4 x 2l.
KAUPAUKI
2 KÓKGLÖS
FK
FJARÐARKAUP
ekki bara verð!

# Stytting eða skerðing náms til stúdentsprófs?

UMRÆÐAN
FRAMHALDS-SKÓLINN



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON
ALÞINGISMAÐUR

**Stytting sem gengisfellir stúdentsprófið má alls ekki eiga sér stað en samkvæmt tillögunum sem liggja fyrir á að skerða innihald námsins.**

Boðaðar breytingar á námstíma til stúdentsprófs eru væntanlegar og valda nokkrum deilum í skólasamfélaginu enda margt gagnrýnivert í tillögunum sem fyrir liggja um styttinguna. Það markmið að almennt útskrifist nemendur fyrr er gott og tel ég að við eigum að stefna að því. Öllu skiptir hins vegar hvernig er staðið að hlutunum og eins og upplegg menntamálaráðherra virðist vera ber þar margt að varast. Útgangspunkturinn hlýtur að vera sá að stytta eigi námstímann en ekki að skerða stúdentsnámið eða gengisfella. Markmiðið getur varla verið að spara, fækka störfum og skera niður. Eða hvað?

Samþætting skólastiganna fjögurra er markmið út fyrir sig og stytting á námstíma gefur gott færi á því ef rétt er að staðið. Það þarfnast hins vegar talsverðrar aðlögunar og endurskoðunar á menntun kennara. Of fáir grunnskólakennarar eru með stærðfræði sem aðalkjörsvið og þá má stytting á námstíma alls ekki verða til þess að skerða kennslu í þriðja máli eins og lítur út fyrir að verði. Fjölda annarra atriða þarf að gæta að til að markmiðið náist en það hlýtur að vera betra skólakerfi og betra stúdentspróf.

Stytting sem gengisfellir stúdentsprófið má alls ekki eiga sér stað en samkvæmt tillögunum sem liggja fyrir á að skerða innihald námsins og samanreiknað við fjölgun nemenda að fækka kennurum. Svona á ekki að standa að málum. Stytting á að byggjast á því að gæði námsins aukist, skólarnir haldi stöðu sinni og fjölbreytileika og þeir batni við breytinguna. Það eiga að vera forsendurnar ófrávíkjanlegu.

Þá skiptir miklu máli hvaða áhrif þetta hefur á verknámið. Þessum breytingum þarf að fylgja öflugt átak til þess að efla iðnnámið verulega frá því sem nú er og hefja það til vegs og virðingar og gera að raunhæfum kosti fyrir allan þorra nemenda. Viðhorfinu til þess verður að breyta.

Segja má að stytting náms til stúdentsprófs hafi nú þegar farið fram að hluta. Menntaskólinn Hraðbraut býður t.d. upp á tveggja ára nám, Menntaskólinn við Sund upp á þriggja ára nám í gegnum bekkjarkerfið og fjölbrautaskólarnir bjóða að sjálfsögðu upp á mjög breytilegan námshraða.

Því vaknar spurning um hvort lengra þurfi að ganga. Er ekki allt í lagi að nokkrir bekkjarkerfisskólar bjóði upp á fjögurra ára nám til stúdentsprófs kjósi nemendur þá leið? Sérstaklega í ljósi þeirra fjölbreyttu flóru sem nú er í framhaldsskólamenntun á Íslandi. Er ekki nær að efla verknámið af fullum þunga? Þessi umræða mun væntanlega fara fram af krafti á næstu vikum og mánuðum enda að mörgu að hyggja þar sem um grundvallarbreytingu á menntakerfinu er að ræða. ■

# Rangfærslur um tekjuójöfnuð

UMRÆÐAN
TEKJUSKIPTING



HANNES G. SIGURÐSSON
HAGFRÆÐINGUR

Í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ, Tekjuskipting á Íslandi, sem gefin var út haustið 2001 er að finna ítarlega greiningu á þróun tekjuskiptingar á landinu og samanburð við önnur lönd. Meðal niðurstaðna er að tekjuskipting hafi orðið ójafnari í flestum þróuðum ríkjum sem einkum megi rekja til meiri launamunar milli faglærðra og ófaglærðra starfsmanna. Fram kemur að margir reki þessa þróun til alþjóðavæðingar og tækniframfara. Alþjóðavæðingin haldi aftur af launum ófaglærðra á Vesturlöndum og tækniframfarirnar leiði til aukinnar umbunar fyrir menntun, sem hvort tveggja komi fram í breiðara launabili.

## Aukinn jöfnuður í uppsveiflu

Í skýrslunni kemur fram að dreifing atvinnutekna hér á landi ákvarðist að verulegu leyti af þróun efnahagsmála. Uppsveiflur virðast koma tekjulágum fremur vel og þá minnkar tekjuójöfnuður en þegar efnahagslægðir ganga yfir eykst ójöfnuður. Þessi niðurstaða á sérstaklega við um tekjur einstaklinga en síður um tekjur hjóna. Það kemur því ekki á óvart að tekjuójöfnuður hafi aukist milli áranna 1988 og 1994 en þá ríkti efnahagslægð í landinu. Aukning ójöfnuðar í efnahagslægð stafar hins vegar ekki einungis af auknu atvinnuleysi í efnahagslægðum heldur ekki síður af minni yfirvinnu, en einstaklingar í neðri hluta tekjudreifingarinnar reiða sig meira á yfirvinnutekjur en þeir sem ofar eru og sem gjarnan eru á föstum launum.

## Mælikvarðar á tekjujöfnuð

Svokallaðir Gini-stuðlar eru notaðir sem mælikvarðar á tekjujöfnuð. Ef stuðullinn er 0 eru allir með sömu tekjur og ef hann er 100 er einn maður með allar tekjurnar. Lágur stuðull sýnir því mikinn jöfnuð og lækkandi stuðull yfir tíma sýnir aukinn jöfnuð. Í meðfylgjandi súluriti úr skýrslu Hagfræðistofnunar er samfelld röð Gini-stuðla fyrir Ísland frá árinu 1980 og eru þeir byggðir á framtöldum tekjum einstaklinga til skatts. Þar sem stuðst er við atvinnutekjur fyrir skatt koma hvorki skattkerfið né barna- og vaxtabætur inn í myndina. Stuðlarnir sýna að tekjuskiptingin hafi verið tiltölulega stöðug fram á miðjan níunda áratuginn en á síðari hluta áratugarins hafi ójöfnuðurinn farið vaxandi. Mesta stökkið er á árinu 1989. Síðan er tekjuskiptingin nokkuð stöðug á árunum 1990-1992 en ójöfnuður eykst aftur árið 1993 og nær hámarki árið 1994. Á tímabilinu 1996-1999 fer ójöfnuðurinn síðan minnkandi ár frá ári. Þessar staðreyndir eru ekki beinlínis til þess fallnar að standa undir staðhæfingum um að tekjuójöfnuður hafi stöðugt farið vaxandi hér á landi. Þessar tölur gefa ekki tilefni til ályktana um bein tengsl á milli einstakra ríkisstjórna og breytinga á tekjuskiptingu. Áhrif stjórnvalda eru einkum almenns eðlis og koma annars vegar fram með efnahagsstefnunni og áhrifum hennar á atvinnustig og hins vegar í kerfisumbótum, t.d. auknu frjálsræði, opnun markaða og aukinni samkeppni, sem áhrif hafa á hagvöxt.




**TEKJUÓJÖFNUÐUR EINSTAKLINGA 1980-1999.** Gini-stuðlar. Lækkun þýðir aukinn jöfnuður.
*Heimild: Tekjuskipting á Íslandi. Haustskýrsla 2001. Hagfræðistofnun.*

## Stöðug tekjudreifing eftir skatt

Hagstofa Íslands birtir reglulega dreifingu ráðstöfunartekna hjóna eftir tíundarhlutum sem byggð er á skattgögnum. Ráðstöfunartekjur eru skilgreindar sem atvinnutekjur að viðbættum greiðslum úr lífeyrissjóðum og almannatryggingum, vaxta- og barnabótum að frádregnum beinum sköttum. Þar er framteljendum raðað í vaxandi röð eftir tekjum og þeim síðan skipt í tíu jafnstóra hópa. Í fyrsta hópnum eru þau 10% framteljenda sem hafa lægstar tekjurnar og að sama skapi inniheldur tíundi hópurinn þau 10% framteljenda sem hafa hæstu tekjurnar. Meðalfjárhæðir eru reiknaðar fyrir hverja tíund. Á tímabilinu 1999-2003 var hlutfall ráðstöfunartekna hjóna í efstu og neðstu tekjubilunum mjög stöðugt og var hæsta tíundin með tæplega fimm sinnum hærri ráðstöfunartekjur en sú lægsta allt tímabilið. Þannig var hlutfallið milli hæstu tíundarinnar og þeirrar lægstu 4,82 árið 1999 og var komið upp í 4,98 árið 2003. Samanburður á milli næsthæstu tíundarinnar og þeirrar næstlægstu sýnir enn meiri stöðugleika í kringum tvö og hálffaldan mun. Þannig var hlutfallið 2,43 árið 1999 en 2,47 árið 2003. Niðurstaðan er því sú að óveruleg breyting hafi orðið á tekjuskiptingunni frá 1999.




**DREIFING RÁÐSTÖFUNARTEKNA HJÓNA 1999-2003** Hlutföll milli hæstu og lægstu tíunda.

## Tekjujöfnuður einna mestur hér

Í umræddri skýrslu Hagfræðistofnunar var komist að þeirri niðurstöðu, á grundvelli gagna frá Alþjóðabankanum og úr neyslukönnun Hagstofunnar fyrir árið 1995, að tekjujöfnuður væri einna mestur á Íslandi af löndum heims. Einungis Slóvenía bjó við meiri jöfnuð en Ísland. Ísland var með Gini-stuðulinn 21 (lágur stuðull þýðir mikill jöfnuður) en Norðurlöndin stuðul á bilinu 25-26. Bretland var með 36 og Bandaríkin 41. Það þarf því mikið að gerast til þess að komast upp í stuðla Norðurlandanna og grundvallarbreyting að eiga sér stað til að nálgast tekjuójöfnuð í Bretlandi og Bandaríkjunum. Tölur Hagstofunnar benda ekki til þess að nokkur breyting hafi orðið á stöðu Íslands í þessum alþjóðlega samanburði.

## Kjarabætur og ójöfnuður

Fyrirliggjandi gögn sýna að engin innistæða er fyrir fullyrðingum um vaxandi ójöfnuð á Íslandi yfir tíma og í alþjóðlegum samanburði. Það er mjög slæmt fyrir opinbera umræðu á Íslandi að þær fari fram á grundvelli fullyrðinga sem stangast fullkomlega á við staðreyndir.

Aukinn ójöfnuður þarf ekki að vera slæmur fyrir almenning og getur hæglega átt sér stað á sama tíma og kjör allra landsmanna fara batnandi. Fjölgun hálaunastarfa umfram önnur störf mælist sem aukinn ójöfnuður og eigi sú þróun sér stað dregur það ekkert úr ágæti þeirra kjarabóta sem aðrir njóta á sama tíma. Fyrirliggjandi tölur virðast þó ekki benda til þess að hálaunastörfum á Íslandi hafi fjölgað það mikið á undanförnum árum að merkjanleg breyting hafi orðið á tekjuskiptingunni af þeim sökum.

*Höfundur er aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnuífsins.*




# Sóst eftir ofurlaunum á þingi

UMRÆÐAN
LAUN ALÞINGIS-MANNA



ÁSGERÐUR JÓNA FLOSADÓTTIR

Þegar líður að kosningum, eru margir kallaðir en fáir útvaldir. Framboð einstaklinga er miklu meira en eftirspurnin, sem segir að ekki sé vandkvæðum búið að kjósa menn með heiðarlegar hugsjónir til að vinna landi og þjóð raunverulegt gagn. En hvað eru menn að sækjast í? Jú, þeir eru að sækjast eftir ofurlaunum. En hvað hafa þingmenn í laun? Óbreyttur þingmaður hefur hvorki meira né minna en 708.000 krónur á mánuði auk launatengdra gjalda, sem ég get fest hendi á, og sundurliðast með eftirfarandi hætti; 440.000 krónur í grunnlaun á mánuði, 55.000 krónur sem er starfskostnaður, greiddur heimasími og gemsi 25.000 krónur, niðurgreiddur matur 30.000 krónur, dagblöð fyrir 8.000 krónur, metin vinnuaðstaða á dýrasta svæði á landinu með tækjum, tólum, ritara og öðrum tilheyrandi kostnaði á 150.000 krónur á mánuði. Þá tek ég ekki inn í að allir þingmenn fá bílastyrk eftir 30 km keyrslu samkvæmt dagbók. Ekki er tekið með í reikninginn að þingmenn sem koma utan að landi fá dreifbýlisstyrk. Þá ferðast fjöldi þingmanna út um allan heim á þingmannstíð sinni, svo ekki sé minnst á dagpeningana frægu. Þeir þingmenn sem gegna þingflokks- eða nefndarformennsku fá að auki 15% greiðslu ofan á laun sín. Hafa skal hugfast að þingmenn fá að auki ríkuleg eftirlaun.

Ég spyr? Hvers vegna fá þeir starfskostnað greiddan upp á 55.000 krónur á mánuði. Þarf að borga þeim aukalega fyrir að mæta til vinnu? Ég spyr aftur? Af hverju á þjóðin að borga heimasíma þingmanna og fjölskyldna þeirra. Geta þingmenn ekki keypt sín blöð sjálfir og borgað fyrir sinn heimasíma? Af hverju þarf að greiða dreifbýlisstyrk til þingmanna sem koma utan að landi? Geta þeir ekki borgað þann kostnað sjálfir. Ég fullyrði að hægt væri að kjósa jafn hæfa og jafnvel hæfari frambjóðendur til þings fyrir mun lægri laun en nú tíðkast. Þjóðin er látin ofala þingmenn sína án þess að vera spurð. Hér er um sjálftöku launa að ræða, því ekki spurðu þeir okkur, þjóðina sem greiðir þeim launin. Það er mikil skömm að tugir þúsunda íslendinga þurfa að láta sér nægja 15% af mánaðarlaunum þingmanna sér til framfærslu á mánuði. Það er verið að gera okkur kjósendur að athlægi. Þetta er hreinn og beinn skrípaleikur sem taka þarf á. Dæmi nú hver fyrir sig.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur og kjósandi í Reykjavík.*

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag | |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 8.24 | 13.39 | 18.56 |
| AKUREYRI | 8.12 | 13.24 | 18.37 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

**tilboð** o.fl.

Útsölu á barnafötum að ljúka

BLS. 4



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

*Góðan dag!*

Í dag er föstudagurinn 4. mars, 63. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Einnig úrval af harmonikkumúsik og nótum. Uppl. í s. 690 2020.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



Bragi er iðinn við að „hjálpa til í eldhúsinu", eins og hann orðar það.

# Hjálpar konunni við eldamennskuna

***Ef Bragi Ólafsson rithöfundur fengi að ráða væri alltaf fiskur í matinn. Hann miðlar okkur uppskrift að bragðgóðum og litríkum pastarétti með smokkfiski.***

„Ég er ekki sérlega duglegur að elda en iðinn við að hjálpa," segir Bragi Ólafsson rithöfundur og bætir við brosandi að mest sé hann í því að hoppa í kringum konuna meðan hún sé að elda. Annars er Bragi önnum kafinn við að setja upp bókahillur því hann er nýfluttur og hlakkar mikið til að koma bókakostinum þar fyrir. Í huganum kveðst hann þessa dagana vera að dást að þremur látnum rithöfundum, Ítalanum Italo Svevo, Frakkanum J.K. Huysmans og okkar íslenska Þórbergi Þórðarsyni. „Þetta eru allt menn sem ég vildi verða að," segir hann. Hvað skyldi hann svo sjálfur vera að skálda? „Ég er byrjaður á þremur bókum og leikriti en það er ekki komið fyllilega í ljós hvað ég klára fyrst," upplýsir hann.

En aftur yfir í eldhúsið. Bragi er hrifinn af fiski sem hráefni en vill þó hafa bragðið af hafinu í hófi. Þannig er einmitt rétturinn sem hann deilir með okkur uppskrift að. Þar notar hann svart pasta með smá sjávarkeim enda svarti liturinn kominn úr bleki smokkfisksins.

### TAGLIOLINI MEÐ SMOKKFISKI, SÍLÍ OG HVÍTLAUK

Svart pasta
1 laukur
3 lauf hvítlaukur
1 sílíbelgur
1 ds tómatar
1 dl hvítvín
2 msk sítrónusafi
200 g smokkfiskur
1 búnt steinselja

„Maður steikir lauk, hvítlauk og sílíbelg. Síðan bætir maður tómötum og safanum úr dósinni út í, hellir hvítvíni og sítrónusafa saman við og bragðbætir með salti og pipar. Þetta er látið malla í nokkrar mínútur og smokkfiskurinn sem skorinn hefur verið í strimla er settur út í. Pastað sýður líka á meðan þannig að allt verði tilbúið á svipuðum tíma. Fersk steinselja er svo rifin ofan á diskinn. Þetta er bæði fallegur réttur og rosalega góður og eins og með flestan mat er gott að borða hann kaldan daginn eftir. Þá er komið enn meira bragð."

*gun@frettabladid.is.*

## LIGGUR Í LOFTINU

## *í tilboðum*

**Helmings aukaafsláttur** er nú veittur á tískufatnaði og merkjavöru í versluninni Outlet 10 í Faxafeni 10. Afslátturinn er í tilefni útsöluloka á þeim bæ. Sem dæmi um vöruverð má nefna gallabuxur á 1.990, jakkaföt á 5.990, peysur á 990, dragtir á 3.990 og kápur á 3.490. Outlet er opin virka daga frá 11 til 18 og laugardaga frá 11 til 16.



**Magnað verð** er nú á mögnurum í Hljóðfærahúsinu við Laugaveg 176. Þetta eru bæði gítar-og bassamagnarar frá Fender sem flestir tónlistarmenn þekkja að góðu. Gítarmagnararnir eru með reverb og overdrive og kostar 65 W magnari nú 22.900 krónur og 100 W magnari 29.900.

**Fermingartilboð** er á rafstillanlegum rúmum og dýnum í húsgagnaversluninni Toscana á Smiðjuvegi 2 í Kópavogi. Mesti afslátturinn er 35% af Dorisdýnum í stærðinni 90X200 cm sem áður voru á 42.000 en eru nú á 28.400. Doris er gormadýna sem klædd er með eldtefjandi efni og hana er hægt að fá í mörgum stærðum. Rafstillanlegu rúmin eru á 66.000 til 128.900 eftir stærð og hafa öll lækkað um 10-25%.

**Verslunin Epal** er með nokkur tilboð þessa dagana. Til dæmis er hægt að fá Arena-stól frá Piiroinen á 8.300 krónur en hann var áður á 13.272 krónur. Blár Apollo-stóll frá Erik Jörgensen er nú á 120.000 krónur en var áður á 162.421 krónu. Atlasstóllinn frá Lammhults er nú á 49.800 krónur en var áður á 91.022 krónur. Fleiri tilboð eru í versluninni Epal eins og til dæmis á baðmottum, borðum og lömpum.

**Hljóðfærahúsið** býður nú upp á hundrað volta Fender-bassamagnara á 29.900 krónur sem var áður á 39.900 krónur. Einnig er á tilboði hundrað volta gítarmagnari frá Fender á 29.900 krónur sem var á 39.900 krónur. Síðan er það Yamaha-píanó á 485.000 krónur sem kostaði áður 539.000 krónur. Fleiri tilboð frá Hljóðfærahúsinu er að finna á vefsíðunni tilbod.net.



**Stórlækkað verð** er á raftækjum fram á mánudag í versluninni Rafha á Suðurlandsbraut 16. Keramik sléttujárn eru á 25% afslætti og kosta nú 2.990 krónur. Ofn með tveimur hellum sem tilvalinn er í sumarbústaðinn eða á lítið heimili kostar nú 15.900 og hefur lækkkað um 30% og brauðrist úr burstuðu stáli er seld á hálfvirði, aðeins 1.490 krónur. Þá má fá kæli- og frystiskápa, þvottavélar og margt fleira raftengt á góðum kjörum.

*tilbod@frettabladid.is*






**Vín í mat**
Í stað þess að láta afgang af léttvíni skemmast í flöskunni er hægt að hella því í lítinn plastdall og setja í frysti. Sökum alkóhólsins frýs vínið ekki alveg og auðvelt er að skófla því upp með skeið og nota í sósur og fleira í matargerð.




Smoothies drykkirnir eru:
Engin aukaefni
Enginn viðbættur sykur
Máltíð í flösku!
100% ÁVEXTIR
1 flaska = tveir ávextir
Arka • sími 899-2363





Allt í eldhúsið
Fissler
búsáhöld
KRINGLUNNI
sími 568 6440




Réttir kvöldsins
Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

| Forréttur | verð f/ einrétta | verð f/ þriggja rétta máltíð |
|---|---|---|
| Humarsúpa<br>m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði | kr. 850 | |
| **Aðalréttir** | | |
| Smjörsteiktur skötuselur<br>m/ hvítvínssósu , grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.950 | kr. 3.890 |
| Lambafillet<br>m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.980 | kr. 3.890 |
| Nautalundir<br>m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 3.150 | kr. 3.990 |
| **Eftirréttur** | | |
| Súkkulaðifrauð | kr. 690 | |

Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna Rauðarárstíg 27 www.madonna.is


Loksins hægt að kaupa Aromatic Crispy Duck á Íslandi en Nings býður nú upp á þennan rétt.

# Unaðsleg önd í pönnukökum

*„Aromatic Crispy Duck“ er einn vinsælasti rétturinn á asískum veitingahúsum í Evrópu. Hann er nú fáanlegur í fyrsta skipti hér á landi.*

Asískir veitingastaðir voru óþekktir hér á landi lengi vel og asískri matargerð kynntust Íslendingar á ferðum sínum erlendis. Þetta hefur breyst á undanförnum áratug og hér heima hafa sprottið upp asískir veitingastaðir sem auðga matarmenningu Íslendinga. Einn er þó sá réttur sem hefur ekki fengist hér á landi en það er „Aromatic Crispy Duck“ sem er einn vinsælasti rétturinn á asískum veitingahúsum í Evrópu.

Nú býður veitingahúsið Nings upp á þennan rétt og víst er að margir munu taka því fagnandi.

„Við erum stoltir af því að hafa bætt þessum rétti á matseðilinn,“ segir Hilmar Sigurjónsson, rekstrarstjóri Nings. „Þetta er þessi frægi réttur sem er borinn fram með sérstökum pönnukökum, vorlauk og agúrku að ógleymdri sósunni sem er engu lík. Öndin er hægsoðin í þrjá klukkutíma og maríneruð í sérstakri masterssósu. Svo er hún steikt í ofni við mikinn hita þannig að hún verður stökk. Þetta er ný aðferð, en vandamálið hér heima hefur aðallega verið að hér hafa ekki fengist endur. Nú eru komnir tveir aðilar á markaðinn þannig að við höfum greiðan aðgang að hráefninu.“


Í hverjum skammti eru 18 pönnukökur.

Þegar öndin er tilbúin er hún rifin niður með skeið. Sósan er sett á pönnukökuna, þá vorlaukur og gúrka og síðan nokkrir bitar af önd. Þessu er rúllað upp og bragðið er engu líkt,“ segir Hilmar. „Í hverjum skammti eru 18 pönnukökur og rétturinn er frábær hvort sem er sem aðalréttur fyrir tvo eða forréttur fyrir fjóra. Öndin fæst líka í heimsendingu, en rétturinn kostar rúmlega 3.400 krónur.“

# Hollar og einfaldar pitsur

**1797** Lake lávarður fer fyrir liði breskra hermanna sem kveða niður uppreisn í Ulster á Írlandi.

**1917** Þýski herinn dregur lið sitt í stórum stíl til baka af vesturvígstöðvunum í fyrri heimsstyrjöldinni.

**1933** Frances Perkins verður atvinnumálaráðherra í ríkisstjórn Roosevelts og fyrsta konan til að gegna ráðherraembætti í Bandaríkjunum.

## JARÐARFARIR

Gizur Gottskálksson læknir er 55 ára í dag.



Þorfinnur Guðnason kvikmyndagerðarmaður er 46 ára í dag.



Árni Snævarr blaðamaður er 43 ára í dag.

Halldór Sverrisson líffræðingur er 55 ára í dag.



Friðrik Erlingsson rithöfundur er 43 ára í dag.



Pétur Gautur Svavarsson myndlistarmaður er 39 ára í dag.



Ottó Davíð Tynes tónlistarmaður er 35 ára.



**LAGARFOSSVIRKJUN** 30 ár eru síðan rafmagnsframleiðsla hófst í Lagarfossvirkjun. Nú er stækkun hennar í bígerð og vonast til að henni ljúki vorið 2007.

TÍMAMÓT: LAGARFOSSVIRKJUN 30 ÁRA

# Rafmagn framleitt með Skódavélum

Í dag eru 30 ár síðan orkuframleiðsla hófst í Lagarfossvirkjun. Ákveðið var að ráðast í virkjun Lagarfljóts árið 1971 og tæp fjögur ár liðu þar til orkuframleiðslan gat hafist.

Rafmagnsveitur ríkisins, RARIK, eiga Lagarfossvirkjun og er virkjunin stærst níu virkjana fyrirtækisins; aflið er átta megavött. Til samanburðar má nefna að afl Kárahnjúkavirkjunar verður um 700 megavött.

Sveinn Þórarinsson, verkfræðingur og stjórnarformaður RARIK, var framkvæmdastjóri Norðurverks, verktakafyrirtækisins sem reisti stöðvarhúsið í Lagarfossvirkjun á sínum tíma. „Þetta er mjög einföld virkjun, það var bara tekinn skurður út úr fljótinu og svo sprengt fyrir stöðvarhúsinu,“ segir Sveinn þegar hann er spurður um ágæti Lagarfossvirkjunar. „Hún hefur reynst vel og framleitt mikla orku.“

Sveinn segir framkvæmdirnar hafa gengið vel á sínum tíma. „Þetta var allt mjög skemmtilegt. Við áttum reyndar í nokkrum erfiðleikum með aðföng því vegir voru vondir og hlupu í eitt drullusvað í einn til tvo mánuði á vorin. Þá var einangrunin talsverð, hringvegurinn yfir sandana ekki kominn og leiðin til Akureyrar ekki mokuð yfir háveturinn. Það voru því engir landflutningar, bara sjóflutningar. Nú er þetta allt annað og betra.“

Eins og Sveinn nefndi gengu framkvæmdir vel og hann minnist þess sérstaklega að engin slys hafi orðið eins og oft verður í stórframkvæmdum. Á milli 70 og 80 manns unnu við framkvæmdirnar þegar mest var, allt Íslendingar. Hann minnist þess þó að menn frá Tékkóslóvakíu hafi komið að uppsetningu vélbúnaðarins enda vélarnar frá fornfrægu tékknesku fyrirtæki. „Það eru Skódavélar í virkjuninni og þær hafa reynst mjög vel,“ segir hann.

Stækkun Lagarfossvirkjunar er í bígerð en með framkvæmdum við Kárahnjúka eykst rennsli Lagarfljóts og gefur möguleika á stækkun. Aflið eykst þá upp í 28 megavött, sem er nokkuð meira en samanlagt afl allra virkjana RARIK í dag. Þremur milljörðum króna verður varið til verksins og er áætlað að stærri og öflugri Lagarfossvirkjun verði tekin í gagnið vorið 2007, um sama leyti og Kárahnjúkavirkjun. ■



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Aðalheiður Ósk Jónsdóttir**

Aðalgötu 1, Keflavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 28. febrúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ólafur Ingvi Kristjánsson, Garðar Ólafsson**
**Inga Ósk Ólafsdóttir – Gissur Hans Þórðarson,**
**Heiða Ósk Garðarsdóttir,**
**Ólafur Ingvi Hansson,**
**Brynjar Þór Hansson.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Soffía Einarsdóttir**

Furugrund 54, Kópavogi,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 1. mars. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 8. mars kl. 11.00.

**Björn Helgason,**

**Helgi Björnsson, Einar Björnsson, Alda Ásgeirsdóttir, Björn Ragnar Björnsson, Gréta Mjöll Bjarnadóttir, Soffía Björnsdóttir, Herbert Eiríksson, Arndís Björnsdóttir, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, tengdasonur og afi,*

**Haraldur Guðbergsson**

Barmahlíð 4, Sauðárkróki,

sem lést á Hjartadeild Landspítalans 18. febrúar síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 5. mars klukkan 11.00.

**Ingibjörg Guðbjartsdóttir, Guðbjartur Haraldsson, Jóna Kolbrún Árnadóttir, Guðberg Ellert Haraldsson, Auðbjörg Ósk Guðjónsdóttir, Brynhildur Olga Haraldsdóttir, Eysteinn Pétur Lárusson, Ingi Valur Haraldsson, Guðberg E. Haraldsson, Regína Birkis, Valgerður Ólafsdóttir og barnabörn.**

## ANDLÁT

**Ásdís Emilsdóttir**, Garðvangi, Garði, áður Hringbraut 98, Keflavík, lést þriðjudaginn 22. febrúar. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Anna Kjartansdóttir**, frá Hrauni, Hnífsdal, lést fimmtudaginn 24. febrúar.

**Siggeir Jóhannsson**, bóndi, Núpum, Ölfusi, Sóltúni 5, Selfossi, lést fimmtudaginn 24. febrúar.

**Kristinn Hólm Vigfússon**, Ránargötu 23, Akureyri, lést sunnudaginn 27. febrúar.

**Ingunn Jónsdóttir Gíslason** lést þriðjudaginn 1. mars. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Sigríður Sólveig Runólfsdóttir**, Sunnubraut 48, Kópavogi, lést þriðjudaginn 1. mars.

**Sigurður Jónsson**, Skólavegi 9, Keflavík, lést þriðjudaginn 1. mars.

**Helgi Arason**, fyrrverandi aðstoðarstöðvarstjóri í Búrfellsvirkjun, lést miðvikudaginn 2. mars.


Minningarkort
535 1825
HJARTAVERND
www.hjarta.is • 535 1800


## JARÐARFARIR

13.00 **Björn Þórðarson** læknir, Sörlaskjóli 78, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Neskirkju.

13.00 **Guðmundur Magnússon**, Vogatungu 27a, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

13.00 **Pálína Birna Guðvarðardóttir**, frá Syðri-Brekkum í Skagafirði, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju.

13.00 **Þórarinn Brynjólfsson**, vélstjóri, Þverbrekku 4, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.30 **Þorsteinn Þorsteinsson**, Klettaborg 10, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Guðrún Ólafía Helgadóttir**, Melteigi 7, Garði, verður jarðsungin frá Útskálakirkju.

14.00 **Ingólfur Halldórsson**, frá Syðri-Steinsmýri í Meðallandi, verður jarðsunginn frá Prestbakkakirkju á Síðu.

14.00 **Kjartan Henry Finnbogason**, frá Látrum í Aðalvík, fyrrverandi lögregluvarðstjóri, Vesturgötu 15a, Keflavík, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.

15.00 **Guðmundur Árni Ólafsson Thorlacius** verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

15.00 **Ingólfur S. Ingólfsson**, vélstjóri, Hraunvangi 3, áður Miklubraut 42, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

15.00 **María Sigursteinsdóttir** verður jarðsungin frá Áskirkju.

15.00 **Soffía Þuríður Magnúsdóttir**, frá Túngarði á Fellsströnd, Drápuhlíð 41, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.


IRON MAIDEN
Eddie Rips Up
ICELAND
Tilboð á geislaplötum og
DVD diskum Iron Maiden í
verslunum Skífunnar
SKÍFAN

# sport

sport@frettabladid.is

### Betra er seint en aldrei

Loksins, loksins kom að því að Njarðvíkingar losuðu sig við þá Anthony Lackey og Matt Sayman, Bandaríkjamennina sem spilað hafa með liðinu í Intersport deildinni í vetur. Þeir félagar, og þá sérstaklega Sayman, byrjuðu mjög vel með Njarðvíkingum í haust en þegar leið á tímabilið fór að fjara undan. Frá áramótum hafa þeir kumpánar verið óralangt frá því að standa undir væntingum og löngu orðið ljóst að farið hefur fé betra í Ljónagryfjunni. Njarðvíkingar munu án efa næla sér í nýjan Kana áður en úrslitakeppnin hefst og er það vonandi fyrir liðið að sá hafi meira fram að færa en þeir Lackey og Sayman gerðu undir það síðasta hjá Njarðvík.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

1 2 3 **4** 5 6 7

**Föstudagur**

### LEIKIR

- 19.00 **Víkingur R.** og **ÍBV** mætast í Egilshöll í 1. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 19.15 **Valur** og **Þór Akureyri** mætast í Valsheimilinu í DHL-deild karla í handbolta.
- 19.15 **Fram** og **Afturelding** mætast í Framhúsinu í 1. deild karla í handbolta.
- 19.15 **ÍA** og **Stjarnan** mætast á Akranesi í 1. deild karla í körfubolta.
- 19.15 **Breiðablik** og **Drangur** mætast í Smáranum í 1. deild karla í körfubolta.
- 19.15 **Þór Þorlákshöfn** og **ÍS** mætast í Þorlákshöfn í 1. deild karla í körfubolta.
- 21.00 **HK** og **Völsungur** mætast í Fífunni í 2. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 21.00 **Fjölnir** og **Stjarnan** mætast í Egilshöll í 1. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 21.00 **Huginn** og **Hvöt** mætast í Boganum í Powerade-mótinu í fótbolta.

### SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn.
- 10.25 **EM í frjálsum íþróttum innanhúss** á RÚV. Bein útsending frá **EM í frjálsum íþróttum** í Madríd.
- 16.45 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- 17.45 **Olíssport** á Sýn.
- 17.50 **EM í frjálsum íþróttum innanhúss** á RÚV. Bein útsending frá **EM í frjálsum íþróttum** í Madríd.
- 18.00 **Upphitun** á Skjá einum.
- 19.00 **Motorworld** á Sýn.
- 19.30 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Fréttaþáttur um meistaradeildina í fótbolta.
- 20.00 **World Supercross** á Sýn.
- 21.00 **World Series of Poker** á Sýn.
- 23.15 **K-1** á Sýn.
- 01.05 **Formúla 1** á RÚV. Upphitunarþáttur fyrir keppnistímabilið í formúlu 1 kappakstrinum.
- 01.35 **Formúla 1** á RÚV. Bein útsending frá tímatökunni fyrir kappaksturinn í Melbourne í Ástralíu.

Spænski handboltinn:

## Ciudad Real tapaði

**HANDBOLTI** Möguleikar Ólafs Stefánssonar og félaga hjá Ciudad Real á spænska meistaratitlinum í handbolta eru svo gott sem horfnir eftir eins mark tap gegn Ademar Leon í fyrrakvöld, 29-28. Ciudad Real var með þriggja marka forystu í hálfleik en misstu forskotið niður á klaufalegan hátt í síðari hálfleik.



Ciudad datt niður i fjórða sæti deildarinnar við tapið og er fimm stigum á eftir toppliði Barcelona. Ólafur skoraði tvö mörk í leiknum og kom annað þeirra úr vítakasti. ■

# Haukar sátu eftir

**Grindvíkingar tryggðu sér í gærkvöld áttunda og síðasta sætið í úrslitakeppni Intersport-deildarinnar í körfubolta þrátt fyrir tap gegn KR. Haukar töpuðu naumlega í Njarðvík og sitja því eftir með sárt ennið.**

**KÖRFUBOLTI** Leikirnir í gær voru æsispennandi allt fram á síðustu stundu. Með sigri hefðu Grindvíkingar átt öruggt sæti í úrslitakeppninni og þær voru því mjög taugatrekkjandi mínúturnar sem tók að fá úrslit úr Njarðvík eftir að tap þeirra var staðreynd. Þegar fréttirnar bárust að Haukar hefðu tapað fögnuðu leikmenn Grindavíkur innilega enda áttunda og síðasta sætið í úrslitakeppninni staðreynd.

Það er því ljóst að Grindavík fær það erfiða verkefni að mæta Keflavík í fyrstu umferð úrslitakeppninnar. Snæfell heldur öðru sætinu þrátt fyrir óvænt tap gegn Tindastóli í gær og mætir KR-ingum. Njarðvík mætir ÍR í fyrstu umferðinni og Fjölnir og Skallagrímur eigast við.

Leikurinn í Grindavík var æsispennandi allan tímann. KR-ingar mættu ákveðnir til leiks og ætluðu augljóslega ekki að veita heimamönnum greiða leið í úrslitakeppnina. Aaron Harper lék eins og engill fyrir KR, spilaði gríðarlega góða vörn og endaði leikinn með þrefalda tvennu, 19 stig, 11 fráköst og 10 stoðsendingar. Þá átti hinn ungi Brynjar Björnsson einnig stórleik, skoraði 20 stig á þeim 20 mínútum sem hann spilaði.

Lokasekúndurnar í leiknum voru dramatískar svo ekki sé meira sagt. Harper, sem var frábær fyrir KR á lokakaflanum og skoraði átta síðustu stig þeirra, kom sínu liði í 90-88 þegar 12,4 sekúndur voru eftir. Það var síðan Helgi Jónas Guðfinnsson sem átti lokaskotið í þann mund sem flautan gall en erfitt skot hans hrökk af hringnum. Það átti hinsvegar ekki eftir að koma að sök eins og áður segir.



**ÖRLAGAVALDURINN** Það var karfa Páls Kristinssonar fyrir Njarðvík gegn Haukum 4,6 sekúndum fyrir leikslok sem réð mestu um að Grindvíkingar hrepptu áttunda og síðasta sætið í úrslitakeppninni.

Þrátt fyrir að hafa náð síðasta sætinu í úrslitakeppnina hafa Grindvíkingar verið síður en svo sannfærandi í vetur og tapaði liðið fleiri leikjum en það vann. Hefur það aldrei gerst áður í sögu félagsins.

Í Njarðvík voru það gestirnir í Haukum sem voru með yfirhöndina lengst af en heimamenn söxuðu á forskotið jafnt og þétt. Það var síðan Páll Kristinsson sem skoraði sigurkörfuna tæpum fimm sekúndum fyrir leikslok. Páll fékk þess að auki vítaskot sem hann brenndi af en tíminn var einfaldlega of knappur fyrir Hauka til að minnka muninn og sitja Hafnfirðingar því eftir með sárt ennið.

Af öðrum leikjum bar það hæst að Snæfellingar töpuðu mjög óvænt á heimavelli gegn Tindastóli 94-96 þar sem Svavar Birgisson var að öðrum ólöstuðum maðurinn á bak við sigur gestanna. Hann skoraði 36 stig, þar af átta 3-stiga körfur.

Í Grafarvogi voru nýkrýndir deildarmeistarar Keflavíkur í heimsókn og fóru þeir með sigur af hólmi í hörkuleik, 108-113.

Stjóri Watford fer fögrum orðum um Heiðar Helguson og Brynjar Gunnarsson:

# Leiða með góðu fordæmi

**FÓTBOLTI** Knattspyrnustjóri Watford, Ray Lewington, segir Íslendingana Heiðar Helguson og Brynjar Björn Gunnarsson vera lykilmenn í sínu liði og að hann hafi saknað þeirra sárlega upp á síðkastið. Þeir hafa báðir verið meiddir en verða klárir í slaginn fljótlega og Brynjar verður líklega á bekknum um helgina.

Lewington hefur þurft að leita að lánsmanni til að leysa Brynjar af hólmi og hann varð hreinlega að breyta um leikstíl eftir að Heiðar meiddist.

„Þeir hafa báðir staðið sig frábærlega í vetur. Heiðar byrjaði rólega en hefur farið á kostum eftir að hann komst í stuð. Brynjar er búinn að vera ótrúlegur frá fyrsta degi í vetur. Hann hefur átt frábært tímabil og við söknum þeirra beggja sárlega,“ sagði Lewington og aðdáun hans á íslensku leikmönnunum leynir sér ekki.

„Þessir strákar leiða með góðu fordæmi. Þeir eru ekki bara frábærir leikmenn heldur eru þeir líka frábærir einstaklingar með sterkan karakter,“ sagði Lewington en hann hefur látið bæði Heiðar og Brynjar gegna fyrirliðastöðunni hjá sér í vetur. „Hvorugur þeirra talar mikið en verk þeirra á vellinum tala hærra en nokkur leikmaður. Kannski er það af því að þeir eru Íslendingar. Bretar aftur á móti öskra og tala mikið. En þeir leiða með fordæmi sínu á vellinum.



**Heiðar Helguson** Stjóri Watford er gríðarlega ánægður með Heiðar og Brynjar Gunnarsson enda hafa þeir báðir leikið vel fyrir félagið í vetur.

Þeir gefast aldrei upp og aðrir leikmenn hrífast með af baráttuanda þeirra.“

Það var mikið talað um að Heiðar færi frá félaginu í janúar en ekkert varð af því. Lewington er fullviss um að Heiðar verði hjá félaginu áfram á næsta tímabili.

„Ég er mjög bjartsýnn á að hann verði hjá okkur næsta vetur. Ég veit að hann vill vera hér áfram og við munum ræða framtíðina í sumar. Ég mun gera allt sem ég get til að halda Brynjari en samningur hans rennur út í sumar. Við þurfum á þessum strákum að halda til þess að bæta okkur,“ segir Ray Lewington, stjóri Watford. **henry@frettabladid.is**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Intersportdeildin í körfu*

SKALLAGRÍMUR–KFÍ 101–82

**Stig Skallagríms:** Clifton Cook 31, Jowan Zdravevski 20, George Byrd 18 (14 fráköst), Heiðar Lind Hansson 7, Hafþór Gunnarsson 7, Ragnar Steinsson 6, Áskell Jónsson 2, Jón Jónasson 2, Ari Gunnarsson 2.

**Stig KFÍ:** Joshua Helm 36 (14 fráköst), Pétur Sigurðsson 12, Sigurður Þorsteinsson 11, Tom Hull 9, Baldur Ingi Jónasson 7, Þórir Guðmundsson 3, Shiren Þórisson 2.

FJÖLNIR–KEFLAVÍK 108–113

**Stig Fjölnis:** Nemjana Sovic 34, Jeb Ivey 24, William Coly 20, Magnús Pálsson 13, Pálmar Ragnarsson 7, Brynjar Traustason 6, Guðni Valentínusson 4.

**Stig Keflavíkur:** Nick Bradford 35, Anthony Glover 28, Magnús Gunnarsson 27, Gunnar Einarsson 12, Elintínus Margeirsson 5, Gunnar Stefánsson 3, Halldór Halldórsson.

HAMAR/SELFOSS–ÍR 87–89

**Stig Hamar/Selfoss:** Damon Bailey 21, Marvin Valdimarsson 21, Chris Woods 20, Ragnar Gylfason 9, Hallgrímur Brynjólfsson 8, Svavar Pálsson 6 (12 fráköst), Atli Gunnarsson 2.

**Stig ÍR:** Eiríkur Önundarson 27 (9 stoðs.), Grant Davis 21 (16 fráköst), Ómar Örn Sævarsson 18, The Dixon 13, Ólafur J. Sigurðsson 7, Fannar F. Helgason 3.

GRINDAVÍK–KR 88–90

**Stig Grindavíkur:** Darrel Lewis 29, Jeffrey Boschee 20, Helgi Jónas Guðfinsson 10, Páll Axel Vilbergsson 10, Terrel Taylor 7 (15 fráköst), Þorleifur Ólafsson 6, Morten Szmiedowicz 4, Pétur R. Guðmundsson 2.

**Stig KR:** Cameron Echols 35 (21 fráköst), Brynjar Björnsson 20, Aaron Harper 19 (11 stoðs., 10 fráköst), Jón Ólafur Jónsson 7, Hjalti Kristinsson 4, Steinar Kaldal 3, Lárus Jónsson 2.

NJARÐVÍK–HAUKAR 91–89

**Stig Njarðvíkur:** Brenton Birmingham 29 (7 3-stiga körfur)Páll Kristinsson 21 stig, Friðrik Stefánsson 15 (13 fráköst, 6 stoðs., 6 varin), Guðmundur Jónsson 14, Ólafur Aron Ingvarsson 6 (8 stoðs.), Egill Jónasson 2, Halldór Karlsson 2.

**Stig Hauka:** Kristinn Jónasson 21, Demetric Shaw 20 (9 stoðs.), Mike Manciel 18 (8 fráköst), Sævar Ingi Haraldsson 8, Mirko Virjevic 11 (10 fráköst), Sigurður Þór Einarsson 3, Gunnar Sandholt 2.

SNÆFELL–TINDASTÓLL 94–96

**Stig Snæfells:** Hlynur Bæringsson 15 (8 fráköst), Sigurður Þorvaldsson 20, Pálmi Sigurgeirsson 19, Calvin Clemmons 14 (8 fráköst), Mike Aimes 13, Helgi Reynir Guðmundsson 9, Magni Hafsteinsson 3, Árni Ásgeirsson 1.

**Stig Tindastóls:** Svavar Birgisson 36 (8 3-stiga körfur), Brian Thompson 19 (9 fráköst), Bethuel Fletcher 18, David Aliu 11 (10 fráköst), Kristinn Friðriksson 8, Axel Kárason 4.

### LOKASTAÐAN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KEFLAVÍK** | **22** | **18** | **4** | **2053–1780** | **36** |
| SNÆFELL | 22 | 16 | 6 | 1964–1827 | 32 |
| **NJARÐVÍK** | **22** | **15** | **7** | **1964–1773** | **30** |
| FJÖLNIR | 22 | 13 | 9 | 2077–2021 | 26 |
| **SKALLAGR.** | **22** | **12** | **10** | **1936–1870** | **24** |
| ÍR | 22 | 12 | 10 | 2002–1995 | 24 |
| **KR** | **22** | **11** | **11** | **1948–1887** | **22** |
| GRINDAVÍK | 22 | 10 | 12 | 2038–1975 | 20 |
| **HAUKAR** | **22** | **9** | **13** | **1934–1920** | **18** |
| HAM./SELF. | 22 | 8 | 14 | 1983–2059 | 16 |
| **TINDAST.** | **22** | **6** | **16** | **1879–2115** | **12** |
| KFÍ | 22 | 2 | 20 | 1863–2322 | 4 |

### Í ÚRSLITAKEPPNINNI MÆTAST:

**KEFLAVÍK-GRINDAVÍK**
SNÆFELL-KR
**NJARÐVÍK-ÍR**
FJÖLNIR-SKALLAGRÍMUR

### *1. deild kvenna í körfu*

HAUKAR–KR 88–80

**Stig Hauka:** Ebony Shaw 35, Kristrún Sigurjónsdóttir 11, Ösp Jóhannsdóttir 10, Eva Ólafsdóttir 10, Hanna Hálfdánardóttir 9, Helena Sverrisdóttir 8 (8 fráköst, 8 stoðs.), Pálína Gunnlaugsdóttir 3, Sigrún Ámundadóttir 2.

**Stig KR:** Helga Þorvaldsdóttir 25, Halla M. Jóhannsdóttir 8

### STAÐAN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KEFLAVÍK** | **19** | **16** | **3** | **1513–1201** | **34** |
| GRINDAVÍK | 19 | 12 | 7 | 1171–1170 | 32 |
| **ÍS** | **19** | **11** | **8** | **1234–1160** | **28** |
| HAUKAR | 19 | 10 | 9 | 1298–1218 | 28 |
| **UMFN.** | **19** | **6** | **13** | **1162–1235** | **22** |
| KR | 19 | 2 | 17 | 1114–1418 | 22 |

### *1. deild karla í handbolta*

SELFOSS–GRÓTTA/KR 17–24

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 6 | 5 | 0 | 1 | 170–140 | 10 |
| **GRÓTTA/KR** | **7** | **4** | **0** | **3** | **174–161** | **8** |
| FRAM | 6 | 4 | 0 | 2 | 154–149 | 8 |
| **AFTURELDING** | **6** | **3** | **0** | **3** | **170–166** | **6** |
| SELFOSS | 7 | 1 | 1 | 5 | 176–204 | 3 |
| **STJARNAN** | **6** | **1** | **1** | **4** | **154–169** | **3** |

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Liðsfélagar Jonathans Woodgate styðja hann heils hugar eftir að í ljós kom að hann mun ekkert spila fótbolta í ár. „Við óskum honum alls hins besta og ég sé enga ástæðu fyrir því að hann geti ekki orðið lykilmaður hjá liðinu á næstu leiktíð,“ segir Zinedine Zidane. Woodgate, sem var keyptur til Real Madrid fyrir 13 milljónir punda, hefur enn ekki spilað eina einustu mínútu fyrir félagið.



Jaliesky Garcia og Einar Hólmgeirsson voru atkvæðamestir íslensku leikmannana í þýska handboltanum í fyrrakvöld. Garcia skoraði sjö mörk og var markahæstur hjá Göppingen, sem náði óvænt jafntefli gegn Kiel á útivelli. Andreas Stelmokas skoraði þrjú mörk fyrir Göppingen. Einar skoraði sex mörk og Snorri Steinn Guðjónsson eitt fyrir fyrir Grosswallstadt, sem lá á heimavelli fyrir Essen. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði fjögur mörk fyrir Essen.



Patrekur Jóhannesson er að komast í gang á nýjan leik og skoraði þrjú mörk fyrir Minden, sem vann Wetzlar. Róbert Sighvatsson skoraði tvö mörk fyrir Minden. Þá skoraði Gylfi Gylfason fjögur mörk þegar Wilhelmshavener tapaði fyrir Gummersbach.

8 liða úrslit Meistaradeildarinnar í handbolta hefjast á morgun og eigum við Íslendingar tvo fulltrúa í keppninni. Ólafur Stefánsson verður í eldlínunni hjá Ciudad Real gegn Fotex Veszprem frá Ungverjalandi og þá eiga Logi Geirsson og félagar í Lemgo mjög erfitt verkefni þegar þeir fá núverandi Evrópumeistara, Celje Lasko frá Slóveníu, í heimsókn til Þýskalands. Þess má geta að síðarnefndi leikurinn verður sýndur í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni Sýn og hefst hann klukkan 14.



Það verður án efa mikið um dýrðir í KR-heimilinu í kvöld þegar Herrakvöld félagsins, í umsjón meistaraflokks karla í knattspyrnu, verður haldið, þar sem veislustjóri verður enginn annar en Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi. Verður húsið opnað klukkan 19 en borðhald hefst klukkustund síðar. Boðið verður upp á fjölmörg skemmtiatriði og mun Jóhannes Kristjánsson eftirherma meðal annars stíga á stokk. Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns mun síðan spila fyrir gesti fram eftir nóttu.

Jermaine Pennant er ekki eini knattspyrnumaðurinn sem þarf að dúsa bak við rimlana næstu mánuðina. Í gær var Mads Timm, tvítugur danskur leikmaður í vara- og unglingaliði Manchester United, dæmdur í árs fangelsi fyrir að hafa valdið árekstri þar sem tveir vegfarendur slösuðust alvarlega. Timm var í kappakstri við félaga sinn þegar hann missti stjórn á bifreið sinni með fyrrgreindum afleiðingum og átti sér engar málsbætur. Pennant var í fyrradag dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir að hafa verið staðinn að verki fyrir ölvunarakstur.

Michael Owen fer ekki leynt með ánægju sína með að hafa skorað eitt af mörkum Real Madrid gegn Betis í fyrrakvöld. Owen lék leikinn frá upphafi til enda og minnti rækilega á sig. „Ég var mjög sáttur með minn leik og mér leið vel á vellinum. Það var mikilvægt fyrir mig að skora og sýna fólki að ég er vel fær um að vera í byrjunarliðinu,“ sagði Owen, sem er nú næstmarkahæsti leikmaður Real í deildinni með átta mörk þrátt fyrir að hafa spilað mun minna en aðrir sóknarmenn liðsins. Ronaldo er markahæstur hjá liðinu, hefur skorað einu marki meira en Owen, eða níu stykki.



Myke Tyson hefur enn ekki gefið upp öndina:

# Snýr aftur í hringinn í júní

**BOX** Mike Tyson boðaði í gær endurkomu sína í hringinn en ekki var minnst einu orði á mögulegan andstæðing. Tyson mun etja kappi, líklega við einhvern minni spámann boxheimsins, í Washington þann 20. júní næstkomandi. Tyson staðfesti þetta við blaðamenn þar sem hann var staddur á uppskeruhátíð ítalskra dægurlaga í San Rema. Hvaða erindi Tyson á þangað var látið liggja milli hluta.

Tyson leyfði sér að sleppa af sér beislinu eilítið í samtalinu við blaðamenn og sagði hann meðal annars, í örvæntingarfullri tilraun til að fríska upp á almenningsálitið, að hann hefði setið saklaus í fangelsi í þrjú ár á sínum tíma og fór hann ekki fögrum orðum um dómskerfið í Bandaríkjunum. „Það var lygi sem kom mér í steininn og ég ber enga virðingu fyrir dómstólunum. Árlega þurfa hundruð af saklausu fólki að dúsa bak við lás og slá eftir lygasögur vitna,“ segir Tyson. Hann segist sjálfur hins vegar ekki vera neinn engill.

„En ég er líka ekki bara einhver boxari. Ég er faðir, frændi og málari,“ sagði Tyson stoltur á svip.



**MIKE TYSON** Þeir eru líklega ekki margir sem myndu treysta sér til að mæta þessum manni í bardaga.





Myndir sem fermingarbarnið er ánægt með
Hef opnað ljósmyndaver að Faxafeni 12.
Fermingar-, brúðkaups-, barna- og útskriftarmyndir.
Ljósmyndaver Hörpu Hrundar
Faxafeni 12 - 108 Reykjavík - www.harpahrund.is - sími 517 5550 - gsm 697 6191

## STUÐ MILLI STRÍÐA : „Viltu franskar með þessum geisladisk?“

**BIRGIR ÖRN STEINARSSON** ER KOMIN MEÐ LEIÐ Á SUMUM „STJÖRNUM“.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Hvernig gosdrykk drakk Jimi Hendrix? Eða hvaða hársnyrtivörur notaði Marilyn Monroe? Borðuðu Bítlarnir skyndibita? „Can't buy me love, but we sure like a tasty burger!“

Hér áður fyrr var það þannig að stjörnurnar hefðu getað selt aðdáendum sínum hvað sem er. Í dag eru þær akkúrat notaðar til þess að selja hvað sem er. Þetta var ekki alltaf svona, krakkar, spyrjið bara foreldra ykkar.

Fyrir vikið er fræga fólkið í dag oft ótrúlega pirrandi verur. Hér áður fyrr var glæsilegt að vera kvikmyndastjarna eða poppari. Það var þá eins og að ná ódauðleika að leika í einni kvikmynd. Í dag er það þannig að ef leikkonurnar sýna ekki á sér brjóstin eru þær ekki eins líklegar til að fá annað tækifæri. Svo þegar þær eru búnar að fanga athyglina reyna þær að kreista eins mikinn safa úr tækifærinu og eins fljótt og það getur. Ekki góð hugmynd, því oftast er ávöxtur þeirra fremur óþroskaður eftir svo stuttan feril.

Í dag er til frægt fólk sem gerir ekkert annað en að vera á síðum slúðurblaðanna. Það leikur ekki í kvikmyndum, sjónvarpsþáttum eða gefur út tónlist. Það er eins og Fjölnir, viðskiptakallar sem selja blöðunum réttinn á að skrifa allt slúðrið úr einkalífi sínu. Okkur er í raun öllum skítsama um þetta fólk, því það hefur ekki skilið neitt eftir sig í hjörtum okkar.

Dægurhetjurnar í gamla daga þurftu ekki að selja sig í auglýsingar til að öðlast ódauðleika. Þær létu verkin tala. Það eru enn til stjörnur í dag sem neita að gera þetta, eins og Eminem og Björk, og ekki eru þau neitt minna vinsæl en hin. Kannski er það bara ég, en ég væri til í að poppstjörnur væru bara í því að búa til tónlist og réðu sig ekki í aukastarf sem sölumenn. Ég myndi að minnsta kosti. aldrei fara á tónleika með sölumanninum sem bankaði upp á hjá mér að reyna að selja mér tannkrem. Er þetta eitthvað öðruvísi? ■

# myndasögur

## PONDUS
Eftir Frode Överli




## GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## ÞÚ OG PA
Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott












# Hreyfiafl poppstjarnanna

Klukkan er aðeins rúmlega hálf tíu um morguninn í New York þegar blaðamaður slær á þráðinn til Darrin Henson, danshöfundar og leikara, sem hefur gert garðinn frægan vestan hafs. Darrin er löngu búinn að nudda stírurnar úr augunum enda langur og strangur dagur framundan hjá þessum annasama manni. Hann er á leiðinni í flug til Íslands þar sem hann mun kenna dans í Dansstúdíó World Class seinna í dag og á morgun en hann kenndi líka dans í stúdíóinu á síðasta ári. „Þegar ég kom í fyrra fékk ég frábær viðbrögð og ég býst við enn betri viðbrögðum núna. Fólkið sem ég kenndi var svo áhugasamt og fagnaði dansinum, tónlistinni og menningunni,“ segir Darrin sem er fæddur og uppalinn í Bronx-hverfinu og er sjálflærður dansari frá blautu barnsbeini. „Ég byrjaði að skemmta fólki í hverfinu þegar ég var fimm ára og ég trúi því svo sannarlega að ég hafi verið fæddur til að skemmta fólki. Ég er með þetta í blóðinu og í hjartanu. Ég er algjörlega sjálflærður. Ég hlusta á alla nýju tónlistina og hreyfi mig samkvæmt öllu því nýjasta í popptónlistinni. Það gerist samt allt á götunni. Það er fínt að fara í danstíma í stúdíói en það verður aldrei eins fönkí og á götum úti.“



**DARRIN HENSON** Í danstímanum í fyrra var allt troðfullt hjá Darrin og greinilegt að Íslendingar eru hungraðir í nýjustu „MTV“-danssporin frá New York.

Darrin hefur meðal annars unnið til MTV-verðlauna sem besti danshöfundurinn og unnið með öllum helstu stjörnunum í poppbransanum í dag eins og Usher, Britney Spears, Justin Timberlake og N'Sync, Christinu Aquilera og meira að segja sjálfum konungnum Michael Jackson. Hvernig ætli það sé? „Það er frábært að vinna með stjörnunum. Þannig fæ ég tækifæri til að hjálpa þeim að móta feril sinn,“ segir Darrin sem hefur verið að leika í einum vinsælasta þætti Bandaríkjanna, Soul Food, um fimm ára skeið. „Ég elska dans og leiklist jafn mikið. Síðan er mynd á leiðinni með mér sem heitir Salon og í maí mun ég byrja að leika í myndinni In the Groove. Það er drama sem er byggt á dansi. Ég held að við ættum að segja fleiri sögur um dans því það er svo kröftugt listform.“

Darrin vill ekki gefa út hvort hann sé á lausu eður ei en segir íslenskar stúlkur eiga séns í sig. Svo verður ein klassísk spurning að fylgja í lokin – „How do you like Iceland?“ „Ég elska Ísland. Allir voru svo vingjarnlegir þegar ég kom í fyrra. Síðan fannst mér sniðugt að ég sá alls staðar vörur merktar Henson sem er seinna nafnið mitt. Ég keypti mér fullt af Henson-vörum því ég hef aldrei séð svoleiðis áður.“

Nánari upplýsingar um námskeiðið hans Darrin á Íslandi er að finna hjá Dansstúdíó World Class í Laugum í síma 553 0000 en upplýsingar um Darrin er að finna á vefsíðunni darrinsdancegrooves.com. Námskeiðið er fyrir alla, sama hvar þeir eru staddir í dansinum.

lilja@frettabladid.is










# bíó

**Nýtt á DVD**
Það er lítið lát á straumi myndasögupersóna yfir á hvíta tjaldið. Hellboy er ansi vel heppnuð yfirfærsla á rauða skrattakollinum með afsöguðu hornin af bók yfir á filmu. Ron Perlman fer á kostum í titilhlutverkinu. Myndin er hörkufínt bíó sem er nú komið á DVD. Diskurinn er tvöfaldur og þar er því nóg af góðgæti fyrir þá sem vilja kynnast kauða betur.



*„I hate those comic books. They never get the eyes right.“*

***- Skrímslabaninn Hellboy er með húmorinn í lagi og fullmeðvitaður um að hann á sér annað líf í teiknimyndasögum.***



**Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Denise Richards og Charlie Sheen kynntust við tökur á myndinni Good Advice fyrir fimm árum.

## Denise vill skilnað

Leikkonan Denise Richards hefur sótt um skilnað frá eiginmanni sínum Charlie Sheen. Ástæðan er óásættanlegur ágreiningur þeirra á milli.

Richards, sem er 34 ára, er ófrísk af öðru barni þeirra hjóna en fyrir eiga þau dótturina Sam. Hún verður eins árs í næstu viku. Richards og Sheen kynntust við tökur á myndinni Good Advice árið 2000 og gengu í hjónaband tveimur árum síðar. Ekki er vitað nákvæmlega hvað olli skilnaðinum en vitað er að Sheen var mikill kvennabósi áður en hann gekk að eiga Richards. ■

## Keira flottust

Breska leikkonan Keira Knightley er með flottasta magann samkvæmt vali lesenda bandaríska blaðsins In Touch. Þessi nitján ára stjarna úr Pirates of the Caribbean, King Arthur og Bend It Like Beckham, sem nýverið vakti athygli fyrir að fá sér rassstaðgengil, skaut stjörnum á borð við Jennifer Lopez, Jennifer Garner og Beyoncé Knowles ref fyrir rass. Hún reyndist líka vera eini Bretinn á listanum. Í öðru sæti varð Fergi úr Black Eyed Peas og í þriðja varð söngkonan Gwen Stefani úr No Doubt. ■



**KEIRA KNIGHTLEY** Það var þessi magi sem heillaði lesendur tímaritsins In Touch upp úr skónum.

# Lífið er stefnumótaleikur

Eva Mendes er rísandi kvikmyndastjarna sem kærir sig greinilega mikið um að missa ekki tengslin við hversdagslegu stúlkuna úti á götu. Hún á nokkra daga í það að verða 31 árs, en klæðir sig eins og hver önnur stúlka í menntaskóla. Hún er með hárið í tagl, er í svörtum hljómsveitarbol, í gallapilsi og í leðurstígvélum. Hún passar sig líka á því að benda mér á þessa staðreynd stuttu eftir að hún hefur tyllt sér í sófann á móti mér á Dorchester-hótelinu í London. Þar er hún stödd ásamt samstarfsfólki sínu að kynna myndina Hitch.

Myndin er full af vangaveltum um samskipti kynjanna. Stundum skondnum, stundum alvarlegum. Aðalpersónan þykist hafa sérstakt vit á samskiptum kynjanna og rekur þjónustu sem hjálpar karlmönnum að nálgast draumadísina sína með auknu sjálfstrausti. Auðvitað keyrir svo allt um koll þegar hann sjálfur hittir draumadísina sína.

### Hvítar og svartar konur í Hollywood

Er erfiðara fyrir spænskættaðar stelpur að fá hlutverk í Hollywood? Er mikil samkeppni á milli þín og til dæmis Jennifer Lopez eða Sölmu Hayek? Missir þú til dæmis hlutverk til þeirra?

„Nei, það er mikill misskilningur að það sé bara rúm í Hollywood fyrir nokkrar spænskættaðar leikkonur, eða fyrir örfáa svarta menn eða konur. Þetta eru bara rangar upplýsingar,“ segir Eva og sest upprétt í sófann. Hún hallar sér að borðinu og það er greinilegt að þetta er henni hjartans mál. „Þú verður að afsaka ef ég verð æst út af þessu, þetta skiptir mig miklu máli. Það sem gerist þegar leikkonur á borð við Jennifer Lopez eða Sölmu Hayek verða vinsælar er að þá vilja kvikmyndaverin frekar fá fleiri svipaðar stjörnur inn því þessar stjörnur eru að skapa peninga. Þá vilja stjórarnir skapa fleiri hlutverk fyrir þessar týpur af stúlkum. Þannig búa þeir til fleiri hlutverk handa okkur. Nú er ég hluti af þessu og ég er að búa til fleiri hlutverk fyrir spænskættaðar stelpur í Hollywood. Margir halda að þetta snúist um samkeppni á milli okkar. Það er ekkert meiri samkeppni á milli okkar en Gwyneth Paltrow eða Cate Blanchett.“

Halle Berry hefur nú verið dugleg að kvarta yfir því að það sé ekki nóg um góð hlutverk handa svörtum konum í Hollywood.

„Já, það er líka alveg satt. En það er líka skortur á góðum hlutverkum handa hvítum konum. Það er bara ekki nóg af góðum hlutverkum fyrir konur yfir höfuð. Ég er ekki að kvarta en konum í Hollywood finnst skortur á góðum hlutverkum. Svona er bransinn, honum er stjórnað af karlmönnum. Heiminum er stjórnað af karlmönnum. Nefndu mér einn forsætisráðherra í heiminum sem er kona! Eina konu sem stjórnar fyrirtæki. Ég vil ekki vera eiginkonan eða kærastan, ég vil vera forstjórinn eða forsetinn.“



**EVA MENDES** Þessi glæsilega leikkona sér fram á að hafa nóg að gera og þarf ekki að berjast um hlutverk við Jennifer Lopez og Sölmu Hayek. Henni finnst þó karlpeningurinn ráða allt of miklu í Hollywood.

### Vinnan er aðalatriðið

Eva gefur ekki mikið fyrir glamúrlífið í Hollywood og einbeitir sér að vinnunni. „Að vinna með fólki á borð við Will Smith, Denzel Washington og Matt Damon er ástæðan fyrir því að ég er í þessu. Ég hef engan áhuga á því að sýna sjálfa mig í fínum kjólum hér og þar, sjáðu bara hvernig ég er klædd núna. Mér finnst þetta of yfirborðskennt.“

Þú hefur sagt að þú tengir þig frekar við leikkonur á borð við Sophiu Loren en aðrar leikkonur sem eru starfandi í Hollywood í dag. Hvernig þá?

„Ég man bara eftir að hafa heillast af þeim sem krakki. Þær litu líka meira út eins og ég. Þær eru að minnsta kosti líkari mér en leikkonur á borð við Meryl Streep eða Glenn Close. Þær voru til dæmis með dökkt hár og dökk augu. Það gerðist frekar nýlega að leikkonur eins og ég byrjuðu að fá vinnu.“

Já, Evrópa virðist mun opnari að þessu leyti en Bandaríkin.

„Já, miklu. Ég kom fram nakin í Training Day fyrir nokkrum árum síðan. Allir sögðu mér að ég ætti ekki að gera það því að það myndi rústa ferlinum mínum. Ég benti fólki bara á að ég hefði engan feril til þess að rústa. Eftir að ég gerði þetta varð fullt af fólki í Bandaríkjunum brjálað. Mér finnst þetta ekkert mál. En fólk var mjög hneykslað. Ég sást í þrjár sekúndur og þetta endaði sem Óskarsverðlaunamynd. Mér finnst Bandaríkjamenn oft rosalega þröngsýnir.“

Fer það í taugarnar á þér að þú skulir vera stimpluð sem lituð leikkona í Hollywood, í stað þess að vera bara leikkona?

„Ég er ekkert reið yfir því en það fer stundum í taugarnar á mér. Ég hef reynt að gera allt sem ég get til þess að breyta því. Þegar ég lék í Stuck on You á móti Matt Damon til dæmis. Það hlutverk var skrifað fyrir ljóshærða og bláeygða stelpu. Ég barðist fyrir því og fékk það. Oftast fæ ég ekki þessi hlutverk þar sem þeir vilja hvítar stelpur. Ég reyni bara að halda áfram að berjast.“

### Vondir og góðir kossar

Aðspurð að því hvað það besta við að leika í Hitch hafi verið er Eva fljót að svara.

„Will. Hann er búinn að kenna mér svo mikið. Hann er einn magnaðasti maður sem ég hef hitt í bransanum. Hann er svo góðhjartaður og gáfaður. Hann er frábær í því sem hann gerir og ég lít mikið upp til hans. Spyr hann spurninga og fæ aðstoð.“

Gerðist eitthvað skemmtilegt á tökustað?

„Ég var mjög stressuð fyrir fyrsta kossaatriðið okkar. Þegar ég verð þannig sný ég mér oft að mat til þess að láta mér líða betur. Ég fékk mér túnfisksamloku og þegar ég er að borða hana gengur Will inn í hjólhýsið mitt. Honum krossbrá þar sem við áttum að vera að kyssast eftir nokkrar mínútur. Þá varð ég svo stressuð að ég hélt að ég myndi þurfa að æla.“

Kyssirðu „bíómyndakossa“ eða notarðu tunguna?

„Ég vil kyssast alvöru kossum. Mér finnst bara best að gera þetta eins og þetta er gert.“

Sumum finnst kossar of heilagir til þess.

„Algjörlega. En þetta er vinnan mín. Það var gott að kyssa Will Smith en ég hef líka þurft að kyssa mjög ógeðslegt fólk. Þar á ég við hvernig týpur það eru. En ég verð að gera þetta, þetta er vinnan mín,“ segir hún og það má lesa af andliti hennar að henni er ekki skemmt við tilhugsunina.

Hitch verður frumsýnd í kvikmyndahúsum Skífunnar í næstu viku.

**biggi@frettabladid.is**




# Óperudraugurinn á hvíta tjaldið

Kvikmyndin The Phantom of the Opera, eða Óperudraugurinn, er byggð á samnefndum söngleik Andrew Lloyd Webber sem hefur notið mikilla vinsælda í gegnum árin.

Myndin fjallar um bitran mann sem hefur verið afmyndaður frá fæðingu. Hann er þekktur undir nafninu Phantom og býr í holræsunum undir óperuhúsinu í París. Hann verður ástfanginn af lítt þekktri söngkonu, Christine, sem syngur í húsinu. Brátt fer hann að hrella aðra starfsmenn óperuhússins í þeirri von að Christine fái aðalhlutverkið á fjölunum. Þegar Christine verður ástfangin af æskuvini sínum Raoul ákveður Phantom að ræna henni og loka hana inni í fylgsni sínu.

Phantom of the Opera var á dögunum tilnefnd til þrennra Óskarsverðlauna en fékk engin. Meðal annars var lag Andrew Lloyd Webber, Learn To Be Lovely, tilnefnt en það var leikkonan Minnie Drivers sem flutti það í myndinni.

Auk Driver fara með helstu hlutverk í Óperudraugnum þau Emmy Rossum, Miranda Richardson og Gerard Butler, sem leikur einnig í myndinni Bjólfskviða sem var tekin upp hér á landi síðasta sumar. Hann hefur einnig farið með hlutverk í myndum á borð við Timeline og Lara Croft Tomb Rider: The Cradle of Life. Leikstjóri The Phantom of the Opera er Joel Schumacher sem á meðal annars að baki myndirnar 8 MM, The Client og Phone Booth. ■



**Í HOLRÆSUNUM** Óperudraugurinn rænir Christine og lokar hana inni í fylgsni sínu.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



**Hitch**

Internet Movie Database - 6,8/10
Rottentomatoes.com - 68% = Fersk
Metacritic.com - 58/100



**The Phantom of the Opera**

Internet Movie Database- 7,1/10
Rottentomatoes.com- 35% = Rotin
Metacritic.com- 40/100

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

ALVÖRU ÚTSÖLULOK
50-70% AFSLÁTTUR
OG NÚ 50% AUKA-AFSLÁTTUR
VEITTUR VIÐ KASSA
AF MERKJAVÖRU OG TÍSKUFATNAÐI

ÓTRÚLEGT VERÐ

| | |
|---|---|
| TOPPAR | 750 |
| BOLIR | 500 |
| GALLABUXUR | 1.990 |
| SKÓR | 1.490 |
| PEYSUR | 990 |
| HERRAÚLPUR | 1.990 |
| DÖMUÚLPUR | 2.990 |
| KÁPUR | 3.490 |
| HERRAJAKKAR | 2.990 |
| JAKKAFÖT | 9.990 |
| DRAGTIR | 3.990 |
| SKYRTUR | 750 |
| BARNABUXUR | 1.490 |




opið
virka daga 11-18
laugardaga 11-16

OUTLET 10
FAXAFENI 10

s. 533 1710




Nýr BMW X5
www.bmw.is
Sheer Driving Pleasure

Shadowline - Ný útfærsla af BMW X5 3.0i - 231 hö. kr. 5.890.000

X5 Shadowline / svartur

17" álfelgur, sjálfskipting, BMW Business geislaspilari, sport leðurstýri, aðgerðastýri, BMW mottur, hvít stefnuljós.

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200 • www.bl.is

Með bílinn handa þér

**Kl. 13.05**
*Ég er innundir hjá meyjunum nefnist ný þáttaröð Kristínar Einarsdóttur um íslenska dægurlagatexta, sem verður á dagskrá Rásar 1 næstu föstudaga. Þættirnir verða endurfluttir á laugardagskvöldum.*

# menning

menning@frettabladid.is


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**NÍTJÁNHUNDRUÐ NÆST SÍÐASTA SÝNING Í KVÖLD!**

**Stóra sviðið kl. 20.00**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Í kvöld fös. 4/3 **uppselt**, fös. 11/3 **uppselt**, fös. 18/3 **uppselt**, sun. 20/3 **60. sýning uppselt**, lau. 2/4 **uppselt**, sun. 3/4 **örfá sæti laus**, fim. 7/4 **nokkur sæti laus**, fös. 8/4 **örfá sæti laus**, lau. 16/4.

**ÖXIN OG JÖRÐIN** - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
Lau. 5/3 **örfá sæti laus**, fim. 10/3 **nokkur sæti laus**, fim. 17/3.
**Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.**

**DÝRIN Í HÁLSASKÓGI** - *Thorbjörn Egner*
Sun. 6/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus. Allra síðasta sýning.**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
8. sýn. sun. 6/3 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. lau. 12/3 **örfá sæti laus**, 10. sýn. lau. 19/3 **nokkur sæti laus**, 11. sýn. fim. 31/3 **nokkur sæti laus**.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
**Frumsýning sun. 13/3** kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 20/3 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.

**Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**NÍTJÁNHUNDRUÐ** - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Í kvöld fös. 4/3 **örfá sæti laus**, fös. 11/3 **örfá sæti laus. Aðeins þessar tvær sýningar eftir.** Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Sun. 6/3 **nokkur sæti laus**, lau. 12/3 **nokkur sæti laus**, sun. 13/3, lau. 19/3.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**



**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
**Aðalæfing** Fi 10/3 kl 20 - kr. 1.000,-
**Frumsýning** Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20 - **UPPSELT,**
Lau 5/3 kl 20 - **UPPSELT,**
Su 13/3 kl 20 Fi 17/3 kl 20, Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**
**SÝNIR: OPEN SOURCE**
*eftir Helenu Jónsdóttur*
Su 6/3 kl 20
***Aðeins þessi sýning***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
***Sýningar halda áfram eftir páska.***

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Su 6/3 kl 14 ***Síðasta sýning***

**HOUDINI SNÝR AFTUR**
Fjölskyldusýning um páskana.
Mi 23/3 kl 20, Fi 24/3 kl 15, Fi 24/3 kl 20, Lau 26/3 kl 15, Lau 26/3 kl 20

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Su 6/3 kl 20, Su 13/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20

**BELGÍSKA KONGÓ**
*e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Í kvöld kl 20, Lau 5/3 kl 20, Fi 10/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20 - **UPPSELT,**
***Lokasýningar***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Su 6/3 kl 20 - Umræður á eftir
Su 13/3 kl 20 - ***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**AMERICAN DIPLOMACY**
*eftir Þorleif Örn Arnarsson.* Í samstarfi við Hið lifandi leikhús.
Fö 11/3 kl 20, Lau 18/3 kl 20

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**
*eftir Agnar Jón Egilsson*. Í samstarfi við TÓBÍAS.
Fi 10/3 kl 20, Fi 17/3 kl 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
**Frumsýning** í kvöld kl 20 - **UPPSELT,**
Su 6/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Su 12/3 kl 20, Fö 18/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

**15:15 TÓNLEIKAR**
*CAMMERARCTICA - Lau 5/3 kl 15:15*

**AUSA OG GUÐFRÆÐIN**
*- umræður - Pétur Pétursson prófessor, Sr. Guðný Hallgrímsdóttir prestur fatlaðra, Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur, Guðrún Ásmundsdóttir stjórnar umræðum.*
*Su 6/3 kl 20:50 - á eftir sýningu*

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**
**- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI**
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga**


# *Kirsuberjagarður Halaleikhópsins*



Halaleikhópurinn ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og frumsýnir í kvöld Kirsuberjagarðinn eftir Anton Tsjekhov. Í helstu hlutverkum eru Sóley Björk Axelsdóttir, Örn Sigurðsson og Árni Salómonsson, sem öll hafa leikið áður með leikhópnum.
„Mér vitanlegra hefur leikhópur fatlaðra einstaklinga aldrei tekist á við þetta verk,“ segir Guðjón Sigvaldason leikstjóri. „Við vorum reyndar með Fílamanninn í fyrra og þar var líka mikill metnaður, en þessi hópur hefur aldrei tekist á við klassískt verk áður. Við ræddum þetta mikið í fyrra og það varð ofan á að nú yrði það annað hvort Shakespeare eða Tsjekhov.“ Kirsuberjagarðurinn varð fyrir valinu og frumsýning er nú í kvöld. Næsta sýning verður á sunnudagskvöldið en síðan verður sýnt um helgar svo lengi sem aðsókn leyfir. Sýnt er í sal sem hópurinn hefur til umráða í Hátúni 12.

## EKKI MISSA AF…

… danssýningunni **Open Source** eftir **Helenu Jónsdóttur** á stóra sviði Borgarleikhússins. Síðasta sýningin verður á sunnudagskvöldið.



… einleiknum **Nítjánhundruð**, þar sem **Jóhann Sigurðarson** leikur tónlistarmann sem elst upp á stóru farþegaskipi. Næstsíðasta sýning verður í kvöld.

… sýningunum **Tvívíddvídd** og **Socles du Monde** í Nýlistasafninu að Laugavegi 26. Þeim lýkur báðum um helgina.

**MÁLÞING**

# Barnamenning er mannbætandi

„Hér er fullt af fólki að vinna gott starf fyrir börn og með börnum, en það vill svolítið týnast og vekur ekki jafn mikla athygli eins og það sem er gert fyrir fullorðna,“ segir Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur, sem hefur ásamt fleirum unnið að undirbúningi málþings um barnamenningu sem haldið verður í Gerðubergi á laugardaginn.

Málþingið er haldið á vegum Barnamenningarsjóðs og stendur frá klukkan 9 til 16 á laugardaginn. Fyrir hádegi flytja þau Ragnheiður Þórarinsdóttir, Ármann Jakobsson, Elísabet Bjarklind Þórisdóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Þórunn Sigurðardóttir og Þorvaldur Þorsteinsson fyrirlestra, en eftir hádegi verður fólki skipt upp í fjórar málstofur og loks verður samantekt með pallborðsumræðum.

„Ég kem þarna inn sem áhugamanneskja um barnamenningu og segi frá hugmyndum um stofnun barnamenningarstofnunar sem hefur verið svolítið í deiglunni. Ég ætla líka að kynna skýrslu um stöðu barnamenningar á Íslandi, sem nú er orðin öllum aðgengileg á netinu.“

Aðalmarkmið ráðstefnunar er að efla barnamenningu í landinu og stuðla að auknum tengslum milli aðila sem vinna að menningu barna á mismunandi sviðum og út frá mismunandi forsendum.

Með barnamenningu er átt við nánast allt menningarstarf sem ýmist er unnið með börnum, fyrir börn eða af börnunum sjálfum.

„Allir sem koma að þessu sjá hversu gífurleg áhrif það hefur á þroska barna og lífsgleði þeirra að virkja sköpunarkraftinn og gera þau virkari í sínu lífi frekar en bara óvirka nemendur,“ segir Ragnheiður. „Barnamenning er mannbætandi á allan hátt.“ ■



**SUNGIÐ Í KÓR** Málþing um barnamenningu verður haldið í menningarmiðstöðinni Gerðuberg í Breiðholti á morgun.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS
1 2 3 **4** 5 6 7
**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

- 17.00 Hljómsveitin **Ask the Slave** kemur fram í Smekkleysu Plötubúð, Laugavegi 59.
- 21.00 **Hörður Torfason** er á tónleikaferðalagi um Norðurland og kemur í kvöld fram í Þinghúsinu á Hvammstanga.
- 22.00 **Halli Reynis** með tónleika á Café Rosenberg ásamt nýrri hljómsveit skipaðri Jóni Skugga á kontrabassa, Erik Qvick á trommur og Erni Hjálmarssyni á gítar.
- 23.00 Hljómsveitirnar **Brúðarbandið, Skátar** og **Limill** verða með tónleika ásamt hinum bandaríska **Eric Zero** á Grand Rokk við Smiðjustíg.
- Snúðarnir **Atli** og **Áki** ráða ríkjum á Pravda.
- Hljómsveitin **Bermuda** spilar á Classic Rock, Ármúla 5.
- **Pink** og **Floyd** spila á Laugavegi 22.
- Sveiflukóngurinn **Geirmundur Valtýsson** leikur fyrir dansi í Vélsmiðjunni á Akureyri.

### LEIKLIST

- 20.00 **Alveg brilljant skilnaður**, einleikur **Eddu Björgvinsdóttur**, verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu.
- 20.00 **Halaleikhópurinn** frumsýnir **Kirsuberjagarðinn** eftir Anton Tsjekhov í leikstjórn **Guðjóns Sigvaldasonar**. Sýningar verða í Hátúni 12, Reykjavík.

### SKEMMTANIR

- **Spilafíklarnir** skemmta á Dubliner.
- Rokkdjásnið **Andrea Jónsdóttir** þeytir skífum á Dillon.

### FYRIRLESTRAR

- 20.30 **Halldór Haraldsson** heldur fyrirlestur sem hann nefnir "Hvað opnar DaVinci lykillinn?" í húsi Guðspekifélagsins, Ingólfsstræti 22

### SÝNINGAR

- Sýningu **Sigurðar Örlygssonar** í galleríi Sævars Karls hefur verið framlengt fram á mánudag vegna mikillar aðsóknar.


**LISTMUNAUPPBOÐ**
verður haldið á sunnudagskvöld kl. 19.00 á Hótel Sögu, Súlnasal
**Boðin verða upp um 160 verk, þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna.**
**Verið velkomin að skoða verkin í Galleríi Fold, Rauðarárstíg 14 – 16, í dag kl. 10.00 – 18.00, á morgun kl. 10.00 – 17.00 og á sunnudag kl. 12.00 – 17.00.**
**Sími 551 0400**
Hægt er að nálgast uppboðsskrána á netinu: **www.myndlist.is**
LISTMUNASALA fold ART GALLERY

LEIKSÝNING

# Skilnaður á þriðju hæðinni

„Þetta er svo rakið efni vegna þess að við búum í landi þar sem eiginlega þykir sjálfsagðara að skilja en gifta sig," segir Edda Björgvinsdóttir leikkona. Hún frumsýnir í kvöld einleikinn „Alveg brilljant skilnaður" eftir Geraldine Aron, sem Gísli Rúnar Jónsson hefur þýtt og staðfært.

Edda leikur þar Ástríði, konu sem býr í Grafarvoginum og veitir áhorfendum einlægan og opinskán aðgang að sínum innstu hugarfylgsnum skömmu eftir að eiginmaður hennar yfirgefur hana eftir þrjátíu ára hjónaband til að taka saman við yngri konu.

„Ástríður hefur góðan húmor fyrir sjálfri sér og fattar alveg þegar hún er að gera sig að fífli. Hún er mikið fyrir að sjá hlægilegu hliðarnar á sjálfri sér. Milli þess sem hún fær hefndarþorsta sinn er hún með tárin í augunum og óskar þess að fjölskyldan sameinist aftur."

Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir en sýningar fara fram á þriðju hæðinni í Borgarleikhúsinu, þar sem Píkusögur voru fluttar á sínum tíma. ■


MYND/BALDUR BRAGASON

**HÁLF BRÚÐKAUPSMYND** „Alveg brilljant skilnaður" nefnist einleikur Eddu Björgvinsdóttur sem frumsýndur verður í Borgarleikhúsinu í kvöld.


Nemendamótsnefnd Verzlunarskóla Íslands kynnir
WELCOME TO THE JUNGLE
e. Agnar Jón Egilsson
Sun. 6. Mars kl. 20:00 laus sæti
Þri. 8. Mars kl. 20:00 örfá sæti
Mið. 9. Mars kl. 20:00 laus sæti
Síðustu sýningar!
Pantanir í síma 552-3000 og á netinu á midi.is
www.welcometothejungle.is
Sýnt í Loftkastalanum

TOSCA
Landsbankinn
7. sýn. 4. mars kl. 20 – Uppselt – 8. sýn. 6. mars kl. 19 – Uppselt
9. sýn.12. mars kl. 19 – Uppselt – Síðasta sýning
AUKASÝNING: Fim. 10. mars kl. 20 – Styrkt af Vinafélagi Íslensku óperunnar
Örfá sæti laus
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýningin hefst
Miðasala á netinu: www. opera.is
www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14–18 virka daga, kl. 13–18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.

GERÐUBERG
HVAR ER BARNAMENNINGIN?
Málþing Barnamenningarsjóðs og Gerðubergs.
Laugardaginn 5. mars
Skráning í síma 575 7706
SIGRÍÐUR Í VIGUR
sýnir listaverk úr mannshári í Boganum
Sýningin stendur til 13. mars
ÞETTA VAR NÚ ÓSVIKIN SAGA
Ráðstefna um barnabókmenntir
Laugardaginn 12. mars kl. 10.30 - 13.30
Sýningarnar eru opnar:
kl. 11.00 - 19.00 virka daga
kl. 13.00 - 17.00 um helgar
www.gerduberg.is

www.gerduberg.is
Hvar er barnamenningin?
Málþing Barnamenningarsjóðs
í samstarfi við Gerðuberg og Samband íslenskra sveitarfélaga
Gerðubergi laugardaginn 5. mars kl. 9 - 16
Fyrirlestrar og málstofur: Kynnt verða skapandi verkefni sem unnin hafa verið með börnum víðsvegar um landið sem vonandi verða uppspretta að nýjum hugmyndum, umræðum og aðgerðum!
Menntamálaráðuneytið styrkir málþingið.
Sjá dagskrá og upplýsingar um skráningu á www.gerduberg.is

Ávaxtakarfan
Í AUSTURBÆ
Sun 6.Mars kl.13:30 uppselt
Sun 6.Mars kl.16:30 örfá sæti laus
Sun 13.Mars kl.13:30 sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 alla daga
www.midi.is
www.avaxtakarfan.is
Ísmedia

VODKAKÚRINN
SÍÐUSTU SÝNINGAR
Helga Braga
Steinn Ármann
AUSTURBÆR
Fös. 04/03 2005 kl: 20:00
Lau. 12/03 2005 kl: 20:00
Fös. 18/03 2005 kl: 20:00
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 Alla daga

LANDIÐ VIFRA
Leiksýning byggð á barnaljóðum Þórarins Eldjárns
Fös. 4. mars kl. 14 uppselt
Sun. 6. mars kl. 14 laus sæti
Miðaverð kr. 1.200.
Miðasala s. 562 5060 - www.moguleikhusid.is

KRINGLUKRÁIN UM HELGINA
• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa
Borðapantanir í síma 568-0878
PIZZERIA BAR & GRILL
STUÐ BANDALAGIÐ FRÁ BORGARNESI
www.kringlukrain.is
Restaurant KRINGLU KRÁIN – á góðri stund í mat og drykk

Tenórinn
Sun. 6. mars kl. 20
Síðasta sýning
IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is

Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:
Ástandið
Sögur kvenna frá hernámsárunum
Sun. 6/3 kl. 14.00
Mið. 9/3 kl. 14.00 Uppselt
Sun. 13/3 kl. 14.00
Takmarkaður sýningarfjöldi

THE RETURN OF HOUDINI
Í BORGARLEIKHÚSINU UM PÁSKANA
MÖGNUÐ FJÖLSKYLDUSÝNING!
TÖFRAR! ÁHÆTTA! TRÚÐAR!
TAKMARKAÐUR FJÖLDI SÝNINGA
MIÐASALA Í SÍMA 568 8000
WWW.HOUDINI.IS

BROADWAY
Veislusalir fyrir öll tilefni
www.broadway.is
Sími: 533-1100
Með næstum allt á hreinu
Með næstum allt á hreinu
4 mars upps. 5 mars 12 mars upps.
2 apr. 9 apr. 16 apr. 22. apríl
SÝNINGAR Í SJALLANUM AKUREYRI
20 apr. 21 apr.
Miðasala hjá LA sími: 4 600 200
Hjálmar eins og hann er bestur
Allra meina bjónn...
Alla laugardaga

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
fös 4/3, umræður eftir sýningu
lau 5/3
sun 6/3
Ath! Takmarkaður sýningarfjöldi
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.hhh.is
Brotið
eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann

Talstöðin
FM 90,9

Nítjánhundruð
Frábær einleikur!
Aðeins tvær sýningar eftir:
Fös. 4/3 örfá sæti laus, fös. 11/3 nokkur örfá sæti laus
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

BERMUDA
heldur uppi stuðinu föstudag
Aðgangur ókeypis
Classic Sportbar Ármúla 5
Við hliðina á gamla Hollywood











TÓNLIST

# Frumsýnt á mánudag

Nýtt myndband rappsveitarinnar Quarashi við lagið Payback verður frumsýnt hér á landi í þættinum Fríða og dýrið á Popptíví á mánudag. Myndbandið hefur þegar verið sýnt á MTV-sjónvarpsstöðinni í Japan þar sem Quarashi nýtur mikilla vinsælda. Var platan þeirra Guerillo Disco gefin út þar í landi fyrir skömmu.

Í myndbandinu etja liðsmenn Quarashi kappi við stúlknagengi sem gefur þeim lítið eftir. Var það tekið upp á rallíkrossbrautinni í Kapelluhrauni, á körfuboltavelli í Hafnarfirði og á skemmtistaðnum Prikinu. Leikstjórar myndbandsins eru þeir Samúel Bjarki Pétursson og Gunnar Páll en þeir gerðu síðast myndbandið við lag Quarashi og strákanna í 70 mínútum, Crazy Bastard. ■



**PAYBACK** Lagið var tekið upp víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu.






SJÓNVARP

# Hemmi stýrir stofukaróki

Það var lagið nefnist nýr þáttur sem væntanlegur er á skjáinn þann 25. mars. Það er sjálfur Hermann Gunnarsson sem stýrir þættinum eða Hemmi Gunn eins og hann er svo gjarnan kallaður. „Hemmi er í fullu fjöri og við trúum því að hann muni gera þættinum afar gott. Það er mikill fengur að fá kallinn í sjónvarpið aftur og okkur fannst hugmyndin passa svona líka vel fyrir hann," segir Heimir Jónasson, dagskrárgerðarmaður á Stöð 2, um nýja þáttinn.

„Hugmyndin að þættinum varð til á írskum bar þegar langt var liðið á nóttu og gestirnir farnir að tínast út. Það voru tveir píanóleikarar á staðnum og allir í fínum fíling eins og oft þegar liðið er á kvöldið. Svo fór fólkið að henda orðum og setningum í píanóleikarana og skoruðu á þá að spila þekkt lög út frá orðunum. Þetta var kveikjan að hugmyndinni, sem var þróuð fyrir sjónvarp og hefur slegið í gegn úti um allan heim. Ísland er fertugasta landið sem tekur þáttinn til sýningar."

Að sögn Heimis er þátturinn hin mesta skemmtun fyrir fjölskyldur og vinahópa og upplagður til þess að sitja saman yfir og skemmta sér á góðu kvöldi. „Fólk þarf ekki að örvænta þó Idol sé að yfirgefa skjáinn því þessi þáttur tekur við hlutverki Idols, sem hefur verið að skapa skemmtilegt sjónvarpskvöld fyrir áhorfendur."

Jón Ólafsson og píanóleikararnir Pálmi Sigurhjartarson og Karl Olgeirsson koma allir við sögu í þættinum, sem og hljómsveitin Buff. „Báðir píanóleikararnir hafa með sér tvo gesti svo að úr verða tvö lið. Liðið sem byrjar velur sér tölu og fyrir aftan töluna er orð. Út frá orðinu á liðið að finna eitthvert lag og svo þróast leikurinn áfram út frá þessu. Þarna myndast frábær stemmning og lagatextinn birtist á skjánum þegar lögin eru sungin. Þetta gefur fólki færi á að syngja með heima svo í rauninni myndast um leið eins konar stofukaróki. Hemmi smellpassar inn í þetta allt saman þar sem hann er söngelskur maður og afburðahress eins og allir vita."

hilda@frettabladid.is



**HEMMI GUNN** Sjónvarpsgestir geta kæst yfir því að Hemmi kemur aftur á skjáinn í mars, það hlaut að koma að því. Hann stýrir þættinum Það var lagið en sams konar þættir hafa verið framleiddir um allan heim og slegið í gegn.




V-DAGURINN 8.MARS
SÉRSTAKUR HEIÐURSGESTUR
EVE ENSLER
SEM SKRIFAÐI PÍKUSÖGUR

Landsbankinn
er aðalsamstarfsaðili V-dagsins

ICELANDAIR
DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ
101 hotel reykjavik

kl. 21:00 í Íslensku Óperunni.

**Fram koma:** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, María Ellingsen, Ilmur Kristjánsdóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir, Ellen Kristjánsdóttir, Igore, Lára, Gísli Marteinn Baldursson, Sigurður Kári Kristjánsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ríkharður Daðason, Egill Helgason, Þorgils Óttar Mathiesen, Björn Thors ofl.

VDAGUR
OFBELDIÐ BURT













**ÍRAFÁR** Hljómsveitin Írafár hefur verið í góðri pásu síðan í september á síðasta ári.

TÓNLIST

# Írafár kemur aftur saman

Hljómsveitin Írafár kemur saman á ný eftir hálfsárs pásu í kvöld þegar hún spilar á tónleikum í Mosfellsbæ sem Samfés, samtök félagsmiðstöðva, standa fyrir.

Að sögn Vignis Snæs Vigfússonar, gítarleikara og lagahöfundar Írafárs, ákvað sveitin að taka sér pásu í september eftir að hafa haft í nógu að snúast. „Eftir að við skelltum okkur í að gera aðra plötu ákváðum við að taka pásu. Við vorum búin að spila í ansi mörg ár um hverja helgi og höfðum bara gott af því að sleppa einum jólum," segir Vignir.

Ný plata er væntanleg frá Írafári um næstu jól og er vinna hafin við að finna lög á hana. „Þetta er nú ekki byrjað að mótast. Það var meira rokk á síðustu plötu en þessi gæti verið meira millistig. Við förum líklega aðeins aftur út í meira popp en það verða engar dramatískar breytingar," segir hann. Nýtt lag frá sveitinni kemur út eftir hálfan til einn mánuð, en það hefur ekki enn fengið nafn. Bíða fjölmargir aðdáendur sveitarinnar væntanlega með öndina í hálsinum eftir útkomunni.

Á tónleikunum í kvöld koma fram ásamt Írafár, hljómsveitirnar Jagúar, Á móti sól, Igore og Ísafold ásamt sex sveitum frá félagsmiðstöðvum innan Samfés. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Halle Berry** hefur viðurkennt að vilja ólm eignast börn. Hún segist vona að það sé ekki of seint fyrir hana því hún er orðin 36 ára. „Mig dauðlangar í börn og vona að ég sé ekki búin að missa af tækifærinu," sagði Berry sem segist trúa á karma. Leikkonan vann óskarsverðlaun árið 2002 fyrir besta leik í myndinni Monsters Ball.


www.toyota.is








ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 27415 02/2005

**Kostum hlaðinn Hiace, frá 1.890.000 kr.**

Íslenskir atvinnubílstjórar hafa aðeins góða reynslu af Hiace, enda þjónar hönnunin þeim tilgangi að draga úr óeðlilegu álagi á líkamann. Fjölbreytilegar aðstæður kalla á fjölhæfan bíl, lipran, háan, breiðan, stöðugan, öruggan og umfram allt meðfærilegan. Þetta færðu allt með Hiace og nú á frábæru tilboði.

**Aukahlutir innifaldir í verði:**

Heilsársdekk og álfelgur, grillgrind og toppgrind með 5 slám að verðmæti 205.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Tortilla Soup **8.00** Elling **10.00** Spy Kids **12.00** Beethoven's 4th **14.00** Tortilla Soup **16.00** Elling **18.00** Spy Kids **20.00** Beethoven's 4th **22.00** Snitch (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** Bandits (Bönnuð börnum) **2.00** The Watcher (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Snitch (Stranglega bönnuð börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **21.30** Bravó **23.15** Korter

## OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny H. **8.00** Blandað efni **9.30** Acts Full Gospel **10.00** Joyce M. **10.30** 700 klúbburinn **11.00** Samverustund (e) **12.00** Kvöldljós **13.00** Believers Christian Fellowship **14.00** Joyce M. **14.30** Gunnar Þorst. **15.00** Billy G. **16.00** Maríusystur **16.30** Blandað efni **17.00** Fíladelfía **18.00** Joyce M. **18.30** Fréttir á ensku **19.30** Freddie F. **20.00** Jimmy S. **21.00** Sherwood C. **21.30** Joyce M. **22.00** Blandað efni **22.30** Joyce M. **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Nætursjónvarp

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** Sjáðu (e) **22.00** Idol 2 extra – live **22.33** Jing Jang **23.10** The Man Show

## VIÐ TÆKIÐ | Manngerða spékoppann í fyrsta sæti!

**LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** ER ORÐIN IDOL-FÍKILL.

Jæja, það er Idol-kvöld í kvöld. Næstsíðasta Idol-kvöldið. Úúúú...spennó! Ég er orðin algjör Idol-fíkill! Ég var alls ekki svona í fyrra. Mér finnst keppendurnir í ár meira spennandi. Þau eru eitthvað svo sæt og æðisleg. En auðvitað gerir maður upp á milli og það er alltaf einhver sem heillar meira en annar – annað væri ónáttúrulegt. Í fyrra grét ég úr mér augun þegar Anna Katrín missti röddina. Í ár bíð ég eftir að slíkt hið sama gerist fyrir Hildi Völu sem virðist samt ekki ætla að klikka. Hún er ótrúleg manneskjan. Getur sungið hvað sem er og þessi manngerði spékoppi spillir ekki fyrir sjarmanum. Hildi Völu í fyrsta sæti!

En ég fer ekki af því að skipta ætti formanni dómnefndar, herra Þorvaldi, út fyrir einhvern annan. Hann fer í mínar fínustu. Sem er mjög leitt því hann er einn af fremstu tónlistarmönnum Íslands. Kom okkur meira að segja í annað sæti í Júróvisjón. Nokkuð gott. En hann tekur keppendur í ástfóstur og vill svo ekki viðurkenna þegar þeir taka feilspor. Ég fíla það ekki. Bubbi er minn maður. Segi það og skrifa – B-U-B-I.

En í America's Next Top Model á miðvikudaginn kenndi Mr. Jay, eins og hann er kallaður, stelpunum að farða sig á náttúrulegan hátt. Hmmm...hefur hann litið í spegil nýlega?! Hann er eins og plastdúkka. Eins og hommaleg útgáfa af Ken. Ég vona að þær taki ráðum hans með fyrirvara. En indverska stúlkan var rekin heim fyrir að segja sannleikann. Eru það sem sagt skilaboðin? Módel mega ekki segja sannleikann?



Hún er ótrúleg þessi stelpa! Ég held ég sé ástfangin.






**21.35** *Bíó*

Night Falls on Manhattan. Saksóknari nokkur fær spillingarmál í hendurnar en faðir hans virðist tengdur því.



**20.30, 22.20** *Söngur*

Idol-Stjörnuleit. Aðeins þrír keppendur eru eftir sem keppa um titilinn Poppstjarna Íslands.



**20.00** *Drama*

Jack & Bobby. Þáttur um bræðurna Jack og Bobby en í kvöld á Bobby í erfiðleikum í skólanum.

## SJÓNVARPIÐ

**10.25** EM í frjálsum íþróttum innanhúss

**13.00** Hlé **16.25** Óp **16.55** Táknmálsfréttir **17.05** Leiðarljós **17.50** EM í frjálsum íþróttum innanhúss

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.10** **Disneymyndin – Glópalán** (The Luck of the Irish) Fjölskyldumynd frá 2001 um unglingsstrák og baráttu hans við ráðríkan búálf. Leikstjóri er Paul Hoen og meðal leikenda eru Ryan Merriman, Henry Gibson, Alexis Lopez og Glenndon Chatman.
**21.35** **Rökkvar á Manhattan** (Night Falls on Manhattan) Bandarísk bíómynd frá 1997. Nýkjörinn saksóknari í New York fær til meðferðar spillingarmál þar sem pabbi hans kann að koma við sögu. Leikstjóri er Sidney Lumet og meðal leikenda eru Andy Garcia, Ian Holm, James Gandolfini, Lena Olin, Richard Dreyfuss og Dominic Chianese. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**23.25** Köld eru kvennaráð **1.05** Formúla 1. Upphitunarþáttur. **1.35** Formúla 1. Bein útsending frá fyrri tímatöku fyrir kappaksturinn í Melbourne. **3.00** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** 60 Minutes II (e) **13.25** Deep Purple **14.20** Bernie Mac 2 (1:22) (e) **14.45** The Guardian (4:22) **15.30** Curb Your Enthusiasm (8:10) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.30** Simpsons **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Joey (3:24)** (Joey)
**20.30** **Idol – Stjörnuleit** (21. þáttur. 3 í beinni frá Smáralind) Aðeins þrír söngvarar eru eftir í lokaúrslitum en einn fellur úr keppni í kvöld. Örlög keppenda eru í þínum höndum en úrslitin ráðast í SMS- og símakosningu. Þátturinn er í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind.
**21.50** **Punk'd** (Negldur 3) Falin myndavél þar sem hjartaknúsarinn og leikarinn Ashton Kutcher hrekkir fína og fræga fólkið í Hollywood.
**22.20** **Idol – Stjörnuleit** (Atkvæðagreiðsla. 2 eftir)
**22.45** **Sketch Show 2, The** (Sketsaþátturinn) Húmorinn er dálítið í anda Monty Python og Not the Nine O'Clock News en ýmsir valinkunnir grínarar stíga á stokk.

**23.10** Two Can Play That Game **0.40** Wilbur Falls (Bönnuð börnum) **2.10** Multiplicity **4.05** Fréttir og Ísland í dag **5.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**7.00** The Biggest Loser (e) **7.30** Will & Grace **8.15** Survivor Palau (e)

**17.45** Bak við tjöldin – Making of The Life Aquatic with Steve Zissou **18.00** Upphitun

**18.30** **Queer Eye for the Straight Guy (e)** Sú stund rennur upp í lífi hvers og eins að hann þarf að takast á við sannleikann og stundum verður hver honum sárreiðastur.
**19.30** **The King of Queens (e)** Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans.
**20.00** **Jack & Bobby** Jack býðst til að fylgja Courtney á fjársöfnun föður hennar. Bobby á í erfiðleikum í skólanum. Grace leyfir heimilislausum manni að búa heima hjá þeim í nokkra daga í óþökk sona sinna.
**21.00** **Parenthood** Það er ekki tekið út með sældinni að vera foreldri! Með aðalhlutverk fara Martin Sheen, Dianne Wiest og Mary Steenburger.

**23.05** Law & Order: SVU (e) **23.50** Disclosure **1.55** Jay Leno (e) **2.40** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.00** Nordic Combined Skiing: World Cup Lahti Finland **14.00** Ski Jumping: World Cup Lahti **15.00** Nordic Combined Skiing: World Cup Lahti Finland **15.30** Tennis: WTA Tournament Dubai **16.30** Football: Top 24 Clubs **17.00** Athletics: European Indoor Championships Madrid Spain **20.00** Wrestling: TNA Impact USA **21.00** Poker: European Tour Copenhagen Denmark **22.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **22.30** Adventure: Escape **23.00** News: Eurosportnews Report **23.15** Xtreme Sports: Winter X-games United States **0.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** EastEnders **12.30** Passport to the Sun **13.00** Big Cat Diary **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Step Inside **14.40** Andy Pandy **14.45** The Story Makers **15.05** DIY TV **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Ainsley's Gourmet Express **18.30** Two Thousand Acres of Sky **19.30** Mastermind **20.00** Lenny Henry in Pieces **20.30** I'm Alan Partridge **21.00** Swiss Toni **21.30** Top of the Pops **22.00** Travels with My Unfit Mother **23.00** Clocking Off **0.00** Mohammed Reza Pahlavi – The Last Shah **1.05** Prince Albert

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Demolition Squad **12.30** Demolition Squad **13.00** Demolition Squad **13.30** Demolition Squad **14.00** Demolition Squad **14.30** Demolition Squad **15.00** Demolition Squad **15.30** Demolition Squad **16.00** Demolition Squad **16.30** Demolition Squad **17.00** World's Best Demolitions **18.00** World's Best Demolitions **19.00** World's Best Demolitions **20.00** Top Cat **21.00** Honour Killings **22.00** To Love, Honour And Obey **23.00** Battlefront **23.30** Battlefront **0.00** Honour Killings **1.00** To Love, Honour And Obey

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Vets in Practice **12.30** Emergency Vets **13.00** Cell Dogs **14.00** K9 Boot Camp **15.00** Wildlife SOS **15.30** Aussie Animal Rescue **16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Growing Up... **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Cell Dogs **20.00** K9 Boot Camp **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Wild Africa **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Vets in Practice **0.30** Emergency Vets **1.00** Cell Dogs

**DISCOVERY**
**12.00** True Gladiators **13.00** Planets **14.00** Extreme Machines **15.00** Super Structures **16.00** Jungle Hooks **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A 4X4 is Born **19.00** Myth Busters **20.00** Mind Body and Kick Ass Moves **20.30** Mind Body and Kick Ass Moves **21.00** American Casino **22.00** Extreme Machines **23.00** Forensic Detectives **0.00** Medical Detectives **0.30** Medical Detectives

**MTV**
**12.00** Making the Video **12.30** Making the Video **13.00** Making the Video **13.30** Making the Video **14.00** Britney – In the Zone & Out All Night **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Punk'd **19.30** Viva La Bam **20.00** Wild Boyz **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Party Zone **0.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** MTV at the Movies **20.00** Britney Spears Rise & Rise Of **21.00** Britney's Most Shocking TV Moments **22.00** Friday Rock Videos

**CLUB**
**12.20** Arresting Design **12.45** Famous Homes & Hideaways **13.10** Use Your Loaf **13.35** Single Girls **14.30** Matchmaker **15.00** Cheaters **15.45** Sizzle **16.10** Crimes of Fashion **16.35** Arresting Design **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Single Girls **18.45** Crimes of Fashion **19.15** Arresting Design **19.40** The Roseanne Show **20.25** Cheaters **21.10** The Villa **22.00** Sex and the Settee **22.25** Men on Women **22.50** Sextacy

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Life is Great with Brooke Burke **14.30** Fashion Police **15.00** E! News **15.30** MJ Project **16.00** The E! True Hollywood Story **17.00** The E! True Hollywood Story **18.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **19.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **20.00** Life is Great with Brooke Burke **20.30** Fashion Police **21.00** E! News **21.30** MJ Project **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** Awards Fashion Police **0.00** MJ Project **0.30** MJ Project

**BBC FOOD**
**12.00** Big Kevin Little Kevin **12.30** James Martin: Yorkshire's Finest **13.00** James Martin: Yorkshire's Finest **13.30** Ready Steady Cook **14.00** A Cook's Tour **14.30** Galley Slaves **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Island Harvest **16.00** Island Harvest **16.30** Ready Steady Cook **17.00** Madhur Jaffrey's Far Eastern Cookery **17.30** Food Source Asia **18.00** Chef at Large **18.30** Nancy Lam **19.00** Nancy Lam **19.30** Ready Steady Cook **20.00** A Cook's Tour **20.30** The Great Canadian Food Show **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Dinner in a Box **22.00** Dinner in a Box **22.30** Ready Steady Cook

**CARTOON NETWORK**
**12.05** Top Cat **12.30** Looney Tunes **12.55** Tom and Jerry **13.20** The Flintstones **13.45** Scooby-Doo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** Samurai Jack **16.15** Courage the Cowardly Dog **16.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **17.05** Scooby-Doo **17.30** Looney Tunes **17.55** Tom and Jerry **18.20** The Flintstones **18.45** Wacky Races

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**FORMÚLA 1** *Sjónvarpið* **kl. 1.35.**

### *Formúla 1 á ný*

***Nítján útsendingar verða frá Formúlu 1 í Sjónvarpinu.***

Keppnistímabilið í Formúlu 1-kappakstrinum hefst nú um helgina í Melbourne í Ástralíu. Fjölmargar nýjungar verða í útsendingum Sjónvarpsins frá Formúlumótum í ár. Gagnvirk starfsemi ruv.is og Textavarpsins verður aukin. Einnig verður hægt að hlusta á samskipti Formúluliða í beinni útsendingu Sjónvarpsins. Auk þess að geta fylgst með beinni útsendingu á tímum og upplýsingum á ruv.is verður hægt að hlusta á samskipti keppnisliða í beinni útsendingu Sjónvarpsins. Þetta var reynt í fyrra með góðum árangri og nú hafa rétthafar ákveðið að framhald verði á í fyrstu þremur mótunum; í Ástralíu, Malasíu og Barein.



Formúla 1-kappakstur.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
**„Stay home and eat all the freakin' chips, Kip."**

**Svar:** Napoleon Dynamite úr kvikmyndinni Napoleon Dynamite árið 2004.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni með Sigmundi Erni Rúnarssyni og Sigurjóni M. Egilssyni. **13.01** Hrafnaþing **14.03** Fókus í umsjón Ritstjórnar Fókus. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur. **17.59** Á kassanum með Illuga Jökulssyni. **19.30** Endurtekin dagskrá dagsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Auðlind **13.05** Ég er innundir hjá meyjunum **14.03** Útvarpssagan, Saga sonar míns **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Tónaljóð **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Norrænt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Rúnar Róbertsson

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** Ólafur Hannibalsson. **10.03** Arnþrúður Karlsdóttir - símatími. **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir.

**13.00** Íþróttafréttir **13.05** Endurflutt frá 9-10 **14.03** Gústaf Níelsson **15:03** Óskar Bergsson **16.03** Viðskipti vikunnar í umsjón blaðamanna viðskiptablaðsins **17.05** Íþróttaþátturinn (Helga Magg) **18.00** Optional **20.00** Endurflutningur dagsins

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**▶ 21.00**
*Spil*

**World Series of Poker. Bestu fjárhættuspilarar heims mæta á HM í póker og spennan er í algleymingi.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**16.45** Þú ert í beinni! **17.45** Olíssport **18.15** David Letterman

**19.00** **Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta. Rallíbílar, kappakstursbílar, vélhjól og ótal margt fleira. Einnig verður fjallað um tækninýjungar sem fleygir ört fram.

**19.30** **UEFA Champions League** Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.

**20.00** **World Supercross** (Georgia Dome) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250rsm) í aðalhlutverkum. Supercross er íþróttagrein sem nýtur sívaxandi vinsælda enda sýna menn svakaleg tilþrif.

▶ **21.00** **World Series of Poker** (HM í póker) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn.

**22.30** **David Letterman**

**23.15** K-1

**JETIX**

**12.20** Gadget and the Gadgetinis **12.45** Black Hole High **13.10** Lizzie Mcguire **13.35** Braceface **14.00** Hamtaro **14.25** Moville Mysteries **14.50** Pokémon VI **15.15** Digimon I **15.40** Spider-Man **16.05** Sonic X **16.30** Totally Spies

**MGM**

**13.15** Robot Jox **14.40** Crossplot **16.30** Vigilante Force **18.00** Play Dirty **19.45** Dr. Blood's Coffin **21.15** Ten Seconds to Hell **22.50** Double Trouble **0.15** Where It's at **2.00** Teenage Bonnie and Klepto Clyde **3.30** Outback

**TCM**

**20.00** Operation Crossbow **21.55** Westworld **23.25** Thirty Seconds over Tokyo **1.40** Betrayed **3.30** The Verdict

**HALLMARK**

**12.00** Barbara Taylor Bradford's A Woman of Substance **13.45** Finding Buck McHenry **15.15** Mrs. Lambert Remembers Love **17.00** Touched by an Angel **18.00** Life on Liberty Street **19.30** Law & Order **20.15** Fighting For My Daughter **22.00** Black Fox: Good Men and Bad

**DR1**

**12.00** Udefra **13.00** Mor på trods **13.20** Mik Schacks Hjemmeservice **13.50** Kender du typen? **14.20** Arven **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Boogie Listen **16.00** Shin Chan **16.05** Scooby Doo **16.30** AMIGO **17.00** Fredagsbio **17.10** Angelina Ballerina **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Boom Boom **20.00** TV Avisen **20.30** Cast Away **22.10** Never Talk to Strangers **23.30** Boogie Listen

**SV1**

**14.00** Debatt **15.00** Rapport **15.05** Djurgalen **15.45** Tv-huset **17.00** BoliBompa **17.01** Supersnällasilversara och Stålhenrik **17.30** Johannas matlåtar **17.35** Aladdin **18.00** Amigo **18.30** Rapport **19.00** Så ska det låta **20.00** Friidrott: Inomhus-EM Madrid **21.30** 24 Nöje Melodifestival **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Diamonds **23.50** Sändningar från SVT24









## HRÓSIÐ

*...fær Eva Ensler, höfundur Píkusagna, sem er á leið til landsins. Eva hefur barist gegn ofbeldi og er stofnandi V-dagsins.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | ■ | 4 |
| 5 | | | ■ | 6 | |
| 7 | | ■ | 8 | | |
| | ■ | 9 | | | |
| 10 | 11 | ■ | 12 | | |
| 13 | | 14 | ■ | 15 | |
| 16 | | | 17 | ■ | |
| | ■ | 18 | | | |

**Lárétt:**
**1** óþef, **5** tímamæla, **6** húsdýr, **7** átt, **8** lausung, **9** stærst, **10** hvíldist, **12** óhreinka, **13** vörutegund, **15** til, **16** í hnappheldunni, **18** fuglar.

**Lóðrétt:**
**1** mikil kyrrð, **2** karlfugla, **3** öfug röð ( tvíhljóði), **4** hús, **6** standa straum af, **8** biblíunafn, **11** fjandi, **14** kraftur, **17** grastotti.

**Lausn**

**Lárétt: 1** daun, **5** úra, **6** kú, **7** na, **8** los, **9** mest, **10** lá, **12** ata, **13** ora, **15** að, **16** gift, **18** lóur.
**Lóðrétt: 1** dúnalogn, **2** ara, **3** ua, **4** bústaður, **6** kosta, **8** lea, **11** ári, **14** afl, **17** tó.






## REYKJAVÍKURNÆTUR

**HARPA PÉTURSDÓTTIR** VILL BERA SIG EFTIR BJÖRGINNI

# *Kuldabolar á klakanum*



Hef verið að spá í stefnumótamenninguna á Íslandi undanfarið og bera hana saman við þá menningu sem tíðkast til dæmis á Spáni og í Frakklandi. Íslendingar hafa yfirleitt verið þekktir fyrir að vera lokaðar manneskjur sem erfitt er að komast að. Margir hverjir þurfa að vera sauðdrukknir til að geta rætt við fólk sem þeir þekkja ekki. Er ekki kominn tími til að við reynum að losa okkur við ískalda töffarafrontinn, opna okkur aðeins og bæta úr þessu? Þeir sem hafa búið erlendis þekkja sjokkið þegar einhver labbar upp að manni og sýnir athygli eða forvitnast um mann. Þar þykir það sko ekkert tiltökumál og meira að segja fullkomlega eðlilegt. Er ekki alveg heilbrigt að tala við þann sem manni finnst spennandi og athuga hvort áhuginn sé gagnkvæmur? Maður verður að bera sig eftir björginni og græðir aldrei neitt nema með því að reyna. Nú, ef áhuginn er ekki fyrir hendi er afskaplega lítið mál að segja pent nei takk eða takk ómögulega. Fólk sem hagar sér svona á Íslandi er tekið sem vírdós eða desperat lið. Það á sér enga von í íslensku deitlífi; er litið hornauga og kjaftasögur um það fara á kreik. Málið er hins vegar að spila sig nógu kúl og sýna alls ekki hvað maður er að hugsa, það er listin! Þessi listgrein skilar reyndar ekki alltaf nógu góðum árangri. Best er að láta eins og manneskjan sem þú hefur áhuga á sé ekki á staðnum og sýna öllu öðru fólki áhuga. Þetta er frekar þversagnakennt og telst ekki gáfulegt annars staðar en á Íslandi. Skýringin er auðvitað sú að borgin er lítil og fólk mætti alls ekki átta sig á að þú hefðir tapað kúlinu. Þó við viljum meina að Reykjavík sé stórborg er ekki hægt að týnast í fjöldanum hér og ef þú ert svo óheppinn að misstíga þig situr það í minnum fólks um ókominn tíma. Er ekki töffaralegra að vera opinn, láta bara vaða og sækjast eftir því sem maður vill? Á leiðinni gætirðu kynnst áhugaverðum persónum, víkkað sjóndeildarhringinn og jafnvel endað með því að græða eins og einn vin í safnið. Þessi hegðun er klárlega af hinu góða og ætti að ala upp í fólki frá unga aldri. Gleymum ekki að þeir fiska sem róa!

**BRAIN POLICE**: MEÐLIMIR ROKKSVEITARINNAR ÓSÁTTIR VIÐ SAMTÖK FÉLAGSMIÐSTÖÐVA

# Rokkarar reiðast Samfés




**JÓN BJÖRN RÍKARÐSSON** Hann er ekki sáttur við framgöngu Samfés. Í stað Samfés-ballsins hefur Brain Police í samstarfi við rokksveitina Mínus ákveðið að efna til tónleika á Gauki á Stöng þann 12. mars næstkomandi þar sem verður frítt inn fyrir alla aldurshópa.

Meðlimir rokksveitarinnar Brain Police eru ekki sáttir við Samfés, Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi, eftir að stjórn samtakanna hætti við að láta sveitina spila á balli sem hún stendur fyrir í Mosfellsbæ í kvöld.

„Stjórn Samfés hafði samband og bað okkur um að spila. Síðan birtist grein í DV um að við hefðum leikið á tónleikum til lögleiðingar kannabisefna og þá hætti stjórn Samfés við,“ segir Jón Björn Ríkarðsson, trommuleikari Brain Police. „Stjórnin var svo sniðug að draga það fram á síðustu stundu að skrifa undir samninginn við okkur. Opinber skýring stjórnarinnar er sú að hún vildi frekar vilja láta ungar og upprennandi sveitir spila og að þær sveitir sem væru ekki búnar að gera samning við hana fengju að víkja. Við erum hins vegar búnir að skoða prógrammið og allar aðrar hljómsveitir sem voru á planinu fá að spila.“

Hafsteinn Snæland, framkvæmdastjóri Samfés, segir það rétt að rætt hafi verið við Brain Police. Hann segir hins vegar aðrar ástæður liggja að baki því að hætt hafi verið við að láta sveitina spila. „Félagar í Samfés lögðu hart að okkur að koma unglingasveitum að og við brugðumst við því. Það voru þrjátíu unglingasveitir sem sóttu um en aðeins sex komust að. Við þurftum því að fækka öðrum hljómsveitum,“ segir Hafsteinn. „Ég lét það skýrt í ljós við allar hljómsveitirnar að ekkert væri staðfest fyrr en skriflegur samningur væri gerður.“

Fyrir ári síðan varð uppnám í kringum Samfésballið út af rokksveitinni Mínus. Meðlimir sveitarinnar neituðu að skrifa undir yfirlýsingu, sem Samfés hafði samið, þar sem þeir áttu að bera af sér fréttir um meinta eiturlyfjaneyslu. Mínusmenn lögðu fram aðra yfirlýsingu þar sem þeir sögðust ekki ætla að leika undir áhrifum vímuefna og að þeir hafi aldrei hvatt til vímuefnanotkunar. Það taldi stjórn Samfés ekki nóg og Mínus fékk ekki að spila.

Hafsteinn segir að fréttin í DV, um að Brain Police hafi leikið á tónleikum til lögleiðingar fíkniefna, hafi ekki haft áhrif á ákvörðun stjórnar Samfés. Sjálfur hafi hann ekki séð fréttina en heyrt af henni. „Þegar fréttin birtist vorum við ekki búnir að ákveða hvaða sveitir ættu að spila svo ég skil ekki hvernig þeir í Brain Police geta sagt að allar aðrar sveitir muni spila. Það voru fleiri hljómsveitir sem duttu út,“ segir Hafsteinn og bætir við. „Annars skil ég ekki alveg þessa umræðu því við erum frjáls félagasamtök og hljótum að ráða því hvað við gerum.“

**kristjan@frettabladid.is**






# Sítt að aftan í Vetrargarðinum

Einungis þrír keppendur eru eftir í Idol stjörnuleit og því spennan orðin gífurleg. Þau Davíð, Hildur og Heiða berjast í kvöld um sæti í úrslitaþættinum þann 11. mars. Í kvöld er þemað níundi áratugurinn og gestadómari er Björn Jörundur, söngvari Nýdanskrar. Eins og síðast munu krakkarnir taka tvö lög hvert. Andi níunda áratugarins mun því ríkja í Vetrargarðinum í kvöld og ekki við öðru að búast en stórskemmtilegum Idol-þætti. ■



**AÐALHEIÐUR ÓLAFSDÓTTIR:** Lögin Total Eclipse of the Heart með Bonnie Tyler og Living on a Prayer með Bon Jovi. s: 900-2001, sms: 1918 Idol 1.



**DAVÍÐ SMÁRI HARÐARSON:** Lögin Take on Me með A-ha og Easy með Commodores. s: 900-2002, sms: 1918 Idol 2.



**HILDUR VALA EINARSDÓTTIR:** Lögin Heart of Glass með Blondie og Careless Whisper með George Michael. s: 900-2003, sms: 1918 Idol 3.

» Hyundai Getz

**Verð frá kr. 1.270.000**

Stóri smábílinn frá Hyundai



Með bílinn handa þér



# Geggjaður Getz

"Þessi er alveg ótrúlega léttur og auðveldur í akstri, fyrir utan það hvað hann er kraftmikill. Maður finnur strax muninn. Þá eru litirnir flottir og mælaborðið er töff. Þetta er líka sniðugur bíll með alveg ótrúlega mikinn staðalbúnað. Hann er t.d. með geislaspilara, ABS og meira að segja ISOFIX festingar.
Og farangursrýmið er tvískipt.
Alveg geggjaður bíll!"

**Hyundai Getz GLS 5 dyra, beinskiptur.**
**Þú eignast hann fyrir kr. 1.370.000**
**Bílasamningur kr. 14.300 á mánuði.**
**m.v. 30% útborgun.**
**Einnig er hægt að velja 10% eða 20% útborgun.**
**Við staðgreiðum þann gamla*.**

## Kr. 14.300 á mán.*

HYUNDAI
hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning til 84 mánaða og 30% útborgun. Staðgreiðum þann gamla 45 dögum eftir efhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjafa um í síma 575 1200. Bíll á mynd: Hyundai Getz 1.3 bsk.

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444 Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000









BAKÞANKAR

SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

## Völundarhús

Það er alltaf að gerast að síminn hringir og eins og vera ber tekur maður upp tólið og segir halló. Hinum megin á línunni er kona sem kynnir sig sem Lindu og á meðan maður er að segja ha, já, sæl, heldur hún áfram:

**„HÆ SÚSANNA**, ég heiti Linda og óska þér innilega til hamingju með að hafa orðið fyrir því stórkostlega vali að fá fjögurra daga ferð til Mexíkó fyrir aðeins 99 dollara og allt innifalið. Leyfðu mér að....“ Og mín segir HA? En Linda hlustar ekki, heldur bara eldhress áfram í belg og biðu: „Það eina sem þú þart að gera, er....“ og mín segir: Heyrðu, bíddu aðeins. En Linda er ekki að hlusta og heldur áfram fagnandi röddu að tjá manni hvað maður er mikil lukkunnar pamfíla, sem er á leið til Mexíkó í fjóra daga. Minni er ekki farið að standa á sama og segir: Fyrirgefðu aðeins hérna Linda.... en Linda segir mér að ýta á 1 fyrir einhverja romsu sem hún bunar út úr sér, tvo fyrir enn aðra romsu og svona heldur hún áfram talnakerfið út í það óendanlega. Mín leggur á. Helvítið hún Linda er bara einhver tölva.

**EN LINDA** er ekki af baki dottin, hún hringir á hverjum degi. Og ekki bara hún. Það er líka alltaf verið að hringja frá dagblaði sem heitir Mercury sem segist ekki vera eins andstyggilegt við áskrifendur og Chronicle og eitthvert ComCast sjónvarpskerfi sem býður upp á fimm hundruð grunnstöðvar og nokkur hundruð til viðbótar víða um heim fyrir spottprís. „bara fyrir mig vegna þess að ég sé svo heppin að hafa einmitt skráð símann minn á tiltekinni mínútu á tilteknum degi.“

**ÞAÐ ER ALLTAF** verið að hringja og þykjast ætla að gefa manni heiminn skuldlausan og ég get ekki annað en velt fyrir mér verslunargötunni í hverfinu mínu. Hún er löng og allar verslanirnar eru rússneskar, tékkneskar, eistneskar, japanskar, kínverskar og víetnamskar. Enginn talar ensku. Samt skilur maður handapatið í þeim viðskiptum betur en öllu sem á að gefa manni í gegnum tölvur.





lægra verð í
sjálfsafgreiðslu!
á næstu ESSO stöð*

**Veldu hraða!**
Hjá ESSO getur þú nú sparað tíma og **borgað við dæluna** þegar þú velur sjálfsafgreiðslu.

**Veldu þægindi!**
Láttu okkur um að dæla á bílinn og nýttu þér um leið þá **þjónustu** sem ESSO er þekkt fyrir.

**Veldu ódýrara bensín!**
Þegar þú **dælir sjálf(ur)** á ESSO stöðvunum getur þú treyst því að fá eldsneyti á hagstæðu verði.

Esso

Fiton/SÍA F1006106

*Á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Keflavík, Hveragerði og Selfossi. Safnkortsafsláttur er í formi punkta.



4.0 milljón pixlar
OLYMPUS MJU-MINI
STAFRÆN MYNDAVÉL
Fermingartilboð kr. 27.900



SHARP XL-S10H
HLJÓMTÆKJASTÆÐA
Fermingartilboð kr. 10.900



PIONEER DCS-222
HEIMABÍÓ
Fermingartilboð kr. 49.900

RADIONAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000
BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND